



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ársskýrsla



7. starfsár 2015 - 2016



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir sjöunda starfsár Naustaskóla, 2015-2016. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>. Skólaárið 2013-2014 fór fram endurskoðun á áherslum skólans með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá grunnskóla og voru þá áherslur í stefnu skólans settar fram sem markmið og viðmið um starfshætti eins og sjá má hér á eftir.

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náninni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.



Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.



Áherslur skólans

Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
 - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
 - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
 - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
 - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
 - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
 - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
 - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
 - Allir nemendur lesa á hverjum degi
 - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
 - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
 - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
 - Leikur er nýttur sem kennsluáðferð
 - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
 - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
 - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
 - Á mið- og unglingastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
 - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra



Athvarf

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
 - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjusamt og vingjarnlegt við nemendur
 - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
 - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
 - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
 - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
 - Námsgögn eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
 - Námsgögn allra aldurs hópa innihalda m.a. bóka/lestrarkröka, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
 - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
 - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
 - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu



- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
 - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
 - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tók eru á
 - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
 - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði
 - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

Umhyggja og virðing

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
 - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
 - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
 - Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála
 - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
 - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
 - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
 - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
 - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
 - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
 - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
 - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
 - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
 - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann

Samvinna

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
 - Allir starfsmenn skólans vinna í teyrum
 - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
 - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
 - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
 - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftár eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
 - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
 - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
 - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef



- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
 - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirbyggjandi gögnum
 - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
 - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
 - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
 - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
 - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
 - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

Táp og fjör

Markmið / viðmið um starfshætti

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
 - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
 - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
 - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
 - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
 - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
 - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
 - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
 - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

Allir með!

- Í námi
- Í starfi
- Í leik
- Í ákvörðunum
- Til góðra verka

Naustaskóli 2015 -2016

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri
Kennitala 530109-0110
Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111
Netfang: naustaskoli@akureyri.is
Heimasíða: <http://naustaskoli.is>
Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson.
Deildarstjórar: Bryndís Björnsdóttir og
Aðalheiður Skúladóttir Fjöldi nemenda:
372
Fjöldi starfsmanna: 70



Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendum í skólanum fjölga enn og voru á liðnu skólaári, 2015-2016, ríflega 370 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild árin 2009-2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastigs, verkgreinastofur, miðrymi (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Búið er að reisa stjórnunarálmum sem var tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús sem verður tekið í notkun haustið 2016.

Vorið 2015 var tekin ákvörðun um að hýsa framangreindar leikskóladeildir í húsnæði Naustaskóla til frambúðar og slá þannig af um óákveðinn tíma fyrirhugaða byggingu annars leikskóla í hverfinu, en fram að því hafði vera leikskóladeildanna verið hugsuð sem tímabundið úrræði. Vegna þessa var farið í nokkra endurskipulagningu innanhúss í skólanum á vordögum og um sumarið 2015, frístund og tónmenntastofa flutt o.fl.

Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.





Starfsfólk

Nafn

Aðalheiður Reynisdóttir
 Aðalheiður Skúladóttir
 Agnes Þorleifsdóttir
 Alexander Gunnarsson
 Almar Vestmann
 Andri Snær Stefánsson
 Aníta Jónsdóttir
 Anna Margrét Helgadóttir
 Atli Sveinn Þórarinnsson
 Ágúst Frímann Jakobsson
 Árni Hrólfur Helgason
 Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
 Áslaug Hallbjörnsdóttir
 Berglind Bergvinsdóttir
 Birgitta Rós Laxdal
 Björn Benedikt Benediktsson
 Bryndís Björnsdóttir
 Brynja Elín Birkisdóttir
 Brynjar Hermannsson
 Dögg Stefánsdóttir
 Elfar Árni Aðalsteinsson
 Elín Hulda Einarisdóttir
 Elva Rósa Helgadóttir
 Eva Björg Skúladóttir
 Gréta Björk Halldórsdóttir
 Guðrún Huld Gunnarsdóttir
 Guðrún Inga Hannesdóttir
 Guðrún Valdís Eyvindsdóttir
 Guttí Guttesen
 Gyða Björk Aradóttir
 Hafdís Björg Bjarnadóttir
 Halla Björg Davíðsdóttir
 Halla Jóhannesdóttir
 Harpa Hrönn Gunnarsdóttir
 Harpa Mjöll Hermannsdóttir
 Heiða Björg Guðjónsdóttir
 Helga Kolbeinsdóttir
 Helgi Valur Harðarson
 Herdís Margrét Ívarsdóttir
 Hrafnhildur Stefánsdóttir
 Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir
 Hulda Berglind Árnadóttir
 Hulda Davíðsdóttir
 Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir
 Inga Vala Magnúsdóttir
 Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir
 Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir
 Kolbrún Eva Helgadóttir

Starfsheiti

iðjubjálfi
 deildarstjóri
 stuðningsfulltrúi
 stuðningsfulltrúi
 Skólaliði
 kennari
 kennari
 bókaforður
 kennari
 skólastjóri
 kennari
 kennari
 skólaliði
 kennari
 stuðningsfulltrúi
 kennari
 deildarstjóri
 leiðbeinandi
 umsjónarmaður
 kennari
 kennari
 kennari
 skólaliði
 námsráðgjafi
 kennari
 ritari
 kennari
 stuðningsfulltrúi
 skólaliði
 kennari
 þroskaþjálfari
 þroskaþjálfari
 kennari
 skólaliði
 stuðningsfulltrúi
 stuðningsfulltrúi
 skólaliði
 kennari
 kennari
 forst.m. Frístundar
 skólaliði
 kennari
 þroskaþjálfari
 kennari
 skólaliði
 kennari
 kennaranemi
 skólaliði

Meginstarfssvið

í barnsburðarleyfi
 stjórnun
 8.-9.-10.bekkur
 4.-5.bekkur/frístund
 gæsla/ræsting/frístund
 6.-7. bekkur
 8.-9.-10 bekkur
 bókasafn
 íþróttakennsla
 stjórnun
 8.-9.-10.bekkur
 8.-9.-10.bekkur
 gæsla/ræsting
 2.-3.bekkur
 1. bekkur
 8.-9.-10.bekkur
 stjórnun/sérkennsla
 tónmennt
 húsvarsla
 í leyfi
 6.-7. bekkur
 2.-3. bekkur
 mötuneyti
 ráðgjöf
 1.bekkur
 afgreiðsla/upplýsingar
 1.bekkur
 6.-7.bekk
 gæsla/ræsting
 heimilisfræði
 stoðkennari 4.-5.bekk
 1.bekkur
 myndmenn
 gæsla/ræsting
 2.- 3. bekkur
 stuðningur í 6.-7.bekk
 frístund
 hönnun og smíði/íþróttir
 8.- 9.- 10.bekkur
 umsjón með Frístund
 gæsla/ræsting
 forfallakennari
 stoðkennari 6.-7.bekk
 stoðkennari 2.-3.bekkur
 gæsla/ræsting
 forfallakennari
 6.-7. Bekkur
 eldhús



Kolbrún Sigurðardóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/Frístund
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	6.-7. Bekkur
Kristín Margrét Gísladóttir	kennari	4.-5. bekkur
Kristín Sigurðardóttir	kennari	2.- 3. Bekkur
Lilja Þorkelsdóttir	kennari	2.- 3. bekkur
Magnús Jón Magnússon	kennari	8.-9.-10. bekkur
Matthías Pétur Davíðsson	aðst.matráður	mötuneyti
Salóme Ýr Svavarsdóttir	stuðningsfulltrúi	í barnsburðarleyfi
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	4.-5. Bekkur
Sigurgeir Ólafsson	matreiðslumaður	mötun/starfsm. Naustatjarnar
Sigurlaug J. Jóhannesdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Stefán Smári Jónsson	kennari	4.-5. bekkur
Sunna Alexandersdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Svandís Þóroddsdóttir	skólaliði	Frístund
Særún Magnúsdóttir	kennari	6.-7.bekk
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Þorsteinn Marinósson	kennari	íþróttakennsla
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	4.-5.bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	kennari	íþróttakennsla
Þórunn Erlingsdóttir	kennari	íþróttakennsla

Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.GBH	12	8	20	Gréta Björk Halldórsdóttir
1.GIH	13	8	21	Guðrún Inga Hannesdóttir
2/3.BB	11	9	20	Berglind Bergvinsdóttir
2/3.EHE	12	7	19	Björn Benedikt Benediktsson
2/3. KS	9	9	18	Kristín Sigurðardóttir
2/3 LÞ	10	10	20	Lilja Þorkelsdótti
2/3.SA	10	9	19	Stefán Guðnason
4/5. KMG	9	9	18	Svala Einarisdóttir
4/5. SJI	9	9	18	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
4/5. SSJ	9	10	19	Stefán Smári Jónsson
4/5.ÞÝS	11	8	19	Þóra Ýr Sveinsdóttir
6/7. AS	11	10	21	Andri Snær Stefánsson
6/7. KS	10	11	21	Kolbrún Sigurgeirsdóttir
6/7. SM/EÁA	11	10	21	SærúnMagnúsdóttir/ElvarAðalsteinss
8/9/10. AHH	11	6	17	Árni Hrólfur Helgason
8/9/10 AJ	4	13	17	Aníta Jónsdóttir
8/9/10 ÁKG	11	6	17	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
8/9/10 BBB	9	6	15	Björn Benedikt Björnsson
8/9/10 HÍ	8	8	16	Herdís Ívarsdóttir
8/9/10. MJM	11	5	16	Magnús Jón Magnússon
	201	171	372	

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru töluvert í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifa kennarateymanna aftar í skýrslunni en varðandi skólann sem heild má nefna eftirfarandi:

- Komin er hefð á að nemendur í 7. bekk fari í skólabúðir að Reykjum og að nemendur í 4. bekk fari í skólabúðir í Bárðardal. Í vor var svo einnig farið í fjögurra daga útskriftarferð með 10. bekk.
- Naustaskóli tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni og stóðu báðir fulltrúar skólans sig prýðisvel þó ekki höfum við hrepppt verðlaunasæti þetta árið.
- Lególið skólans fór til keppni í Reykjavík .
- Heimsóknir bárust frá fjölmörgum skólum og öðrum aðilum á skólaárinu.



Skólahreystilið Naustaskóla 2015-2016

Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:10 að morgni og lauk kl. 13:00 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kenndar voru 30x40mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x40 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8-10. bekk voru í skólanum sem svarar 37x40 mínútum.


Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti.





Stjórnun og skipurit

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans orðnir þrír talsins. Gengið var út frá eftirfarandi skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti við og umsjón með starfsmannateyrum.



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móttun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 9 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.



Í skólaráði 2015-2016 sátu Ágúst Jakobsson skólastjóri, Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri, Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri, Berglind Bervinsdóttir og Valdís Rut Jósavinsdóttir fltr.kennara, Inga Vala Magnúsdóttir fltr.starfsmanna, Gísli Rúnar Magnússon fltr. hverfisnefndar, Áshildur Hlín Valtýsdóttir fltr. foreldra, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra.

Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúi í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur var tekin upp sú nýbreytni að stjórnendur funduðu vikulega með hverju teymi. Stjórnendur skiptu teymunum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teymunum allan veturinn, einnig boðuðu stjórnendur teymismeðlimi reglulega í „óformlegt spjall“ einstaklingslega. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teymum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum, kennarar voru ánægðir með aðkomu stjórnenda og töldu setu þeirra á fundum hafa skipt máli og veitt teymunum mikinn stuðning. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.30 – 16.00. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður. Þessir fundir voru einnig nýttir í nefndarstörf. Starfsmannafundir voru á þriðjudögum kl. 14:00-14:30. Þeir hófust jafnan á hróshring þar sem starfsmenn koma á framfæri hrósi og þökkum fyrir það sem vel er gert en síðan var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaárinu voru formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, vikulega á þriðjudagsmorgnum.

Á fimmtudögum kl.14:00-15:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum skv. endurmenntunaráætlun. Þessir fundir voru m.a. nýttir fyrir ráðgjafa HA í byrjendalæsi, orð af orði og aðra fræðslu.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir: Ari Orrason 10. bekk, Ágúst Már Steinþórsson 10. bekk, Guðný Birta Pálsdóttir 9. bekk, Haraldur Bolli Hiemisson 8. bekk, Baldur Ásgeirsson 7. bekk, Sigurður Hrafn Ingólfsson 6. bekk, Viktor Sigurðarson 5. bekk og Dagbjartur Búi Dvíðsson 4. bekk.

Varamenn í nemendaráði voru: Andras Snær Unason 10. bekk, Ólafur Anton Gunnarsson 9. bekk, Sigurður Bogi Ólafsson 8. bekk, Jóna Margrét Arnarsdóttir 7. bekk, Björgvin Máni Bjarnason 6. bekk, Diljá María Jóhannsdóttir 5. bekk og Kristbjörg Eva Magnadóttir 4. bekk.

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni.



Nemendaráð fundaði 8 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem „**viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.**”

Við höfum skilgreint nám sem „**ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.**”

Kennslu skilgreinum við þannig: „**Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.**”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efli skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi” og „Orð af orði” í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

c) Smiðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum” þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

d) Þemavinna. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldursstigum saman í vinnuhópa.

e) Íþróttir og sund. Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara tvisvar sinnum í viku í íþróttir í Íþróttahúsi Síðuskóla, en nemendur í 4.-9. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.





Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2015-2016 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, kvikmyndir, legó, jóga, upplýsingatækni, myndmennt, textílmennt og taubrykkt, verkleg knattspyrna og starfsnám innan skóla eða í samstarfi við Naustatjörn. Þá voru nemendur 2,5 kennslustundir á viku í áhugasviðsvali þar sem nemendur gátu sinnt sínum áhugasviðum og dýpkað þekkingu sína og leikni á þeim sviðum sem hugur þeirra stóð til, list- og verkgreinakennarar voru til staðar í þessum tímum nemendum til aðstoðar.

Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Félagsmiðstöðvaval, fjármálalæsi, flugunýtingar og stangveiði, frönsku, handboltaskóli, knattspyrnuskóli, líkamsrækt, heilsurækt, leiklist, rafiðnir, raungreinar verklegt og tréiðnir. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2016 var notuð sama aðferð og árið áður þ.e. að prenta út markmiðalista úr mentor ásamt nokkuð ítarlegri almenntri umsögn um nemendur. Notast var við svokallaða „námsframvindueningu“ í mentor en mat á hæfni nemenda fór fram jafnt og þétt allt skólaárið, við matið safnast ýmis gögn sem haldið er til haga í námsframvindueningunni en einnig í verkefnabókum í Mentor (t.d. einkunnir úr áfangakönnunum, upplýsingar um lestrarhraða o.fl). Markmiðalistarnir voru afhentir nemendum á skólaslitum nú í vor ásamt umsagnarblaði frá umsjónarkennara þar sem lögð var áhersla á að gefa hvetjandi og leiðbeinandi umsögn til nemenda. Með þessu móti var leitast við að gera foreldrum kleift að fylgjast jafnt og þétt með námsframvindu barna sinna. Námsmöppur voru einnig sendar heim reglulega yfir veturinn og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni nemenda. Nú í vor var foreldrum síðan boðið að koma og skoða námsmöppur barna sinna á skólaslitadaginn. Að öðru leyti vísast til skrifta kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan þetta árið varð að um 93% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það aukning um fjögur prósentustig frá fyrra ári.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 76 % nemenda þá þjónustu en það örlítill aukning frá fyrra ári.

**Frístund**

Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15. Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru til að byrja með tæplega 90 börn í Frístund til að byrja með en 86 mestan part vetrar.



Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókgjafir frá velunnurum skólans. Anna Margrét Helgadóttir var í vetur í 50% stöðu við safnið og annaðist hún umsjón með safninu og útlán, með fulltingi Guðrúnar skólaritara.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístundar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvols, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl. Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.



Endurmenntunaráherslur 2015-2016

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

Veturinn 2014-2015 voru eftirfarandi áherslupættir lagðir til grundvallar í starfsáætlun:

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími	Niðurstaða
Jákvæður agi	Allir	Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum.	Kennara- og fræðslufundir og reglulegir fundir verkefnisstjóra með teyllum	Gekk eftir að hluta
Teymisvinna	Kennarar	Kennarar verði öruggari í vinnubrögðum í teymi og haldi áfram markvissri þróun þeirra og tileinki sér verklagsreglur og vinnulag í teyllum.	Hópefli í ágúst og september. Vikulegir fundir stjórnenda með hverju teymi.	Gekk eftir
Byrjendalæsi	Kennarar á yngri stigi	Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluáðferðin festist í sessi.	ágúst, eftirfylgni allan veturinn	Gekk eftir
Orð af orði	Kennarar á eldri stigi	Að kennarar í 4.-10. bekk læri að beita kennsluáðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.	Ráðgjöf frá HA eftir þörfum hvers teymisog samráðsfundir.	Gekk eftir að hluta
PALS	Kennarar í 2.-7. bekk	Að kennarar verði færir um að nýta PALS lestrarþjálfunaraðferðina	Eftirfylgni og samráðsfundir.	Gekk ekki eftir
Aðalnámsskrá	Allir	Að kynna nýja aðalnámsskrá og vinna að innleiðingu hennar í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA og aðra skóla bæjarins.		Gekk eftir að hluta
Að verða hluti af heild	Skólaliðar og stuðn.fltr.	Styrkja skólaliða og stuðningsfulltrúa í starfi og fræða um ýmsar fatlanir o.fl.	ágúst	Gekk eftir
Jafnréttis- og ofbeldisfræðsla	Allir	Að gera starfsmenn meðvitaða um jafnréttismál og jafnréttisstefnu skólans.	Fræðsla og umræða á starfsmannafundum á haustönn.	Gekk eftir að hluta
Námsaðlögun / námsstílar	Allir kennarar	Að samræma skilning og viðhorf kennara til námsaðlögunar og þjálfar þá í mismunandi nálgunum við kennslu. Kynning á námsstílum Dunn og Dunn ásamt hugleiðingum og hugmyndavinnu um hagnýtingu. Fræðsla og umræður um skipulag námssvæða o.fl.	Kennarafundir desember-apríl hugsanleg nýting leshringa	Gekk eftir að hluta
Náms-samfélag	Stjórnendur / allir	Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla.	Allur veturinn	Gekk eftir að hluta
Starfendarrannsóknir	Kennarar	Að styðja við markvissa starfsþróun hjá kennurum og um leið við þróun skólastarfsins	Janúar til maí	Gekk ekki eftir
Einhverfufræðsla	Allir	Starfsmenn kynnist einkennum einhverfunnar og hvernig skipulag námsumhverfis og kennslu einhverfra barna er háttað.	ágúst	Gekk eftir

Í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir endurmenntun hvers hóps fyrir sig.

Jákvæður agi - gæðahringir



Uppeldisstefna skólans nefnist „Jákvæður agi“. Stefnan er þróuð út frá svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu. Hugmyndafræðin „Jákvæður agi“ gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst með gæðahringum (bekkjarfundum). Viðhorfs- og hæfniþættirnir eru:

- **Sjálfsstraust.** (Viðhorf nemanda: „Ég get“) Til að þróa með sér sjálfsstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómar um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- **Að tilheyra.** (Viðhorf nemanda: „Ég tilheyri og mín er þörf“). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.
- **Áhrif.** (Viðhorf nemanda: „Ég hef áhrif á umhverfi mitt og líf“). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu.
- **Innsæi/tilfinningagreind.** Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsaga, sjálfsstjórn og að læra af reynslunni.
- **Samskiptahæfileikar.** Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.
- **Ábyrgð.** Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika.
- **Dómgreind.** Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati.

Gæðahringir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Í vetur unnu kennarar samkvæmt áætlun sem miðaði að því að þjálfar nemendur í framkvæmd gæðahringja og haldnir voru nokkrir fræðslufundir fyrir kennara og aðra starfsmenn. Aníta Jónsdóttir námsráðgjafi og verkefnisstjóri í jákvæðum aga annaðist umsjón með verkefninu.

Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Til að svo megi verða þurfa báðir aðilar að leggja nokkuð af mörkum. Lagt hefur verið upp með eftirtalda fasta liði í samstarfinu:

- Viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur snemma á skólaárinu með það í huga að setja markmið fyrir veturinn og skilgreina ábyrgð aðila. Í viðtölunum er rætt um námsleg og félagsleg markmið fyrir nemendur, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Því samkomulagi sem gert er í haustviðtölunum er fylgt eftir með nemenda- og foreldraviðtölum, þ.e. að umsj.kennarar setjist reglulega niður með hverjum og einum nemenda, fari yfir þau markmið sem sett hafa verið og hjálpist að við að meta árangur. Þá ræða foreldrar einnig við nemendur og upplýsingum er miðlað milli heimila og skóla. Miðað er við að þetta gerist a.m.k. þrisvar sinnum yfir veturinn.



- Haldnir eru morgunfundir með foreldrum snemma í september þar sem starfið er kynnt, tilnefndir eru bekkjarfulltrúar o.fl.
- Samskipti eigi sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða er til. Hvert umsjónarkennarateymi sendir út tölvupósta til upplýsingamiðlunar á föstudögum.
- Foreldrafélag skólans hlutast til um að til staðar séu bekkjarfulltrúar og gerð sé áætlun um félagsstarf umsjónarhópsins um veturinn. Ætlast er til að foreldrar skipti með sér verkum t.d. varðandi framkvæmd bekkjarkvölda o.fl.
- Mánaðarleg fréttabréf eru send með tölvupósti til foreldra, heimasíða er notuð til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum.
- Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og hvetjum við foreldra til að kíkja við í skólanum og fylgjast með starfinu. Við bendum t.d. á samverustundir nemenda og hvers kyns sýningar og uppákomur í einstökum árgöngum eða námshópum, en einnig er afar gott að sjá foreldra í venjulegum kennslustundum. Opnar vikur eru tvisvar yfir skólaárið þar sem foreldrar eru sérstaklega hvattir til heimsóknna.
- Sjálfboðaliðastörf foreldra eru alltaf vel þegin, hvort sem er við gangbrautavörslu, gæslu í frímínútum eða matartíma, aðstoð í kennslustundum, kynningu á atvinnu eða áhugamáli, þátttöku í ferðum o.s.frv. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara eða stjórnend ur ef þeir hafa tök á að vinna slíka vinnu.
- Varðandi heimanám er gert ráð fyrir að línur séu lagðar fyrir hvern nemanda í viðtali að hausti og að heimavinna sé ætíð í samráði við forráðamenn nemenda.
- Foreldrar við skólann starfrækja Foreldrafélag Naustaskóla. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Félagið starfar skv. sérstökum lögum en á vegum þess eru einnig valdir fulltrúar í skólaráð sem starfar með skólastjóra að stefnumótun og áætlanagerð fyrir skólann.

Fastir kynningarfundir:

- Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir verðandi 1. bekk og foreldra þeirra.
- Skólafærninámskeið eru haldin fyrir foreldra yngstu barnanna í ágúst.
- Kennarar og stjórnendur halda kynningarfundir fyrir foreldra í september þar sem m.a. eru kynntir starfs- og kennsluhættir, starfsáætlun skólans, fyrirkomulag námsmats o.fl..
- Skólastjórnendur bjóða foreldrum einstakra hópa/árganga til fundar einu sinni á vorönn.
- Opinn foreldrafundur er haldinn í september (aðalfundur Foreldrafélags).

Stuðst hefur verið við framangreint fyrirkomulag þetta skólaárið en í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir útfærslu hjá hverjum hópi fyrir sig.

Námsgögn

Meirihluti námsgagna fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti. Lagt var upp með að foreldrar útveguðu þau gögn sem tilheyra pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk (skriffæri og þess háttar) en skólinn útvegar öll önnur námsgögn. Haustið 2014 voru innheimtar 3.600 kr. á hvern nemanda vegna þessa.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Auk þess gegnir nemendaverndarráð hlutverki eineltisteymis í skólanum. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundaði á fimmtudögum kl. 9:00.

Ráðgjöf fjölskyldudeildar

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar. Sérkennsluráðgjafi skólans er Elín Sigurbjörg Jónsdóttir (elins@akureyri.is) en skólasálfræðingur er Ingibjörg Hjartardóttir. Tengiliður skólans við barnaverndarteymi fjölskyldudeildar er Hafdís Erla Jóhannsdóttir (hafdise@akureyri.is).

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans fram að áramótum var Þorbjörg Birgisdóttir í 50% starfi við skólann. Föst viðvera skólahjúkrunarfræðings í skólanum var á mánudögum og þriðjudögum kl. 8:30-14:00, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 8:30-12.00



Keppendur Naustaskóla í stóru upplestrarkeppninni 2016. Jóna Margrét og Katrín Jónsdóttir kepptu en Aron Snær var varamaður.



Skýrslur starfsmannahópa

Skýrsla 1. bekkjar

Haustið 2015 byrjuði 41 barn í 1. bekk, 16 stúlkur og 25 drengir. Á haustdögum hætti einn drengur og tveir á vorönn. Umsjónarkennarar 1. bekkjar voru Gréta Björk Halldórsdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir. Halla Björg Davíðsdóttir þroskafjálfi var stoðkennari og Birgitta Rós Laxdal stuðningsfulltrúi. Í lok nóvember var Andri Hjörvar Albertsson ráðinn inn sem stuðningsfulltrúi.

Námsumhverfi/skipulag

Kennarar voru með ca. 20 nemendur í umsjónarhóp. Þessi tala var aðeins á reiki þar sem nemendur hættu úr báðum hópum. Ef ástæða þótti til voru börn færð á milli hópa. Mikið var um breytingar á svæðinu í vetur. Byrjað var með allan hópinn á sama svæðinu en þar sem erfitt var að ná til þeirra og að fá ró í hópinn voru gerðar breytingar og umsjónahóparnir settir á sitt hvort svæðið. Allir nemendur byrjuðu daginn í krók og tók tíma að finna rétta staðinn fyrir krókinn. Mikið var unnið í hópum sem voru þarfaskiptir, bæði í lestri og stærðfræði en þá var hópnum oft skipt í 4 hópa. Nemendahópnum var skipt í tvennt í íþróttum en í sundtímanum var hópnum skipt í 5 hópa. Tvisvar í viku fóru nemendur í hringekjur þar sem hópnum var skipt upp í 5 hópa. Í annað skiptið var íslenska og hitt stærðfræði.

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 30 stundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn. Á morgnana var byrjað á því að setja upp daginn myndrænt á töflu, lag vikunnar sungið, talið í 100 daga hátíðina, farið yfir dagsetninguna og hvað væri í matinn.

Umsjónarkennarar voru með hópinn að frátöldum þeim tímum sem voru í höndum íþróttakennara, en nemendur fengu tvo íþróttatíma á viku og einn sundtíma og var annar íþróttatíminn alltaf útiþróttir. Um útiþróttirnar sáu stuðningsfulltrúar og stoðkennari í 1. bekk um. Tónmennt var kennd einu sinni í viku þar sem nemendahópnum var skipt í fjóra hópa og fékk hver hópur 30 mínútur. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram á svæði nemenda og tók yfirleitt um 10-15 mínútur að henni lokinni las kennari sögu inni í lestrarkrók. Samstarf leik- og grunnskólans var töluvert í vetur. Þar má meðal annars nefna sameiginlegt húsdýraþema eftir áramót, nemendaskipti í tvígang og sameiginlegt val. Kennarar beggja skólastiganna hittust einnig reglulega og funduðu.

Kennsluhættir

Fyrsta vika skólaársins fór í að kynna nemendum, sjá hvar þeir voru staddir og leyfa þeim að fóta sig á nýjum stað.

Í fyrsta bekk er unnið samkvæmt hugmyndafræði byrjendalæsis og er öllum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í byrjendalæsi var unnið í hringekjum, einstaklingsvinnu, í umsjónahópum, þarfaskiptumhópum og stöðvavinnu.

Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar komu ekki að kennslu í 1. bekk í vetur fyrir utan tónmenntakennarann.



Námsaðlögun

Leitast var við að mæta þörfum allra nemenda í náminu. Sum verkefni voru útbúin með fjögur þyngdarstig í huga og getu nemenda hverju sinni. Reynt var að gefa þeim börnum sem voru lengra komin í námi tækifæri til að halda eins langt og hægt var og að þeir sem voru styttra komnir í námi fengju þá aðstoð sem þeir þurftu. Markmiðið var að allir fengju námslega ögrun við hæfi og fannst okkur það ganga nokkuð vel þó lengi megi gott bæta. Lögð var áhersla á athafnamiðað nám í bland við bóklegt og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur fengu að vinna í mismunandi aðstæðum.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlun er unnin út frá fyrirfram ákveðnum þemum og markmiðum.

Mat og tillögur til úrbóta

Fyrirkomulag kennslunnar gekk vel og voru gerðar ítarlegar áætlanir tengdar hverju þema fyrir sig. Mikið var um hópaskiptingar í vetur sem gengu vel og stuttar námslotur sem brutu upp daginn. Lítið var um námsleiða hjá nemendum. Töluverð kappsemi myndaðist í hópnum námslega sem hafði að mestu jákvæð áhrif á vinnusemi nemenda. Mikið var um sjónrænar vísbendingar í námsumhverfinu og voru nemendur fljótir að tileinka sér þær. Komið var til móts við þarfir allra nemenda. Stundataflan var einstaklega góð, þar sem allir dagar byrjuðu eins. Byrjað var með allan hópinn inni krók og reyndist það mjög vel. Mikilvægt er að taka góðan tíma í skólaferni að hausti, við hefðum þurft lengri tíma í upphafi, en í staðin tókum við pásu frá þemum og tókum fyrir skólaferni í tvær vikur í október.

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af okkur umsjónarkennurum í fyrsta bekk voru íslenska, stærðfræði, sérgreinar, samfélagsfræði og náttúrufræði kennd í þemum og lífsleikni (Sjá nánar í annaráætlun námsgrein var kennd fyrir hverju sinni).

Jákvæður agi/gæðahringir

Alla morgna byrjuðum við með allan hópinn saman í krók. Þar var farið yfir skipulag dagsins og farið yfir þau málefni sem láu fyrir hverju sinni. Bekkjafundir voru teknir reglulega á móti tónmennt en þá var hálfur umsjónahópurinn á fundi í einu. Í upphafi fór sá tími eingöngu í það að mynda hring og ná ró. Síðan voru hrós tekin fyrir, bæði að hrósa hvert öðru og sjálfum sér. Ýmis málefni voru tekin upp á fundunum m.a. hvernig förum við í röð, hegðun í frímínútum, Kalli krumpaði, rætt um samvinnu og ýmislegt fleira. Nemendur bjuggu til bekkjasáttmála sem þeir skrifuðu allir undir. Einnig nýttum við jákvæðan aga í starfi skólans eftir bestu getu.

Þemaverkefni

Fyrsta þema haustsins var **nærumhverfið** og notuðum við bókina **Asnaskóli** til þess. Þar tókum við fyrir skólaumhverfið og reglur og lögðum áherslu á samvinnu og stafi. Lög vikunnar voru „Það er leikur að læra, Mánaðavísur, Það er skemmtilegast að leika sér og Brosa“. Þemað stóð í þrjár vikur.

Í öðru þema tókum við fyrir **vináttu og einelti** og unnum við með bókina um **Ýmu tröllastelpu**. Lög vikunnar voru „Ég er vinur þinn, Hérna koma nokkur risa tröll. Þemað tók tvær vikur.

Í þriðja þema var markmið að nemendur myndu læra um ólíkar fjölskyldugerðir og til þess var bókinn **Blómlegt fjölskyldulíf** notuð. Lög vikunnar voru „Ein stór fjölskylda, Takk og Ég er gula blómið“. Þemað tók þrjár vikur.



Fjórða þemað okkar var **Geimveruþema**, þar sem tekin var fyrir léttlestrarbókin **Geimveran**. Í þemanu var lögð áhersla á sögugerð og sköpun. Unnið með kórlestur og paralestur. Þemað tók eina viku.

Fimmta þemað okkar var **Hákarlaþema** en þar var unnið með gæðatexta úr ljóðunum „Hákarlalagið“ og „Það var eitt sinn sjómaður“. Lögð var áhersla að kynna ljóð og rím fyrir nemendum og einnig myndsköpun.

Eftir Hákarlaþemað var námsmatsvika.

Sjötta þemað var **Grýlukvæði** en þá var textinn Grýlukvæði eftir Jóhannes úr Kötlum notaður sem gæðatexti og margt skemmtilegt unnið uppúr honum. Lag vikunnar „Skín í rauðar skotthúfur, Klukkurnar dinga linga ling og Við óskum þér góðra jóla. Þemað tók þrjár vikur.

Sjöunda þemað var **Álfapema** og var gæðatextinn Álfareiðin notaður, unnin voru ýmis verkefni tengd honum. Bókin **Gunnhildur og Glói** var lesin. Námsmatsvika var tekin í byrjun þessa þema. Lög vikunnar „Stóð ég úti í tunglsljósi, Álfareiðin og Komdu nú með (Benedikt búaálfur). Þemað stóð í þrjár vikur.

Í upphafi þorrans tókum við áttunda þemað sem var **þorrapema** en þar var bókin **Kuggur og þorrablót** notuð í byrjendalæsi. Lög vikunnar voru „Þorrapræll, tókum við eitt erindi á viku. Þemað tók þrjár vikur.

Í áttunda þemanu sem var „**Líkamsþema**“ tókum við fyrir bókina „**Komdu og skoðaðu líkamann**“ þar var útskýrt á einfaldan hátt hvernig líkaminn virkar. Lög vikunnar „Ég heyri svo vel, Tilfinningarblús og Allir hafa eitthvað til að ganga á“. Þemað tók þrjár vikur.

Níunda þemað var „**Getnaðurinn**“ en þá notuðum við bókina „**Svona varð ég til**“ í henni er útskýrt hvernig börnin verða til og unnin ýmis verkefni því tengdu. Í þessu þema tók hjúkrunarfræðingur skólans nemendur í litlum hópum og ræddi við þá um **einkastaði**. Lög vikunnar „Ég er furðuverk og Guð gaf mer eyra. Þemað tók tvær vikur.

Tíuunda þemað okkar var **Húsdýraþema**. Tekin var fyrir bókin „**Helgi skoðar heiminn**“ Unnin voru margvísleg verkefni tengd bókinni. Húsdýravinnan var mjög skemmtileg, nemendur drógu sér ákveðið dýr sem þeir áttu svo að verða sérfræðingar í. Í þemanum unnum við einnig með leikskólanum í tvo daga. Annan daginn fóru þeir uppí Naustaborgir og unnu verkefni og fóru í leiki tengd húsdýrunum. Hinn daginn voru nemendur á 1.bekkjar svæðinu, þar léku þeir sér með dýr í bóndabæ sem gerður var inni í krók, fönnduðu bóndabæ og gerðu dúskakindur. Farið var í vettvangsferð í Norðlenska, þar sem nemendur fengu kynningu á dýraafurðum. Lög vikunnar voru „Hani, krummi, hundur og svín og vorlög. Þemað tók fjórar vikur.

Síðustu þrjú þemun fléttuðust saman og stóðu yfir í þrjár vikur. **Hringrásapema**. Nemendur völdu sér hringrá og unnu verkefni tengd þeim. Bókin „**Komdu og skoðaðu hringrásir**“ var lesin fyrir nemendur og efni hennar rætt.

Endurvinnsluþema. Bókin **Ruslaskrímslið** var lesin fyrir nemendur og rætt við þá um hvar ruslið endar. Unnin voru margvísleg verkefni tengd þemanu eins og að flokka rusl í endurvinnslutunnu og fleira. Farin var vettvangsferð upp í Gámaþjónustu Norðurlands þar sem nemendur fengu að vita hvað verður um ruslið. Einnig fórum við út í ruslatínslu og flokkuðu nemendur allt rusl sem þeir tíndu. Í þessu þema komu nemendur með skyrdós að heiman sem þeir fengu að mála og gróðusetu svo spínat í dósina.

Umferðarfræðsla. Í umferðapemanum notuðum við bókina „**Aðgát í umferðinni**“ en uppúr henni voru ljósrituð verkefni sem nemendur unnu, einnig notuðum við vefinn umferð.is til að fræða nemendur betur um umferðina. Nemendur fengu líka hjálmafræðslu frá hjúkrunarfræðingi skólans. Í maí fórum við í ísferð í Brynju og þá notuðum við tækifærið og fórum yfir umferðarreglurnar og umferðamerkin sem við sáum. Í maímánaðar sungum við Stafrófsvísuna ásamt fleiri sumarlögum.



Útikennsla

Við vorum ekki nógu dugleg að nýta okkur möguleika beinnar útikennslu í vetur, nema þegar útiþróttatímarnir voru nýttir í kennslu.

Upplýsingatækni

Tölvurnar voru nýtar í hringekjutímunum sem voru tvisvar í viku, bæði var farið í íslenskuleiki eða stærðfræðileiki. Sóttum annaðhvort leiki inn á nams.is eða farið var í Glóa eða Boga forritin. Nemendur nýttu einnig tölvurnar í upplýsingaleit. Við höfðum einnig ípad sem aðalega var notaður í sérkennslu.

Vettvangsferðir

- Á útivistardegnum í haust var farið í Listigarðinn, við borðuðum nesti og fórum í leiki
- Í desember var bekknum boðið á jólatónleika í Hof.
- Bókasafnið – farið var með hópana í tvennu lagi, sitt hvorn daginn í desember. Starfsmaður bókasafnsins las fyrir okkur jólasögu, búið var að taka til fyrir okkur jólabækur og fengu nemendur einnig að lita jólamyndir.
- Í janúar var okkur boðið á tónleika í Hofi, skemmtilegir tónleika þar sem lesið var upp úr bók um fjórar köngulær sem allar spiluðu á strengjahljóðfæri. Þær ferðuðust aftur í tímann og hittu meðal annars Vilvaldi og Mozart. Fjórir hljóðfæraleikarar úr Tónlistarfélagi Akureyrar spiluðu undir og gæddu söguna lífi.
- Norðlenska – Farið var í Norðlenska í apríl þegar við vorum í húsdýrþemanu. Vel var tekið á móti okkur og fengum við leiðsögn um fyrirtækið og í lokin var okkur boðið uppá pylsu í brauði og djús.
- Endurvinnslan – Farið var upp í Endurvinnslu þar sem við fengum að vita hvað verður um ruslið sem við hendum. Bekkurinn var vigtaður og var hann 930 kg.
- Brynja. – Farið var í Brynjuís, krakkarnir komu öll með 200 kr fyrir ís. Gengið var niður í Brynju og umferðareglur ræddar á leiðinni. Þennan dag var blíðskaparverður og leikið í bakkanum fyrir ofan Brynju eftir að ísinn var borðaður.



Uppákomur

Í vetur var 1.bekkur í nokkur skipti með atriði á samverustund þar sem 2.-3. bekkur horfði á. Oftast sungu nemendur nokkur lög sem tengdust því þema sem var verið að vinna að.

Lestraráttak var haldið í tvær vikur yfir allan skólann. Nemendur fengu með sér klukkur heim þar sem þeir merktu inn hvað þeir lásu mikið á hverjum degi. Einnig föndruðu þeir bókakjöl fyrir þær bækur sem við lásum saman í lestrarkrók eftir nesti, þeir voru svo settur á föndraðan bókaskáp í sal skólans. Á lokahátíð lestraráttaksins voru nemendur í 1. bekk svo fengin til að vera með söngatriði á sal.

Útivistadagurinn var haldin 2. febrúar, nemendur mættu fyrir utan skólann og var farið með rútu upp í Hlíðarfjall. Nokkrir fóru á skíði en flestir voru á sleða. Allir glaðir og ánægðir eftir daginn.

Í febrúar var 100 daga hátíðin haldin með pomp og prakt. Nemendur komu í búningum eða náttfötum. Í upphafi dags unnu nemendur ýmis verkefni tengd tölunni 100.

Nemendur fengu einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju, samtals töldu þau sér 100 stykki af góðgæti og settu í kramarhús. Síðan var horft á bíómynd á meðan góðgætinu voru gerð góð skil og lauk svo með balli.

Nemendadagur var haldin í mars, þar var samvera á sal, þar sem nemendur og starfsfólk fóru í spurningakeppni og haldin var hæfileikakeppni starfsfólks. Nemendur gátu valið um að horfa á mynd eða spila. Fótboltakeppni á milli nemenda og starfsfólks var einnig haldin á fótoltavellinum.

Árshátíð skólans var haldin 17. mars en þar tróð 1. bekkur upp með leikritið Kárius og Baktus og stóðu þeir sig mjög vel. Árshátíðin var í ár tengd heilbrigði og hollustu.

Þemadagar voru í síðustu vikunni fyrir skólaslit. Fyrri dagurinn var í Kjarnaskógi. Flestir hjóluðu þangað en örfáir fóru gangandi. Í Kjarnaskógi var frjáls leikur í skóginum, bæði í leiktæjum og með vatnsbyssur. Grillaðar voru pylsur í hádegismat áður en haldið var aftur heim. Seinni dagurinn var haldin við skólann, þar sem nemendur fóru á 14 mismunandi stöðvar.

Vorhátíð skólans var haldin hátíðleg 2. júní, nemendur komu í fylgd með foreldrum og gátu valið um stöðvar bæði innan- og utandyra, hoppkastalinn var vinsælastur. Í lokin voru svo grillaðar pylsur.

Mat og tillögur til úrbóta

Vinna má markvissara með bekkjarfundi strax í byrjun skólaárs. Hefðum mátt fara fleiri ferðir á bókasafnið.

Námsmat

Námsmatið var gert á margvíslegan hátt, t.d. með atkvæðaprófum í lestri, símat, sjálfsmat og könnunum. Í október fóru börnin í prófið leið til læsis, í febrúar var læsispróf 2 tekið og í apríl læsispróf 3.

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar fyrir áramótin og tvisvar eftir áramótin. Þau gögn sem fóru í möppurnar voru m.a.

kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengdum þemu hverju sinni, sjálfsmat o.fl. Möppuna áttu nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins. Foreldrar höfðu einnig kost á því að skrifa athugasemdir eða kveðju frá sér í möppuna við hver skil.

**Möppuskil 13. október:**

Í möppuna fór formalest, bókstafablað, byrjendalæsisverkefni og umsagnarblað, þar sem nemandi og foreldri fylltu út heima um skólastarfið og líðan nemanda. Mappan var skoðuð í viðtalinu og fór svo heim og var skilað aftur í skólann viku síðar.

Möppuskil 1. desember:

Í möppuna fóru þrjú byrjendalæsisverkefni, tvö stærðfræðiverkefni og sjálfsmatsblað. Nemendur fengu blað með heim þar sem þeir áttu að lýsa viðhorfi sínum til námsgreina.

Möppuskil 2. febrúar

Í möppunni voru fjögur byrjendalæsisverkefni og eitt lesskilningsverkefni. Einnig var könnun á frádrætti á tölum 0-20. Nemandinn átti svo sjáfur að meta hvort hann hafði náð markmiðinu „Ég get reiknað mínusdæmi frá 0-20“

Möppuskil 1. apríl

Í möppunni var líkamabókin mín. Í henni voru þrjú náttúrufræðiverkefni, þrjú íslenskuverkefni, og eitt stærðfræðiverkefni.

Möppuskil 6. júní

Foreldrar gátu skoðað möppur barnanna sinna á skólaslitunum.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með fyrirkomulag námsmappanna í vetur og fannst þær gefa góða sýn á þróun náms hjá nemendum okkar, sem og gefa foreldrum nokkuð góða mynd að vinnulagi barna sinna. Einnig gáfu sjálfsmatsblöðin góðar og nytsamlega upplýsingar um líðan nemenda í skólanum, sem virtist almennt vera góð og þekkingu á ákveðnum viðfangsefnum og viðhorfum til námsgreina. Passa þarf sérstaklega að fylgja markmiðum eftir með námsmati.

Foreldrasamstarf

Fyrstu tvo daga skólaársins þ.e. 21. og 24. ágúst voru foreldrasamtöl. Þá komu foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara. Samtölin voru 30 mínútur að lengd. Einnig var samtalsdagur 22. október og voru samtölin 15 mínútur að lengd þá var farið yfir hvernig skólabyrjunin hafði gengið hjá nemendum. Á seinni önn skólaársins voru samtöl 25. og 26. janúar, 30 mínútur hvert samtal, þar sem farið var yfir námsframvindu nemenda og gefnar leiðbeiningar um framhaldið. Ítrekað var fyrir foreldrum að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim lægi eitthvað á hjarta eða vildu nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig voru þeir hvattir til að koma í heimsókn á skólatíma og nýttu foreldrar sér það að litlu marki. Töluvert mikið var um tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara og virðist sem margir nýti sér þá leið til upplýsingaöflunar og samskipta við kennara.

Í upphafi vetrar var haldið skólafærninámskeið fyrir foreldrana góð mæting var á námskeiðið. Skólastjóri leiddi námskeiðið ásamt deildarstjóra og umsjónarkennurum. Á þessu námskeiði fengu foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið, byrjendalæsis kynningu og hvernig þeir gætu stutt við barnið sitt í skólastarfinu. Í matsmöppum barnanna höfðu foreldrar tækifæri til að koma álitinu sínu á framfæri varðandi skólastarfið. Að lokinni kynning var svo boðið uppá súpu og brauð í matsal skólans.

Upplýsingamiðlun

Föstudagspóstarnir voru sendir til foreldra vikulega. Í þessum póstum var farið yfir hvernig vikan hafði gengið og gefnar upplýsingar um hvað framundan væri í starfinu. Í póstinum komu yfirmarkmið kennsluáætlana fram sem og stiklað á stóru með þær leiðir sem við ætluðum að fara til að ná markmiðum okkar. Fram kom hvaða þætti ætti að leggja inn í stærðfærði og íslensku í hverri viku ásamt öðrum upplýsingum er tengdust



skólastarfi okkar. Einnig voru sendir póstar foreldrum til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu. Í haust var stofnuð facebook síða fyrir foreldra bæði til að geta sett inn upplýsingar en einnig til að setja inn myndir af börnunum í skólastarfinu svo að foreldrar gátu fylgst með vinnu barnanna sinna og skapað umræðugrundvöll með barni sínu um viðburðina í skólanum.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með hvernig foreldrastarfinu var háttað hjá okkur í vetur. Við upplifðum að foreldrar væru flestir í góðum tengslum við okkur kennarana og að þeir væru ánægðir með upplýsingaflæðið. Þeir lýstu yfir ánægju sinni hvað varðar foreldraboðin, þökkðu okkur fyrir upplýsandi föstudagspósta o.s.frv. okkar tilfinning var sú að þrátt fyrir upplýsingar væru ekki allir foreldrar að lesa póstana frá okkur þar sem oft vantaði nemendum göng sem þeir áttu að hafa meðferðis. Mikill munur var á mætingu á foreldranámskeiðið frá því í fyrra, en ákveðið var í vetur að hafa skyldumætingu á námskeiðið og einnig voru allir foreldrar minntir á fundinn með SMS klukkutíma áður en fundurinn hófst.

Nemendur

Eineltismál og agamál

Varðandi eineltismál þá komu upp tilfelli þar sem haft var sambanda foreldra og þeir beiðnir að aðstoða. Töluvert var um stríðni að ýmsu tagi en teljum við að þeir sem lentu í þessháttar hafi verið handahófskennd fórnarlömb hverju sinni. Við teljum að við höfum reynt okkar besta, leitað ráða og nýtt alla þá þekkingu sem við búum yfir. Við hins vegar hefðum viljað sjá betri árangur af þessari miklu vinnu. Í október var boðað til fundar með nokkrum foreldrum í strákahópnum, námsráðgjafi kom inn á þann fund og var farið yfir hvað hægt væri að gera í sambandi við slæma framkomu og slæmrar framkomu inn á fótboltavellinum og eftir að inn var komið. Námsráðgjafi tók einnig þennan hóp til sín og ræddi við þá í hóp og einstaklingslega.

Námsárangur

Í nóvember lögðum við fyrir prófið „leið til læsis“ þar sem við töldum það próf gefa okkur betri niðurstöður en læsisprófið 1. Læsispróf 2 var síðan lagt fyrir í febrúar og það þriðja í apríl. Þessi próf komu öll mjög vel út. Stærðfræðin kom einnig vel út þar sem hópurinn var á heildina litið sterkur og vinnusamur hópur.

Ástundun

Ástundun nemenda var oftast góð, nokkuð var um að nemendur kæmu of seint í skólann á morgnana. Reynt var að bregðast við því og fá útskýringu frá foreldrum. Stundvísi nemenda lagaðist í kjölfarið. Leyfi og veikindi voru innan eðlilegra marka.

Mat og tillögur til úrbóta

Töluvert mikið var um agavandamál og fór drjúgur tími starfsfólks í að endurskipurleggja kennslurými og finna lausnir á þessum vanda. Við náðum nokkuð góðum tökum á vandanum og sáum miklar breytingar til hins betra þegar líða fór á veturinn.

**Samstarf í teyminu**

Teymisfundir voru haldnir einu sinni í viku, klukkutíma í senn, eftir kennslu á miðvikudögum þar var farið yfir nemendamál ásamt öðru með deildarstjóra. Farið var eftir starfsreglum teymisvinnu eftir bestu getu. Teymið var með sér vinnuherbergi og var því auðvelt að ræða málin að lokinni kennslu.

Endurmenntun

Sú endurmenntun sem teymið sótti í vetur voru meðal annars:

- Byrjendalæsisfræðsla á vegum Jennýjar Gunnbjörnsdóttur og Ragnheiðar Lilju Bjarnadóttur frá Háskólanum á Akureyri.
- Menntabúðir í Hrafnagili og Brekkuskóla.
- Árgangafundir 1. bekkjarkennara í grunnskólum Akureyrarbæjar.
- Að skrifa sig til læsis á vegum Háskólans á Akureyri
- Byrjendalæsis fræðslufundir
- Námsferð til Svíþjóðar

Auk þessa sóttu umsjónakennari og stoðkennari Byrjendalæsissemiðjur.

Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Reyndum við eftir fremsta megni að veita hvert öðru þann stuðning sem á þurfti að halda hverju sinni og leita leiða í sameiningu að lausnum ef eitthvað mátti betur fara. Ígrundun felur í sér mat á aðstæðum sem kallar á umræður og hugleiðingar um umbætur. Ígrundun hjálpar okkur m.a. að átta okkur á eigin viðhorfum, dýpkar skilning okkar á viðfangsefnum, hjálpar okkur við að meta þarfir og greina aðstæður. Almenn ígrunduðum við starfið mikið og jafnóðum ræddum oft fram og til baka hvað mætti gera öðruvísi, hvað hægt væri að bæta og hverju við ættum að halda inni sem reynst hefur vel. Starfendarannsóknir framkvæmdum við ekki í vetur. Höfum við trú á að allar starfendarannsóknir séu til góða og því væri ekki slæm hugmynd að einhverjir kennarar í skólanum framkvæmdu starfendarannsókn yfir skólaárið, þær gætu komið í staðinn fyrir endurmenntun að einhverju leyti.

Mat á teymisvinnunni

Við erum nokkuð sátt með hvernig teymisvinnunni okkar var háttað í vetur. Við unnum sem ein heild og gerðum öll okkar besta hvað varðar vinnuframlag. Við nýttum sterkar og veikar hliðar hjá hvert öðru og úthlutuðum verkefnum samkvæmt því. Teymisfundirnir voru nokkuð markvissir hjá okkur í allan vetur og fylgdum við vinnuskipulaginu sem lagt var upp með í þeirri vinnu í haust.

Almenn samantekt



Þessi vetur er búinn að vera krefjandi og lærdómsríkur fyrir okkur öll. Jafnframt hefur veturinn verið erfiður á köflum, hann krafðist mikillar vinnu og skipulags. Nánari samantekt er varða niðurstöður og tillögur til úrbóta er að finna undir hverjum kafla fyrir sig hér að framan. Við metum að skólastarfið í Naustaskóla sé á heildina litið mjög gott, skólinn er í mikilli þróun og festast hefðir og venjur smám saman í sessi, en mikilvægt er að þróa og bæta það sem betur má fara. Þróunarverkefnið „Reyndu sjálfur“ gekk mjög vel hjá okkur í vetur og viljum við halda áfram að þróa það á næsta skólaári.





Skýrsla 2.-3. bekkjar

Berglind Bergvinsdóttir, Elín Hulda Einarsdóttir, Emilía Guðjónsdóttir, Harpa Mjöll Hermannsdóttir, Helga Valdís Andersen, Inga Vala Magnúsdóttir, Jóna Hjaltadóttir, Kristín Sigurðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir, Sunna Alexandersdóttir.

Námsumhverfi/skipulag

Nemendafjöldinn í 2. og 3. bekk byrjaði í tölunni 92 í vetur. Töluvert fjölgaði í nemendahópnum þegar leið á veturinn og fór hann upp í 98 nemendur auk eins gestanemenda sem var hjá okkur í maí og voru þá nemendurnir 99 talsins. Skipt var upp í 5 umsjónarhópa og var nemendafjöldi frá 17 og upp í 21 á hvern umsjónarkennara. Reynt var að hafa hlutfall kynja sem og fjölda nemenda milli árganga sem jafnastan í umsjónarhópunum. Í upphafi annar nutum við starfskrafta Jónu stoðkennara og Hörpu stuðningsfulltrúa. Start vetrarins reyndist okkur þungt og upplifðum við mikinn óróleika í hópnum. Inga Vala bætist við sem stuðningsfulltrúi í september og Helga kemur svo inn í teymið sem stuðningsfulltrúi í desember. Þessi viðbót við teymið var kærkomin og nauðsynleg. Nemendum var skipt í þrjá hópa í útiþróttum á mánudögum og í vinnustund. Einn umsjónarkennari var með vinnustund og íþróttakennarar með útiþróttir. Á móti voru nemendur í 4 hópum í smiðjum hjá smiðjukennurum. Fyrst voru strákahópar í smiðjum og svo stelpuhópar eftir frímínútur. Þetta kerfi virkaði ekki vel hjá okkur þar sem kerfið reyndist of flókið þ.e. að skipta nemendum annars vegar í tvennt og svo hinsvegar öðrum hópnum í 4 smiðjuhópa og hinum hópnum í 3 útikennslu-/vinnustundarhópa. Ákveðið var að sleppa vinnustundarhópi og hafa alla í útikennslu á móti smiðjum. Það einfaldaði málið. Sundið var með þeim hætti að 3. bekk var skipt upp í fjóra sundhópa á miðvikudögum og 2. bekk var skipt upp í fjóra sundhópa á föstudögum. Nemendur dvöldu í frístund á móti sundi.

List- og verkgreinakennarar sjá um kennslu í sundi, íþróttum, útiþróttum og smiðjum sem eru; myndlist, smíðar, textílmennt og tónmennt. Önnur fög kenna umsjónarkennarar 2.-3. bekkjar.

Samverustundir voru á þriðjudögum milli klukkan 8:30-8:50. Umsjónarhópar skiptust á að vera með atriði á móti smiðjuhópum í tónmennt og söngsamverum. Stundaskrá vetrarins má sjá nánar í viðhengi 2 hér aftast í skjalinu.

Fyrstu vikurnar voru nemendur í sínum umsjónarhópum til að ná tengslum, til að auka öryggi milli umsjónarkennara og nemenda og skapa góða heild. Ef ástæða þótti til voru nemendur færðir á milli umsjónarhópa, nemendum og kennurum til hagsbóta. Hópaþingar voru með fjölbreyttu sniði í vetur, allt fór það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun var háttað hverju sinni.

Kennslufyrirkomulag var margþætt og fór það einnig eftir viðfangsefni hverju sinni. Nemendum var þarfaskipt í mörgum tilfellum og alveg í stærðfræði.

Nemendum var líka blandað m.a. í hringekjum og reynt var að taka tillit til félagstengsla nemenda eins og mögulegt var.



Námsumhverfi var reynt að haga þannig að börnin gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og nálgast þau hjálpargögn og efni sem þau þörfuðust hverju sinni. Lögð var áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi. Börnin höfðu greiðan aðgang að yndislestrarbókum í bókavögnum og heimalestrarbókum í lestrarkrók. Einnig fóru þau reglulega á bókasafnið. Námsmarkmið voru kynnt nemendum eftir bestu getu og höfð sýnileg á veggjum inni á svæðum. Verk voru hengd upp í hæð nemenda eins og kostur var og svæðið leyfði.

Kenndar voru 30 kennslustundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn, nema á miðvikudögum þegar nemendur í 3. bekk komu á misjöfnum tímum úr sundi og á föstudögum þegar nemendur í 2. bekk komu á misjöfnum tímum úr sundi. Frístund tók við börnunum þegar/áður en þau fóru í sund og þegar þau komu úr þeim ferðum. Umsjónarkennarar kenndu 24 - 25 tíma á viku og stoðkennari var þeim til aðstoðar. Tveir umsjónarkennarar byrjuðu í 90% starfshlutfalli og 3 umsjónarkennarar byrjuðu í 100% starfshlutfalli. Stoðkennari var í 100% starfshlutfalli. Um áramótin var komið í ljós að þörf var á að allir umsjónarkennarar væru í 100% starfshlutfalli. Var því breytt í kjölfarið í ljósi þess að hægt var að sýna fram á að fjöldi vinnustunda þeirra kennara sem voru í 90% starfshlutfalli jafnaðist á við fjölda vinnustunda þeirra sem voru í 100% starfshlutfalli. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum spannaði 30 mínútur samtals. Nestis- og ávaxtastund fór fram inni á svæðum og var nýtt sem uppbrot fyrir nemendur í langri kennslulotu milli klukkan 8:10 og 10:10.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir, unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur lærðu að lesa/auka lestrarfærni út frá merkingarbærum textum. Fjölbreytt verkefnavinna bæði athafnamiðuð og námsaðlöguð ýmist unnin í hringekju eða umsjónarhópum. Lögð var áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig var mikið lagt uppúr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir gætu yfirfært viðfangsefnið á daglegt líf. Unnið var í hringekjum og stöðvum í minni og stærri hópum í verkefnavinnu þar sem hverju verkefni var oft á tíðum skipt upp í þrjú þyngdarstig. Áhersla var á að nemendur gætu unnið á þann hátt sem þeim reyndist best, hvort sem það væri á gólfi, við borð o.s.frv. Reynt var eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins var íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur áttu sameiginlegt. Stoðkennari vann með þá hópa/einstaklinga sem styst voru komnir í námsefninu og þjálfaði færni þeirra á margþættan hátt.

Unnið var eftir ársáætlun veturinn 2015-2016. Byrjendalæsisáætlanir voru settar beint inn í námsáætlanir fyrir hvert tímabil fyrir sig. Þær voru unnar út frá ársáætlun. Ársáætlunina má sjá aftast í þessu skjali. Námsáætlanir í íslensku og stærðfræði voru birtar jafn óðum inn á heimasíðu Naustaskóla. Í föstudagspóstum voru yfirmarkmið námsáætlana birt sem og þau markmið sem unnið var að og hakað við jafnóðum inn á Mentor.

Mat og tillögur til úrbóta

Eins og fram kemur hér að framan var haustbyrjunin ansi þung fyrir teymið. Eftir að aukið hafði við mannskap og starfshlutfall kennara kom meira jafnvægi á starfið á svæðinu og starfsfólk teymis upplifði að það réði betur við fjölda nemenda og gæti sinnt þeim betur. Einnig komst meira jafnvægi á verkaskiptingu innan teymisins fyrir vikið. Þetta sýnir okkur að betra er að leggja af stað í



langhlaupið með nægan mannskap frá upphafi. Að vera með hátt í 100 7 og 8 ára börn krefst gríðarlegs skipulags, mikillar eftirfylgni með nemendum og gríðarlegrar námsaðlögunar sökum breiddar í hópnum. Á yngsta stigi finnst okkur að hámark nemenda í umsjónarhópi eigi að miðast við 18 nemendur. Stuðningur þarf að vera nægur þar sem mörg börn eiga við margvísleg vandamál að stríða; námslega-, félagslega-, hegðunarlega- eða þroskalega þætti.

Á þriðjudögum fengum við að hafa nemendur á móti smiðjutímum, sem þýddi að við vorum með ca 10 nemendur á kennara í 1 kennslustund fyrir hvert barn. Þetta var draumatími ef svo má að orði komast og hreinlega nauðsynleg stund fyrir kennara og nemendur. Í þessum tímum var hægt að gefa sig mikið að hverjum og einum nemanda, vera með markvissar innlagnir og ræða um líðandi stund í ró og næði. Svona kennslustundir væri frábært að fá inn í stundatöfluna okkar aftur næsta skólaár.

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af umsjónarkennurum í 2.-3. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, útiþróttir og lífsleikni (sjá nánar í ársáætlun veturinn 2015-2016 hvað verður tekið fyrir hverju sinni). Íþróttir, útikennsla, sund og smiðjur sjá aðrir kennarar skólans um.

Jákvæður agi/gæðahringir/bekkjarfundir

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla. Hann var nýttur í allri vinnu með nemendum og fléttaðist inn í allt skólastarf hjá okkur. Unnið var eftir sérstakri námsáætlun með jákvæðan aga. Gæðahringir voru einu sinni til tvisvar í viku þar sem nemendur voru þjálfaðir í að vinna eftir jákvæðum aga, fengu að kynnst verkfærum jákvæðs aga og þjálfun í að æfa ýmsa þætti tengda jákvæðum aga.

Þemu

Þemu voru fléttuð inn í námsáætlanir okkar. Þau þemu sem við unnum með í vetur eru eftirfarandi, í tímaröð;

- Samvinnuþema/vínátta og samskipti
- Landnámið og störf áður fyrr og nú
- Ýmsar þjóðsögur og ljóð/ álfar og tröll, desember
- Árshátíðarþema/heilbrigði og hollusta
- Eyjafjörður – grenndarkennsla, fjallaþema

Nákvæmari tímasetningar á þemu og innlögnum tengdum þeim koma fram í árs- og námsáætlunum sem nálgast má á heimasíðu Naustaskóla.

Útikennsla

Börnin fóru í skipulega útikennslu/íþróttir einu sinni í viku. Skipulag hennar var í höndum íþróttakennara ásamt einum umsjónarkennara. Útikennsla hefur ekki verið mikil í vetur fyrir utan vettvangsferðir og uppbrotsdaga.



Upplýsingatækni

Við nýttum tölvuver okkar of lítið í vetur. Þriðji bekkur fékk sérstaka kennslu á word í vetur sem gekk nokkuð vel. Umsjónarkennarar nýttu sér tölvuverið samhliða kennslu eins og kostur var og fengu nemendur í sumum tilfellum að leita sér heimilda, vinna stærðfræðiverkefni o.s.frv. meðfram bóknáminu. Spjaldtölvurnar voru of lítið notaðar að okkar mati, stoðkennari nýtti sér þær að einhverju leyti og umsjónarkennarar aðeins. Áhersla okkar er sú að nemendur 2.-3. bekkjar geti nýtt sér tölvuvinnu til gagns og ánægju s.s. til lesturs, hlustunar og ritunar.

Vettvangsferðir og uppákomur

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, þær ferðir sem við fórum í eru eftirfarandi:

- Nokkrar ferðir í Naustaborgir. Viðfangsefni og markmið Naustaborgaferðanna var eins og áður sagði tengdar þeimum hverju sinni og í sumum ferðunum var markmiðið eingöngu leikur og frískt loft.
- Útivistardagar kölluðu í nokkrum tilfellum á vettvangsferðir s.s. ferð í Hlíðarfjall, Kjarnaskóg, Hamra og Naustaborgir.

Uppákomur voru nokkrar yfir veturinn og voru sem hér segir:

- Regluleg atriði á samveru yfir allan veturinn þar sem foreldrar, 1. bekkur og samnemendur horfðu á.
- Foreldraboð;

Í nóvember buðu nemendur foreldrum sínum í heimsókn, sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar úr Landnámsþemanu. Einnig sýndu nemendur atriði á sal skólans.

Í maí buðu nemendur foreldrum sínum á opið hús þar sem þeir sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar úr **g**renndarkennsluþemanu. Foreldrar áttu góða stund saman við leik og störf í þessu boði.

- Árshátíð skólans var haldin 17. mars þar sem 2. og 3. bekkur tróð upp með skemmtilegu atriði sem fjallaði um ævintýri Gláms og Skráms í Sælgætislandi. Þema árshátíðarinnar þetta árið var: Hollusta og heilbrigði. Árshátíðin tókst glimrandi vel. Það þurfti gríðarlegt skipulag í kringum hana þar sem 100 börn skiptust í 3 sýningarhópa. Vinna þurfti í þessum hópum meðan æfingardagarnir voru og því varð að búa til mikið skipulag sem byggði á þessum hópum.

Tillögur til úrbóta



Bekkjarfundir hefðu mátt vera oftari og markvissari í vetur. Bekkjarfundir voru teknir í skorpum með pásam á milli. Þeir hefðu mátt vera festir betur niður í skipulaginu okkar. Það sama má segja með útikenngslu og teljum við orsök þess að ekki varð meira úr henni sú að nemendur voru margir og það krafðist mikils skipulags að bæta henni við inn í kennsluna og áttum við fullt í fangi með að halda skipulagi okkar gangandi. Við hreinlega treystum okkur ekki til að bæta henni við af ýmsum orsökum.

Hvað jákvæðan aga varðar þá fengum við tvo nýja kennara inn í teymið í vetur. Annar þeirra fékk smá leiðsögn í upphafi vetrar með jákvæðan aga en ekkert meira og hinn kennarinn fékk enga fræðslu í jákvæðum aga og því erfitt fyrir þessa kennara að beita þessu verkfæri á markvissan hátt. Fræðsla í jákvæðum aga þarf að vera meiri og markvissari fyrir nýja starfsmenn skólans.

Hvað upplýsingatækni varðar þá upplifa teymismeðlimir að þeir hafi ekki næga þekkingu eða/og fái lítinn tíma til að afla sér hennar á sviði upplýsingatækni og vinnu með spjaldtölvur í kennslu. Leggja mætti áherslu á þennan þátt við gerð endurmenntunaráætlunar fyrir næsta skólaár.

Námsmat

Námsmöppur

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Möppurnar sýna einhverskonar þverskurð af námi þar sem ákveðnir þættir eru teknir fyrir í byrjendalæsi og stærðfræði og gefa glögga mynd af þróun náms hjá nemendum yfir veturinn. Hafa ber í huga að bæði byrjendalæsisverkefni og stærðfræðiverkefni geta einnig verið lífsleikni, náttúru- og samfélagsfræðiverkefni. Áhersla var á að verkefni þessi væru bæði íslensku- og stærðfræðitengd eins og áður segir auk þess sem líðankönnun var send einu sinni heim til að vinna þar og skila aftur í skólann. Heimtur á möppunum aftur í hús voru ágætari, þó var nokkuð um að nemendur fylltu ekki út matsverkefni sem í möppunum voru sem ætlað var að vinna heima. Gefur það okkur vísbendingu um að möppurnar séu ekki skoðaðar nægilega vel meðal foreldra og barna. Áhersla var á að verkefni sem við settum í möppuna væru fjölbreytt. Lagt var upp að skýr markmið væru með hverju verkefni og oftast var vitað nokkuð fram í tímann hvaða verkefni væri hugsað fyrir matsmöppurnar. Möppuna eiga nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins og þykir okkur ýmislegt gefa það til kynna að svo sé ekki.

Í sýnismöppur nemenda fóru hefðbundin verkefni eins og rithandarsýnishorn, sjálfsmynd að hausti og vori, talnaskrift og svona skrifa ég nafnið mitt. Þá völdu nemendur í samráði við foreldra nokkur verkefni í möppuna úr matsmöppu og safnmöppu á skólaslitadaginn. Reyndist þetta ágætlega og skapaðist þarna góður grundvöllur fyrir foreldra og börn að ræða verkefni sín og spjalla um skólann.

Námsmat

Við notuðum fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og fléttuðum námsmat saman við námsferli nemenda. Við lítum á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notuðum m.a. námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig var notast við kannanir, símat og leiðsagnarmat sem fór fram meðan á kennslu stóð og niðurstöður voru svo nýttar í þeim tilgangi



að læra af þeim, þar sem reglulega var fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki var námsmatið m.a. byggt á;

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Sjálfsmati
- Læsis könnunum í 2. bekk
- Lesmál í 3. bekk
- Lesskilningsprófum
- Hraðlestrarprófum
- Skráð var í markmiðalista á Mentor í lok hvorrar annar hvaða markmiðum börnin höfðu náð og/eða jafnóðum eins og kostur var og birt foreldrum. Niðurstöður kannana voru birtar undir Verkefnabók á Mentor.

Mat og tillögur til úrbóta

Við veltum fyrir okkur fyrirkomulagi á námsmöppum okkar. Mikil vinna liggur í vinnu við gerð þeirra og höfum við þá tilfinningu að mappan sé ekki nýtt sem skildi eða á þann hátt sem ætlast er til. Í mörgum tilfellum gleymdust möppurnar og þær ekki skoðaðar heima fyrr en farið var að þrýsta á foreldra með það. Oft skiluðu nemendur möppunum aftur í skólann án þess að fyrirmælum sem standa fremst í möppunum væri framfylgt, unnu ekki sjálfsmat eða verkefni sem til var ætlast. Gaman væri að kanna upplifun foreldra á notagildi námsmappanna og fá hugmyndir frá þeim hvernig þeir vilja að möppunum sé háttað.

Við teljum að vel hafi verið staðið að námsmati í vetur og að okkur hafi gengið vel að haka við markmið inn á Mentor jafn óðum. Göngum við stolt frá borði hvað námsmat varðar þetta skólaárið.

Foreldrasamstarf/ mat og tillögur til úrbóta

Foreldrasamstarf fór bæði fram í gegnum tölvupóst, vikupósta, símtöl og fundi. Nokkuð var um að foreldrar óskuðu eftir fundum og þá bæði vegna náms- og félagslegra þátta. Einnig óskuðum við nokkrum sinnum eftir fundum m.a. vegna mætinga, námslegrar stöðu eða hegðunar. Fundir gengu almennt vel og mikilvægt er að muna að allt spjall milli foreldra og kennara skilar sér margfalt. Einnig voru samskipti í gegnum tölvupóst mjög mikilvæg og góð. Foreldrar voru upplýstir um hverja viku fyrir sig í svo kölluðum föstudagspóstum sem greindu frá hvað væri í gangi hér í skólanum, hvaða markmiðum væri unnið að hverju sinni, ferðum sem voru farnar, uppbrotsdaga og ef við þurftum að kalla eftir einhverju frá foreldrum. Misjafnt virtist vera hversu virkir foreldrar voru að lesa föstudagspóstinn okkar og mikilvægt að íhuga hvernig við getum hvatt til þess. Stundum veltum við því fyrir okkur hvort flæði á tölvupóstum sé of mikið til foreldra úr öllum áttum og þetta verði hreinlega undir í pósthólfinu. Foreldrasamstarf gekk almennt vel og teljum við okkur hafa verið bæði fagleg og skýr í okkar samskiptum við þá. Einnig var ánægjulegt að sjá hversu miklu heimavinnan í stærðfræði virðist hafa skilað að því leyti að foreldrar voru vel



upplýstir um hvaða viðfangsefni þau voru að fást við í stærðfræði og hvaða þætti þau þurftu að vinna betur með. Þá leituðu foreldrar óhikað til okkar í leit að aukaefni eða til skrafs og ráðagerða. Sá þáttur sem vinna þarf vel að næsta vetur er ástundun nemenda þar sem hún var stundum langt frá því að vera ásættanleg. Þá virtust samtöl og fundir við foreldra hvað þennan þátt varðar skila misjöfnum árangri. Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og þar sem foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum er mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um mikilvægi hennar. Þegar skóli hefst er farið yfir mikilvæga hluti eins og skipulag dagsins og því missa þeir af mikilvægum skilaboðum sem getur skilað sér í öryggi. Mögulega mætti kalla foreldra meira inn í skólann til ábyrgðar þegar hegðun nemenda er óásættanleg. Upplifum við töluvert það viðhorf frá foreldrum að það sé bara okkar kennaranna að leysa hegðunarvanda nemenda. Stundum er vandinn það mikill að okkur finnst þurfa að draga foreldra meira inn í skólann til ábyrgðar. Þess má geta að einstaka nemendur veittu teymismeðlimum líkamlega áverka í nokkur skipti í vetur.

Nemendur

Gerðar voru félagstengslakannanir á hvorri skólaönn meðal nemenda og kom í ljós að nokkrir nemendur virtust eiga erfitt félagslega. Farið var í að reyna að virkja þá einstaklinga félagslega og tókst það nokkuð vel. Einnig kom í ljós að það voru ákveðnir einstaklingar sem nefndir voru í nokkur skipti sem nemendur sem stríða. Út frá því var unnið með þá einstaklinga og teljum við árangur úr þeirri vinnu nokkuð góðan. Töluvert var um stríðni, agavandamál og samskiptavandamál. Unnið var með hvert mál fyrir sig á sérstakan hátt og í 1 skipti var eineltisáætlunin okkar virkjuð og unnið eftir henni. Teljum við að góður árangur hafa hlotist við þá vinnu. Of mikið var um ljótt orðbragð og slæma framkomu nemenda í garð starfsfólks skólans og er það okkur töluvert umhugsunarefni hver ástæðan getur verið.

Við göngum sátst frá borði hvað námsárangur nemenda varðar og teljum okkur hafa náð góðum árangri með nemendur okkar á flestum sviðum og náð að draga fram það besta hjá hverjum og einum. Læsispróf og lesskilningsprófin Lesmál sýna m.a. fram á það. Þróunarverkefnið okkar í stærðfræði skilaði sér vel til nemenda og foreldra og teljum við stærðfræðikennslu hafa verið markvissa og skilað góðum árangri í vetur.

Ástundun var almennt góð eins og fram kemur hér að framan en of mikið var af seinkomum í skólann og þá voru það oftast sömu nemendur sem skiluðu sér of seint hvað eftir annað. Unnið er eftir ákveðnum verklagsreglum í þessháttar tilvikum og var þeim fylgt eftir í vetur eftir bestu getu. Reglurnar má finna á heimasíðu skólans.

Samstarf í teyminu/mat

Byrjun haustannar hófst á því að koma okkur fyrir á nýju svæði. Mikill tími fór í að ígrunda hvernig svæðið gæti nýst okkur sem best og má segja að við höfum eytt mjög mörgum klukkustundum í vinnu við það að breyta og reyna að finna út úr því hvernig það nýttist sem best fyrir tæplega 100 nemendur og 9 teymisfélaga. Nokkur tími fór í að glöggva sig á hvernig skipulag hentaði best þetta stórum nemendahópi og hvernig væri best að skipta í ýmsa hópa s.s. íþróttahópa, stærðfræðihópa, hringekjuhópa o.s.frv. Fyrstu vikurnar fóru þá einnig í að átta sig á umsjónarnemendum og hrista saman nýtt teymi. Teyminu gekk vel að tengjast og að okkar mati hefur gengið vel að nýta sterkar hliðar einstaklinganna í



teyminu. Einn nýr kennari kom inn í teymið að hausti, hinir höfðu verið áður. Við höfum verið dugleg að tjá okkur og takast á við mál sem koma upp og reynt að „hreinsa borðið“ áður en málin verða að einhverjum hnút. Við höfum verið hreinskilin á teymisfundum hvort við annað innan teymisins og við stjórnendur. Teymið rakst utan í marga veggja þetta haustið hvað varðar skipulag og samstarf sem reyndi mikið á. Upp kom ágreiningur á milli stjórnenda og teymismeðlima varðandi fyrirkomulag svæðisins, þrengsla, og áreitis á svæðinu og hávaða sem skapast af ólíkum stundaskráum milli 1. bekkjar og 2. og 3. bekkjar.

Upplýsingaflæði var of umfangsmikið þar sem við settum okkur inn í námslegar og félagslegar aðstæður sem og tókum við ýmsum upplýsingum frá foreldrum allra barnanna 98. Upplifðum við um tíma að við réðum ekki við ástandið og þetta væri of umfangsmikið með svona ung börn milli handanna. Reglulegar söngstundir og þessháttar höfðu mjög truflandi áhrif á milli svæðanna. Einnig var töluvert um fjarverur hjá kennurum í teyminu sem hafði aukið álag í för með sér hjá hinum. Einn kennari fór í veikindaleyfi í desember og inn í teymið kom annar nýr kennari.

Fræðslufulltrúi var fenginn til liðs við okkur við að leysa þann ágreining sem upp kom milli teymisins og stjórnenda og tókst okkur að mestu að hreinsa borðið og komast að niðurstöðu með úrbætur. Niðurstaða þess var m.a. að huga betur að hljóðvistinni með því að samræma ákveðna þætti í stundaskrá á milli 1. bekkjar og 2. og 3. bekkjar s.s. yndislestrarstundir, ávaxtastundir o.s.frv. Reyna að einfalda skipulagið og fækka hópaskiptingum nemenda. Einnig var reynt að samræma vinnubrögð kennara enn frekar svo allir gengu í takt. Ákveðið var að næsta skólaárið yrði teyminu skipt upp í tvær minni einingar sem myndu vinna saman. Allur undirbúningur væri sameiginlegur en nemendafundir og skipulag kennslunnar yrði haft í tvennu lagi.

Teymið festi sér teymisfundi á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Miðvikudagar voru ætlaðir sem vinnufundir þar sem áætlanir voru skoðaðar og kynntar og settar niður í stundatöfluna okkar. Þriðjudagarnir voru hugsaðir sem nemendafundir og fimmtudagar sem trúnaðarfundir. Bryndís deildarstjóri sat marga þessa fundi með okkur. Fannst okkur mjög gott að hafa slíkt aðhald. Berglind var ritari á teymisfundum fram að áramótum og Elín Hulda eftir áramótin. Föstudagspóstur skiptist á milli kennara teymisins og Lilja var formaður teymisins og sat teymisformannafundi.

Teymið vann þróunarverkefni í stærðfræði og telur það hafa gengið nokkuð vel. Niðurstöður þess má sjá í viðhengi hér aftar í skjalinu.

Almenn samantekt

Þegar hugsað er til baka er margt sem kemur upp í huga okkar. Við göngum nokkuð stolt frá borði eftir þennan vetur og teljum okkur hafa skilað nemendum okkar vel frá okkur. Þrátt fyrir erfiðleika hvað skipulag á skólastarfinu varðar þá teljum við það ekki hafa bitnað á nemendum okkar. Við erum ánægð með það nám sem hefur átt sér stað í vetur og teljum okkur hafa unnið starf okkar af fagmennsku og af metnaði. Við fylgdum nemendum okkar vel eftir í vetur, áttum oftast gott samstarf við foreldra og erum þegar á heildina er litið stolt af starfi vetrarins!

Við viljum benda á að samkennsla árganga er áskorun fyrir kennara sökum mikillar breiddar nemenda og krefst þess vegna meiri vinnu af kennara en ella. Skipulag í kringum svona stóran hóp ungra barna í opnu rými og samkennslu er



Því mikil áskorun fyrir hvern þann kennara sem þar vinnur. Að okkar mati er því afar mikilvægt að ekki séu of margir nemendur í umsjónarkennslu hjá hverjum kennara. Það getur skipt sköpum fyrir kennarann og nemandann sjálfann að fjöldi nemenda í umsjónarkennslu hjá kennara sé undir 18 nemendum á yngsta stigi. Einnig skiptir máli að kennarar njóti starfskrafta stuðningsfulltrúa og þá fari fjöldi stuðningsfulltrúa einnig eftir nemendafjölda og þyngdarstigi nemendahóps. Það rými sem svona stór nemendahópur hefur til umráða þarf líka að vera nægilega mikið til að allir fái að njóta sín og að hægt sé að fylgja stefnu skólans eftir þ.e. skapa aðstöðu fyrir lestrarsvæði, stærðfræðisvæði, hlutbundna vinnu o.s.frv. Líklegt má teljast að minna verði um árekstra milli nemenda á álagstímum þ.e. frímínútum, matartíma o.þ.h. uppbroti en raun ber vitni ef nægt rými er fyrir alla að ganga um. Kostir teymiskennslu eru margir og þarf ekki að tíunda þá hér en ef teymið verður of umfangsmikið þá nýtast kostir þess að vinna í teymi ekki nægilega vel. Reynsla okkar sýnir að þá fer of mikil orka í að miðla upplýsingum, fundir verða ómarkvissari og lengri og öll samræming á skipulagi verður of viðamikil.

Upplýsingatækni er eitthvað sem við óskum eftir að verði sett á endurmenntunaráætlun skólans fyrir næsta skólaár og teljum við mikla þörf á að við aukum notkun spjaldtölva í kennslu. Hvað varðar mikilvægi þess að skólinn leggi áherslu á í umbótum fyrir næsta skólaár er meðal annars vinna að því að skólinn verði Grænfánaskóli. Einnig teljum við matarmenningu í skólanum ekki vera nógu góða og því þurfum við að breyta. Leggjast þyrfti yfir skipulag hádegistímans og skoða í þaula leiðir að úrbótum hvað það varðar. Einnig metum við það svo að mötuneytismaturinn gæti verið hollari en raun ber vitni.



Skýrsla 4.- 5. bekkjar

Teymi 4.-5. bekkjar

Alexander Gunnarsson stuðningsfulltrúi
Ingibjörg Ósk Hannesdóttir stuðningsfulltrúi
Þóra Ýr Sveinsdóttir umsjónarkennari
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir umsjónarkennari
Svala Einarsdóttir umsjónarkennari
Hafðís Björg Bjarnadóttir stoðkennari og þroskaþjálfari

Námsumhverfi - skipulag og námsgreinar

Í vetur voru 56 nemendur í 4.-5. bekk við upphaf skólaársins en 58 nú í vor. Það voru 19 strákar og 12 stelpur í 4. bekk og 13 strákar og 14 stelpur í 5. bekk. Við vorum sex í teyminu, þrír umsjónarkennarar, stoðkennari og tveir stuðningsfulltrúa. Hópnum var skipt í þrjá umsjónarhópa og var nokkuð jafn nemendafjöldi í hópnum. Við unnum þó nokkuð í umsjónarhópum en nemendum var skipt í fleiri hópa í vinnu, s.s. kynjaskipta hópa í smiðjum, mjög breytilega árgangablandaða þemahópa, getuskipta hópa í stærðfræði, árgangaskipt í ensku og íþróttar- og sundhópa.

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Alla daga byrjuðum við í umsjónarhópum þar sem gert var nafnakall og spjallað saman um málefni líðandi stundar. Þrjá daga í viku voru gæðahringir. Síðan var vinnulota í klukkustund og svo nestisstund og lestur í 15 mínútur fyrir frímínútur. Eftir frímínútur var 100 mínútna lota og svo matur. Eftir mat voru ýmist 40 eða 80 mínútna lotur. Stundaskráin var mjög breytileg hjá okkur yfir veturinn og stýrðist hún helst af þeim verkefnum sem við vorum að vinna að hverju sinni. Við byrjuðum haustið á Víkingaþema sem við unnum í út október. Í nóvember unnum við byrjendalæsisvinnu með nokkrar bækur sem tengdust vináttu og samkennd. Desembermánuður einkenndist af æfingum fyrir litlu jólin. Eftir áramótin vorum við með Íslands og jarðfræðiþema sem endaði með foreldrasýningu fyrir páskafrí. Eftir páska tókum við 2 vikna tilraunaþema með áherslu á rafmagn og segla. Veturinn endaði svo á upplestrarhátíð og fuglaþema.

Kennsluhættir

Við teljum að vinnulag og kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur.

Í stærðfræði unnum við eftir markmiðum og krakkarnir fengu áætlun í hendurnar og unnu samkvæmt henni. Einu sinni í viku settist kennari niður með nemanda og áætlaði vinnu vikunnar í stærðfræðinni. Við unnum í þarfaskiptum hópum í stærðfræðinni þrisvar í viku og endurskoðuðum hópana mjög reglulega. Annað slagið var unnið í umsjónarhópum í stærðfræðinni en einu sinni í viku vorum við með ýmisskonar stærðfræðiþrautir sem voru unnar í umsjónarhópum. Stór hluti nemenda í 5. bekk og nokkrir nemendur í 4. bekk kláruðu námsefni vetrarins í mars og ákváðum við því að búa til hóp sem vann dýpra að markmiðum vetrarins. Í náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt og íslensku vorum



við með samþætt þemaverkefni sem byggðust að langmestu leyti á byrjendalæsi, orði af orði og söguaðferðinni. Þemavinnan var mjög fjölbreytt, m.a. paravinna, hópavinna, einstaklingsvinna, sérfræðingahópar, námsleikir, leikræn tjáning og vettvangsferðir.

Enskukennsla var kennd í lotum, ein lota var kennd fyrir áramót og tvær eftir áramót. Hópnum var skipt í þrjá hópa 4. bekkur, 5. bekkur og svo var hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum, nemendum sem lengra eru komnir í ensku. Hjá 4. bekk var lögð áhersla á orðaforða og ávallt voru stuttar innlagnir og svo verkefnavinna. Fyrirkomulag var svipað í 5. bekk en þar var lögð áhersla á hlustun og verkefnavinna. Hópurinn sem var komin lengra í ensku vann sjálfstætt í orðaforðaverkefnum, ritun og lestri.

Við vorum með bekkjarfundi þrisvar sinnum í viku, oftast nær í umsjónarhópum. Farið var yfir verkefni jákvæðs aga, hróshringi og umræður um líðandi stundu ásamt umræðum um hegðun, kurteisi, samskipti og virðingu.

Áætlun/áform- hvernig voru þær notaðar/hvernig nýttust þær

Í hverri viku áætluðum við í stærðfræði með öllum nemendum. Tíminn sem við notuðum í það voru þriðjudagar og fimmtudagar. Eftir hádegi á þriðjudögum var 5. bekkur í íþróttum og þá áætluðum við með 4. bekk og eftir hádegi á fimmtudögum var 4. bekkur í íþróttum og þá áætluðum við með 5. bekk. Tíminn var einnig nýttur í gott spjall um námið og líðan við nemendur þar sem að hver kennari var með sína umsjónarnemendur og einungis ca. 8-10 nemendur í einu. Þetta kerfi reyndist mjög vel og auðvelt var að fylgjast með framvindu nemendanna í stærðfræði.

Námsaðlögun/skipulag hennar /hvaða leiðir voru farnar?

Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans en hver og einn vann á því þrepi sem hentaði. Við vorum líka með þarfaskipta hópa í stærðfræði þar sem við gátum unnið með misjafnar áherslur eftir því hvað hentaði. Nokkrir nemendur voru með efnið niðursneitt í smærri einingar og unnu samkvæmt sínum markmiðum.

Í þemavinnu unnu flestir sömu verkefnin en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda. Stundum vorum við með auðveldari útfærslur á verkefnum, stundum gátu nemendur sem það þurftu notað tölvur og spjaldtölvur, stundum voru valverkefni þannig að nemendur gátu valið verkefni sem þeir réðu við o.s.frv.

Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?

Við unnum allar áætlanir samkvæmt ákveðnu formi sem ákveðið var í haust að allir kennarar notuðu við áætlanagerð. Strax í haust voru allar stærðfræðiáætlanir tilbúnar en þema og íslensku áætlanirnar unnum við jafnóðum allan veturinn. Við sendum áætlanirnar til stjórnenda en þær voru ekki sýnilegar foreldrum.

Námsgreinar

Stærðfræði

Sproti (3A og 3B) 4a, 4b, Stika 1a og 1b, (Stika 2A og 2B) Hringur, þemaheftin Dýr í Afríku og Mynstur og ýmis önnur verkefni af vef (gyldendal/multi.no og nams.is) og í spjaldtölvu

Íslenska / lestur

ýmsar sögubækur, fræðibækur og námsbækur sem féllu vel að þemum

Skinna 1 og Málrækt

Enska

4. bekkur: Adventure Island of English Words/Orðasjóður, Hickory, Dickory, Dock

5. bekkur: Work out, Speak out og lestrarbækur, Hickory, Dickory, Dock

Upplýsingatækni / áhugasvið, Tölvuver / nams.is



Jákvæður agi , Kennsluáætlun í jákvæðum aga, Gæðahringir þrisvar sinnum í viku Þemu, Víkingar, Stuðst við Leif Eiríksson, Litlu landnemana og Komdu og skoðaðu landnámið, Vináttu og samkenndarþemu – byrjendalæsisáætlanir, Litli Kláus og stóri Kláus, Ensku rósirnar og Algjör milli Íslands og jarðfræðiþema, Stuðst við Ísland veröld til að njóta og jarðfræðihlutann úr Auðvitað 1

Tilraunaþema, Rafmagn og segull – stuðst við Auðvitað 1

Fuglaþema Stuðst við Náttúran allan ársins hring og Lífríki á landi

Útikennsla

Í vetur vorum við ekki með eins markvissa útiveru og við höfum verið með áður. Við fórum í nokkrar vettvangsferðir sem við tengdum oft við það sem við vorum að fjalla um í þema hverju sinni. Fórum t.d. í Krossanesborgir og í ratleik í Lystigarðinum á haustdögum, fórum á Minjasafnið í október að skoða gömul kort í tengslum við þema um landnema. Fórum svo aftur í heimsókn á Minjasafnið fyrir jólin. Auk þess tókum við þátt í útivistardögum sem voru skipulagðir í öllum skólanum að hausti og vori og ferð í Hlíðarfjall. Eitt af meginmarkmiðum útivistarinnar var að þjálfar nemendur upp í að ganga og njóta útiverunnar og nærumhverfis.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækninni var þannig háttað að fyrir áramót var 5. bekkur aðra hverja viku í upplýsingatækni og eftir áramót var 4. bekkur. Áherslur voru á að nemendur lærðu á forritin word og power point, gætu vistað gögnin sín á vísum stað og haldið utan um sitt efni. Einnig fórum við yfir tölvuöryggi og netnotkun.

Vettvangsferðir og uppákomur

Krossanesborgir, - Við fórum strax á haustdögum í Krossanesborgir til að njóta útiverunnar og tína ber.

Ferð í Lystigarðinn – fórum í ratleik um svæðið

Heimsókn á Minjasafnið – í október þar sem við skoðuðum og fræddumst um gömul kort af Íslandi.

Heimsókn á Amtbókasafnið – kíktum á safnið í nóvember og tókum bækur til að hafa á svæðinu okkar í skólanum

Fræðsla um miðaldabæinn Gásir – móðir kom í heimsókn og var með fræðslu

Heimsókn á Minjasafnið – fyrir jólin, skoðuðum hvernig undirbúningur jóla hefur þróast gegnum tíðina

Skautuferð fyrir 4. og 5. bekk – kynning á hokkí í boði SA

Helgileikur - nemendur í 4. bekk settu upp helgileik sem sýndur var á litlu jólunum fyrir aðra nemendur og starfsfólk. Einnig var hann sýndur á Naustatjörn.

Jólaleikrit – nemendur í 5. bekk settu upp jólaleikrit sem var sýnt á litlu-jólum í staðin fyrir að vera með leikrit á árshátíð

Fræðsla um jarðfræði – móðir kom í heimsókn og var með fræðslu um jarðfræði og störf jarðfræðinga

Skíðaferð – allir nemendur skólans fóru í skíðaferð

Frjálsíþróttamót – nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á vegum UFA.

Svalbarðseyri – Farið var í dagsferð á Svalbarðseyri þar sem fjaran og fuglalífið var skoðað og grillað og leikið í reitnum við Safnasafnið.

Lystigarðurinn - fórum í göngutúr niður í lystigarðinn

Vorþemadagur – stöðvavinna í skóla annan daginn og íþróttadagur í Höllinni hinn daginn

**Kiðagil**

Nemendur

Í 4. bekk fóru í sveitaferð að Kiðagili í Bárðardal ásamt tveimur umsjónarkennurum. Lagt var af stað á mánudagsmorgni og komið heim eftir hádegi á miðvikudegi. Þema dvalarinnar var sveitin og handverk og fórum við m.a. uppí Svartárvot og vorum þar heilan dag í sauðburði. Þar var margt og mikið að sjá og krakkarnir fengu að prófa ýmislegt eins og að hjálpa kind að bera, gefa hey, mjólka o.s.frv. Hægt er að segja að ferðin hafi gengið vel og allir ánægðir við heimferð. Nokkrir foreldrar komu seinni part dags og gistu og eitt foreldri var með okkur á þriðjudeginum.

Mat og tillögur til úrbóta

Í vetur tókum við upp annað skipulag í stærðfræði þar sem nemendur áætluðu sér útrá markmiðum og okkur fannst það koma vel út. Við settum niður tímaramma svo að allir gerðu sér grein fyrir hversu mikið þyrfti að vinna til að geta náð öllum markmiðum vetrarins. Kennarar, nemendur og foreldrar voru ánægðir með skipulagið og það kom mikið kapp í nemendur í þessu vinnulagi. Við ætlum okkur að ræða markmiðin betur við nemendur í upphafi lotu og einnig halda því betur á lofti hversu löng lotan er og hvenær hún á að vera búin. Spurning um að láta flesta haldast að og hafa innlagnir. Spurning um að útbúa innlagnir í stærðfræði og hafa aðgengilegar í tölvum.

Varðandi þemu verðum við að passa okkur á því að hafa þau ekki of löng og hafa líka íslenskubemu annað slagið. Við verðum að leggja meiri áherslu á íslenskuna og jafnvel að taka málfræði og stafsetningu út úr þemanu og gera því hærra undir höfði. Vinna ritun þannig að það sé stígandi í henni og áherslan verði á að krakkarnir klári ritunarverkefnið og vandi vinnubrögðin. Markmið þemanna verða að vera sýnileg, þannig að börnin skilji þau og við ætlum að nýta okkur það sem við vorum að vinna með Helgu Rún. Ræða markmið, leiðir, viðmið og setja fram spurningar (leiðsagnamat).

Við værum til í að vera með meiri útikennslu þar sem skólinn ynni jafnvel saman að því að byggja upp skemmtilegt útikennslusvæði. Varðandi Kiðagilsferð þá fannst okkur að stjórnendur mættu vera með okkur í þeirri vinnu og sýna henni meiri áhuga.

Námsmat

Nemendur fóru heim með matsmöppu fjórum sinnum í vetur. Þegar fimmta matsmappan var tilbúin var foreldrum boðið að koma og skoða möppurnar í skólanum á skólaslitasdaginn. Þá völdu nemendur ásamt foreldrum sínum verkefni úr matsmöppu vetrarins til að færa yfir í safnmöppuna sem heldur utan um verkefni frá 1. og upp í 10. bekk í skólanum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Við reyndum að hafa verkefnavalið þannig að verkefnið gæfu skýra mynd því hvað krakkarnir voru að fást við hér í skólanum, t.d. verkefni úr þemum, ensku, stærðfræði, sjálfsmyndir, skriftarsýnishorn, ritunarverkefni, kannanir og matsblöð. Við lestrarhraðaprófuðum krakkana fyrir hver möppuskil og lestrarsúlur voru því fastur punktur í matsmöppum vetrarins. Námsmatið var sett fram á eftirfarandi hátt: Skriflegar og munnlegar kannanir, Skráning í markmiðalista, Símat / matsmöppur félagamat, sjálfsmat, sóknarkvarði, umsgagnir og leiðsagnarmat.

Vorum í samstarfi við Helgu Rún frá Miðstöð skólaþróunar varðandi leiðsagnarmat. Við fórum á námskeið í haust upp í HA og í framhaldi af því hafði Helga Rún samband við okkur varðandi samstarf. Við einbeittum okkur að því að gera markmiðin einfaldari, hafa þau sýnileg og að ræða þau við krakkana. Einnig höfum við einbeitt okkur að því að nota spurningar til að ræða markmið og setja okkur viðmið með krökkunum. Ákveðið var að við myndum einbeita okkur að þemavinnu í þessari vinnu. Okkur fannst þetta gefast vel og við lærðum mikið af þessari vinnu og komum til með að nýta okkur þetta vinnulag áfram. Matsmöppurnar gengu vel og er vinnan við þær orðin þjál. Eins og í fyrra gerðum við okkur



lista yfir hvað ætti að fara í möppurnar hverju sinni og það stóðst í langflestum tilfellum. Við erum mjög ánægðar með fyrirkomulag á vitnisburði á skólaslitum núna í vor og finnst umsagnarþátturinn mjög flottur. Ennþá vantar markmið í tungumálum og finnst okkur skipta máli að þau verði komin inn fyrir næsta skólaár.

Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar hafa verið sendir á alla foreldra ásamt upplýsingum um ástundun nemenda. Í einstaka tilvikum hafa verið sendir daglegir tölvupóstar og reglulegar skráningar í dagbók með upplýsingum um hvernig gengur. Reglulegir fundir voru með einstaka foreldrum um hegðun, nám og líðan nemenda og eins voru nokkrir skilafundir. Haldinn var kynningarfundur á haustdögum fyrir foreldra þar sem farið var yfir skipulag vetrarins. Foreldrum 4.-5. bekkinga var boðið á foreldrasýningu fyrir litlu-jólin þar sem 4. bekkur sýndi helgileik og 5. bekkur jólaleikrit. Einnig var foreldrasýning eftir þemavinnu um Ísland og foreldrum nemenda í 4. bekk var boðið á lokahátíð litlu upplestrarkeppninnar. Viðtalsdagar voru tveir, í október og janúar. Tölvupóstur og símtöl til foreldra eftir þörfum.

Nemendur

Líðan nemenda

Heilt yfir höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum, með nokkrum undantekningum þó. Okkur finnst góð tengsl hafa myndast milli nemenda og umsjónarkennara og tengsl og samskipti við foreldrahópinn voru góð.

Eineltis- og agamál

Upp komu nokkur eineltis- og agamál í vetur sem tekið var á eftir bestu getu.

Námsárangur

Nemendur hafa sýnt miklar framfarir í lestri í vetur og teljum við það vera vegna markvissrar lestrarþjálfunar. Okkur finnst mjög greinilegt að 5. bekk hefur farið mikið fram í vinnulagi og sjálfstæði í námi.

Ástundun

Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Við sendum ástundun til foreldra í tölvupósti á hverjum föstudegi þannig að foreldrar hefðu átt að fá góða yfirsýn um mætingar barna sinna. Einstaka börn komu endurtekið of seint og hefur það verið rætt við foreldra og hefur lagast í langflestum tilfellum. Það kom fyrir að börn fengu leyfi í lengri tíma án þess að við umsjónarkennarar vissum af og hefði verið gott að fá að vita til að geta undirbúið börnin með einhver námsgögn ef þurfti.

Mat og tillögur til úrbóta

Okkur þótti oft á tíðum erfitt að halda uppi aga og fá næði til að útskýra eða ná góðum samræðum. Það var eins og umræður og tiltal hefðu lítið að segja varðandi þetta. Okkur langar til að ná að skapa betri vinnufrið og hlustun í hópnum.

Samstarf í teymi

Teymisfundir voru haldnir tvisvar í viku, á mánudögum voru skipulagsfundir og á miðvikudögum var farið yfir nemendamál og trúnaðarfundur. Alla deildarstjóri kom alltaf inn á miðvikudagsfundina og stýrði þeim. Umsjónarkennarar og stoðkennari hafa skipt með sér hlutverkum formanns og ritara teymis í vetur ásamt því að skrifa föstudagspóstinn.

Endurmenntun

Allir kennarar hafa sótt byrjendalæsissemiðjur í HA í vetur og höfum við verið duglegar að nýta okkur það sem við höfum lært þar. Endurmatið og ráðgjöfin sem lagt er upp með í



byrjendalæsi hefði þurft að vera markvissari af hálfu leiðtoga í skólanum. Kennarateymið fór á námskeið upp í HA um leiðsagnarmat á haustönn og í framhaldi af því höfum við verið í verkefni með Helgu Rún sem er að gera meistaraprófsritgerð um leiðsagnarmat. Hún hefur komið og átt fundi með okkur um leiðsagnarmat, leiðbeinir okkur og styður við það sem við erum að gera. Þetta hefur reynst okkur mjög vel og okkur finnst við vera að ná að temja okkur þetta vinnulag. En þurfum jafnframt að halda því áfram á lofti.

Jafningjastuðningur / ígrundanir / starfsendaransóknir

Kennarar teymisins ætla að skila af sér starfsendarannsókn varðandi leiðsagnarmat nú í sumar.

Almenn samantekt

Okkur finnst það hafa verið breyting til batnaðar að hafa stoðkennara í teyminu, það að hann sinni öðrum störfum og hafi verið í hlutastarfi gerði skipulag vinnunnar frekar snúið og við hefðum kosið að hafa hann meira inni hjá okkur. Við fáum lítinn tíma utan kennslu með stuðningsfulltrúum til undirbúnings og ráðagerða þar sem þeir fara beint í að sinna öðrum störfum, jafnvel áður en kennslu er lokið. Okkur finnst það vera mikill stuðningur að hafa stjórnenda alltaf vikulega á teymisfundum og hann fylgir málum mjög vel eftir.

Okkur finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem við ættum þá að geta nýtt okkur í kennslu t.d. uppi í Naustaborgum.

Einnig finnst okkur náttúrufræðikennsla í skólanum ekki nógu markviss og nýta mætti náttúrufræðistofuna betur og þau gögn sem þar eru.

Varðandi samkenndu árganga, gæti reynst vel að setja upp ákveðin viðmið um vinnulag á ákveðnum stigum skólans t.d. það sem varðar byrjendalæsisaðferðir og orð af orði og lykilhæfni (þrautavinna, þrautsegja, samvinna, úthald o.s.frv.)

Endurmenntun um upplýsingatækni þyrfti að vera fyrir kennara, gæti t.d. verið innanhúss og nýta á þann hátt þekkingu innanhúss varðandi spjaldtölvur og speglaða kennslu.

Þyrftum að taka umræðu innan skólans um stærðfræðikennslu, það er heilmikil vinna varðandi íslensku t.d. byrjendalæsi og PALS og okkur finnst að mætti vera meiri umræða líka um stærðfræði. Að fólk stilli saman strengi sína og deili þekkingu sinni og hugmyndum. Einnig mætti vera meiri umræður í skólanum í heild um vinnubrögð og vinnulag innan skólans útfrá stefnunni. Hvert ætlum við og hvernig ætlum við að ná því.

Okkur finnst að stjórnendur mættu vera sýnilegri á uppbrotsdögum eins og útivistardögum, vorþemadögum, á foreldraheimsóknum, kveðja og taka á móti nemendahópum þegar þeir fara í skólaferðir. Eins væri gaman að þeir sýnilegri í daglegu amstri inná svæðum og líti við annað slagið.



Skýrsla 6.-7. bekkjar

Námsumhverfi og skipulag

Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum í vetur en nemendafjöldinn er samt sá sami í lok vetrar og hann var í byrjun, 64 nemendur. Umsjónarkennarar voru 3, sem skiptu nemendum á milli sín í umsjón, einn stoðkennari sem aðstoðaði sérstaklega nemendur með aðlagð námsefni. Hann var einnig með umsjón með fjölfötluðum nemenda og sinnti einnig kennslu hans, um 9 klst. á viku. Tveir stuðningsfulltrúar sinntu stuðningi við nemendahópinn ásamt því að sinna stuðningi við fjölfatlaða nemandann. Umsjónarhóparnir voru saman í gæðahringjum og sátu saman hver á sínu svæði. Uppröðun á svæðum var mismunandi og breytileg. Í hringekju var hópnum skipt í 4 hópa. Í þeim var hópnum skipt fyrst 4 hópa en síðan í 13 hópa (þróunarverkefni) með 4 -5 í hverjum hóp. Í síðasta þemanu var kynja- og aldurskipt í hópa, 4-5 í hóp.

Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 32 stelpur á móti 32 strákum í lok skólaárs.

Árgangaskipting: Í 6.bekk voru 29 nemendur og 35 nemendur í 7.bekk.

hópaskiptingar

- Umsjónarhópa
- Smiðjuhópa
- Sundhópa
- Hringekjuhópa
- Þemahópa
- Enskuhópa
- Stafsetningarhópa

Skipulag námsins

Við ákváðum að hafa nokkuð fasta stundatöflu, þ.e.a.s. að það var sami rammi í hverri viku en með mismunandi verkefnum. Allir dagarnir hjá nemendum voru fjölbreyttir og úthald yfirleitt gott. Það var helst á mánudögum sem nemendur voru þreyttir, á mánudögum var kennt þema allan daginn sem gæti verið hluti af skýringunni.

Mánudagar: Nemendur byrjuðu í krók og fóru síðan í samveru. Eftir samveru var þema en við byrjuðum samt alltaf í krók (bekkjarfund) með umsjónarhópana og útskýrðum hvað væri framundan þann daginn. Þemaverkefni dagsins var lagt inn. Síðan var oftast unnið í þema allan daginn en ef ekki þá fóru nemendur í vinnustund eða yndislestur eftir hádegi. Þemað var unnið í þróunarverkefni í vetur. Við t.d. vorum ekki með fjóra stóra hópa eins og undanfarin ár, nema í fyrsta þemanu, heldur marga minni. Byrjuðum með 6 - 7 nemendur í hóp en enduðum með 4 í hóp. Allir hóparnir voru á svæðinu á sama tíma að vinna á stöðvum við mismunandi verkefni. Okkur fannst þetta ganga vel.

Þriðjudagar: Á þriðjudögum fóru nemendur í íþróttir, 7.b. kl. 8:10 og 6.b. kl. 8.50. Fékk þá 6.b. góðan tíma einn á svæðinu með öllum kennurum í vinnustund og fannst okkur kennurunum þetta einstaklega góður tími. Klukkan 9:30 kom 7.b. úr íþróttum og fór beint í nesti og frímínútur. Eftir frímínútur fór 7. b. í dönsku og 6. b. í yndislestur þegar þeir komu úr íþróttum. Kl. 11:10 fóru allir í stafsetningu. Hópnum var skipt í fjóra misstóra hópa. Tvo stóra og tvo minni. Í minni hópnum voru nemendur með lesblindu



eða aðra námserfiðleika. Eftir hádegi var enska. Hópnum var þá skipt í þrjá þarfaskipta hópa sem okkur fannst mjög gott. Nemendur fengu að skipta um hópa ef þeim fannst efnið annaðhvort of létt eða of erfitt.

Miðvikudagar: Á miðvikudögum byrjuðu nemendur í smiðjum. Eftir frímínútur var hringekja. Í hringekju voru fjórar stöðvar og einn stór hópur á hverri. Á miðvikudögum fóru hóparnir á tvær stöðvar. Stöðvarnar skiptust í eina stærðfræðistöð og oftast þrjár íslenskustöðvar. Eftir hádegi var vinnustund, sund og yndislestur.

Fimmtudagar: Á fimmtudögum byrjuðum við alltaf á bekkjarfundi, síðan var yndislestur, vinnustund og upplýsingatækni fram að nesti. Eftir frímínútur voru smiðjutímar. Eftir hádegi var hringekja og þá var rúllan frá því á miðvikudeginum kláruð.

Föstudagar: Byrjuðum daginn í krók síðan fór fyrsti hópurinn í útiþróttir á meðan voru hinir í vinnustund og/eða kláruðu tíma. Þegar síðasti hópurinn kom úr útiþróttum var oft yndislestur fram að hádegi. Föstudagarnir voru oft nýttir fyrir kannanir því þá voru ekki allir hóparnir á svæðinu á sama tíma, einnig notuðum við eyðurnar okkar fyrir nemendaviðtöl. Eftir hádegi lokuðum við vikunni á bekkjarfundi.

Kennsluhættir

Sjá má á dagskipulagi að vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir / aðferðir.

- Stuttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópavinna
- Samvinnunám
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Læsi til náms
- Leikræn tjáning
- Vettvangsferðir

Hver dagur byrjaði í heimakrók hvers umsjónarhóps þar sem var farið yfir dagsskipulagið og spjallað um ýmis málefni er tengdust skólastarfinu.

Bekkjarfundir voru fastir í stundatöflu tvisvar í viku. Gerð var áætlun að dagskrá fyrir fundina. Framan af vetri gekk ágætlega að halda dagskrá en eftir páska varð markvisst starf með jákvæðum aga (JA) óreglulegra. Við söknum þess að ekki sé umsjónaraðili með JA.

Stundaskrá dagsins er skrifuð upp á töflu sem stendur við innganginn á svæðið. Þetta auðveldar mörgum nemendum að átta sig betur á því hvað er framundan á hverjum degi.

Farið er sérstaklega yfir stundaskrá með einum nemanda sem notar snertitákn (áferð/lykt).



Við skilgreinum samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og þar gefst gott tækifæri til þess að vera með JA eins og á formlegum bekkjarfundum.

Kennsluáætlanir í þema voru fimm, unnið var með með eitt viðfangsefni í hverri lotu. Náms efni aðlagð og verkefni stytt fyrir þá nemendur sem þurfa. Áætlanir voru sendar til stjórnenda til birtingar.

Í íslensku var unnið eftir 8 áætlunum, þær voru sendar stjórnendum til birtingar foreldrum. Námsaðlögun var mætt með styttri verkefnum, aðstoð með upplestri, verkefnalausnir skrifaðar fyrir nemendur, ritun í tölvu og munnlegum skilum.

Í stærðfræði var kennsluáætlunin meira einstaklingsbundin, þ.e.a.s. að í 6.bekk er miðað við að nemendur ljúki 12.þrepi og 7.bekkur 14.þrepi. Hópur nemenda var að vinna á bæði lægri þrepum og efri þrepum, allt frá 8. til 16. þreps. Náms efnið er aðlagð að þörfum hvers og eins.

Námsgreinar

Íslenska: Íslenskukennslan var með svipuðum hætti og síðastliðinn vetur þ.e. kennt var í lotum og unnið að ákveðnum markmiðum í hverri lotu. Við lok hvernar lotu þurftu nemendur að skila verkefnum og/eða voru lagðar fyrir þá kannanir/matsverkefni. Enn meiri áhersla var á ritun í vetur og unnu nemendur tvö stór ritunarverkefni ásamt nokkrum minni verkefnum. Í vetur unnu nemendur meira með ljóð og rím en gert hefur verið áður sem var mjög skemmtilegt og mætti gera meira af. Námsloturnar voru 8. Íslenskan var alltaf að einhverju leyti samþætt þemaverkefnum og kennd í gegnum Læsi til náms. Í hringekju var fjölbreytt vinna þar unnu nemendur í málfræðiheftum, lestrarverkefni, ritunarverkefni í tölvum og ýmis önnur verkefni s.s. ljóðaverkefni. Á degi íslenskrar tungu byrjaði undirbúningur undir stóru upplestrarkeppnina, eftir það var alltaf ein stöðin í hringekju tileinkuð þeim undirbúningi. Stafsetning var einu sinni í viku ýmist upplestur eða sóknarskrift. Nemendur tóku tvö hraðlestrarpróf, að hausti og að vori. Nemendur komu að okkar mati ekki nægilega vel út að vori og ætlum að leggja enn meiri áherslu á lestur næsta vetur.

Stærðfræði: Stærðfræðinni var í grunninn skipt upp í tvö stig, 6. bekkur vann á 12. stigi og 7. bekkur á 14. Eins og gengur var nokkur fjöldi nemenda sem unnu á öðrum stigum, ýmist á neðri og efri stigum, s.s. 8. og 10. stig ásamt 16. stigi. Á 12. og 14. stigi voru notaðar kennslubækurnar Stika. Nemendur studdust við lotuáætlanir og kannanir voru í lok hvernar lotu. Kennarar eru sammála um að Stikubækurnar eru góðar, aðallega vegna góðra sýnidæma. Áhersla var lögð á að setja dæmi upp og sýna útreikninga.

Enska: Enska var kennd einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Nemendahópurinn var á breiðu getustigi og því var nemendum skipt í þrjá hópa eftir þörfum. Þetta reyndist afar vel og fengu nemendur verkefni við hæfi samkvæmt getu, þroska og áhuga. Mikil áhersla var lögð á orðaforða og lesskilning.

Danska: Danska var kennd einu sinni í viku í 7. bekk 40 mínútur í senn. Áhersla var á að hafa fjölbreytt verkefni, s.s. hlustun, samræður, verkefnavinna og fleira. Áhersla var á munnlega tjáningu nemenda og framburð. Kennari talaði dönsku við nemendur í tímum. Markmið tímanna var að kynna grunnatriði í dönsku fyrir nemendur, s.s. tölur, daga, liti og að gera nemendur klára í að skrifa stutta ritun um sjálfa sig.



Þemaverkefni: Þemaverkefnin voru eftirfarandi fyrir áramót: Lífríki í fersku vatni og sjó, björgunarsveitapema og trúarbragðapema. Eftir áramót var svo Evrópuþema fyrri hluta annar og vísindapema seinni hluta. Öll markmið og áætlanir í þemum finnast á samgögnum og voru einnig sendar stjórnendum.

Þemun voru unnin í þróunarvinnu þar sem áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu. Í byrjun hvers þema fengu nemendur blað með markmiðum þemans og fyrsta gátlistann. Á gátlistanum gátu nemendur séð hvaða verkefni átti að vinna og hakað við þegar þeir höfðu lokið þeim. Svæðinu var skipt upp eftir númerum og átti hvert verkefni sitt númer. Á hverju svæði voru nákvæmar verkefnislýsingar. Á nokkrum stöðum á svæðinu gátu nemendur fundið lista yfir hvar hvert verkefni var.

Þetta gekk orðið frekar vel í síðasta þemanu þegar nemendur voru búnir að átta sig vel á skipulaginu.

Útikennsla: Einu sinni í viku fóru nemendur út í skipulagða leiki hjá íþróttakennara. Önnur skipulögð útikennsla var ekki.

Upplýsingatækni: Upplýsingatækni var með fastan tíma í stundatöflu á fimmtudögum. Hópnum var kynjaskipt og bekkjarskipt og það gafst vel. Áhersla var lögð á að nemendur yrðu færir í Word og Excel.

Vettvangsferðir: Vettvangsferðir voru fjórar í vetur með allan hópinn og 6. bekkur fór á Húna í haust eins og venja er. Það var farið tvisvar á Amtbókasafnið þar sem var tekið mjög vel á móti okkur. Í haust fórum við að Hundatjörn í tengslum við þemað "líf í fersku vatni og sjó". Í október heimsóttum við Björgunarsveitina sem var tengt björgunarsveitapema. Einnig fórum við í sleðaferð með hópinn.

Mat og tillögur

Stærðfræði og íslenska voru kennd í lotum líkt og á unglingastiginu með fínnum árangri og mun sama fyrirkomulag halda áfram. Nemendur gerðu skriflega könnun eftir hverja lotu. Það mætti leggja meiri áherslu á smá heimavinnu í stærðfræði svo nemendur verði öruggari í sínum reikniaðgerðum og nái að klára áætlanir á réttum tíma. Við fórum ekki í átak í margföldunartöflu eins og síðustu vetur en teljum það nauðsynlegt á hverjum vetri.

Varðandi íslensku þá gekk vel að byggja námið upp með lotum, skrifleg könnun var í lok hvernar lotu. Í lok vetrar gerðu nemendur kjörbókarritgerð sem kom vel út einnig gerðu nemendur heimildarritgerð í Evrópuþema. Almenn gekk nemendum vel að vinna þessar ritgerðir og lærðu þeir heilmikið af því. Mun betra væri samt að nemendur og kennarar hefðu aðgang að Google classroom því þá er hægt að leiðbeina nemendum betur gegnum ritgerðarskrifin. Stafsetningar kennslan gekk vel, bæði með gamaldags upplestri og sóknarskrift.

Þemavinna gekk frekar vel eins en farið var í mikla þróunarvinnu í þemum.

Þemahóparnir hafðir fleiri og minni, byrjuðum á að hafa 6-7 nemendur í hóp en enduðum með fjóra í hverjum hóp. Svæðinu var skipti í nokkrar stöðvar og voru 1-4 hópar að vinna á hverri stöð í einu. Nemendur fengu markmiðalista og gátlista í upphafi hvers þema og merktu við þau verkefni sem þeir höfðu lokið við á gátlistanum. Þannig gátu bæði kennarar og nemendur fylgst með hvernig gekk að vinna verkefnin. Öll verkefni ásamt gátlistum og markmiðalista söfnuðu nemendur í þemamöppu.



Þemamöppurnar fóru í matsmöppur og gáfu kennarar hverjum nemanda umsögn, einnig gerðu nemendur sjálfsmat í lok hvers þema.

Námsmat

Í stærðfræði og íslensku var símat þ.e. lagðar voru skriflegar kannanir fyrir nemendur eftir hverja áætlun, merkt var við markmið á Mentor eftir hverja könnun. Einnig var skráð í verkefnabók leshraði, lesskilningur, niðurstöður kannana, þema og ritunarverkefna. Merkt var við markmið inn á mentor, grænt ef markmiði var náð, gult ef nemandi náði ekki fullum tókum á efninu en samt á góðri leið og rautt ef nemandi náði ekki markmiði.

Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir fjórum sinnum yfir veturinn og nemendum birtar niðurstöður á súluriti. Í lok skólaársins fengu þeir síðan blað með árangri vetrarins. Ljóst þykir að nemendur þurfa að vera duglegri við lestur þar sem margir hafa ekki náð lestrarviðmiðum árganganna. Farið var í lestrarátak einu sinni í vetur sem gekk ekki nægilega vel og stóð helst á því að nemendur læsu heima og að einhver kvittaði fyrir heimalesturinn einnig gleymdist kvittunarbókin of oft heima.

Tvö stór lesskilningsverkefni voru lögð fyrir nemendur ásamt fleiri minni verkefnum. Leggja þyrfti meiri áherslu á að láta nemendur endursegja texta sem þeir lásu og að láta þá vinna útdrætti úr stuttum textum til að auka lesskilning.

Töluverð áhersla var á ritun. Nemendur gerðu tvær ritgerðir, heimildarritgerð í Evrópuþema og kjörbókarritgerð. Ýmis ritunarverkefni voru unnin í þemum og hringekju bæði hóp- og einstaklingsverkefnum. Einnig unnu nemendur í frjálsri ritun. Í dönsku voru ritunarverkefni nýtt til að kanna stöðu nemenda og í lok vetrar var skrifleg gagnakönnun um efni vetrarins.

Í ensku voru ekki lagðar fyrir formlegar kannanir, verkefni voru metin. Þar sem hópurinn var á mjög breiðu getustigi var ákveðið að getuskipta nemendunum í þrjá hópa. Þetta reyndist afar vel og fengu flestir nemendur ögrandi verkefni, áhersla var á samvinnu nemenda. Mikil áhersla var lögð á að auka enskan orðaforða nemenda sem og að nemendur fengju tækifæri til að tala tungumálið í tímum.

Matsmöppur

Matsmöppurnar fóru fjórum sinnum heim yfir veturinn og fimmta mappan (sem samanstóð af öllum fjórum möppunum ásamt viðbót) var svo til sýnis á skólaslitunum. Verkefnin í möppunni voru valin með hliðsjón af því hvaða vinna það væri sem gæfi hvað skýrasta mynd af viðfangsefnum nemenda í skólanum, vinnubrögðum og leikni og vera þannig lýsandi fyrir námslega stöðu hans. Foreldrar virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa hvatningarorð/skilaboð til nemenda og/eða kennara við hver möppuskil.

Reynt var að hafa verkefnin sem fjölbreyttust svo þau gæfu sem skýrasta mynd af hæfni og leikni hvers nemanda í hverju fagi.

Verkefnin sem finna mátti í möppunum voru eftirfarandi:

Skil í október 2016:

- Stærðfræði – könnun
- Íslenska - stafsetning
- Íslenska – könnun



- Íslenska – lestrarpróf
- Þema – ritun
- Þema/íslenska – verkefni
- Þema/íslenska - verkefni
- Danska - 7. bekkur
- Enska - verkefni
- Þema – verkefni/spurningar
- Þema – verkefni/fiskar
- Sjálfsmynd að hausti

Skil í desember 2016:

- Stærðfræði – könnun
- Íslenska - stafsetning
- Íslenska – könnun – lýsingarorð
- Íslenska – lesskilningur
- Íslenska – ritun auglýsing-matsblað
- Íslenska – lestrarpróf
- Danska - 7. bekkur
- Enska – verkefni
- Þema – Björgunarsveitarhefti
- Smiðjuverkefni

Skil í febrúar 2016:

- Stærðfræði – könnun
- Íslenska - stafsetning
- Íslenska – könnun – sagnorð
- Íslenska – ljóðaverkefni 1
- Íslenska – ljóðaverkefni 2
- Íslenska – leshraðapróf
- Danska - 7. bekkur
- Enska – verkefni
- Smiðjuverkefni
- Annað

Skil í apríl 2016:

- Stærðfræði – könnun
- Stærðfræði - könnun
- Íslenska - stafsetning
- Íslenska – könnun
- Þema/íslenska – heimildarritgerð
- Þema mappa með verkefnum – mappan á að verða eftir heima
- Danska - 7. bekkur
- Enska – verkefni
- Annað

Skil í maí 2016:

- Stærðfræði – könnun
- Þema - könnun



- Íslenska – könnun
- íslenska – Kjörbókarritgerð
- Þema mappa með verkefnum – mappan á að verða eftir heima
- Danska - 7. bekkur
- Enska – verkefni
- Annað

Samráðs- og matsdagar

Samráðs- og matsdagar voru tveir á skólaárinu. Að hausti og í lok janúar komu foreldrar/forráðamenn í viðtal með börnum sínum. Foreldrar skráðu sig í viðtölin á Mentor. Kennarar höfðu samband við þá foreldra sem ekki skráðu sig og festu með þeim viðtal.

Að auki var fundað reglulega (teymisfundir) yfir skólaárið vegna 8 barna.

Mat og tillögur til úrbóta

Það sem helst ber að nefna er að teymið vill gjarna notast við enn fjölbreyttara námsmat en verið hefur hingað til. Vorum með þemamöppur í vetur og fengu nemendur umsögn um möppuna sína og verkefnin í henni, en það þarf að þróa þetta frekar sérstaklega með tilliti til námsmats. Aukinn vinnufriður skapast með því að nemendur eiga sitt sæti á sínu umsjónarsvæði, þetta þurfa kennarar að huga að næsta vetur. Sama má segja með yndislestur, nemendur eiga að lesa á sínu svæði en ekki fara fram, í sófa o.s. frv. Kennarar þurfa að samræma sig í sambandi við flakk milli svæða. Við viljum hafa markmiðin sýnilegri þannig að nemendur geri sér grein fyrir hvort þeir hafi náð settum markmiðum. Þetta viljum við hafa sýnilegt á lotublöðunum í íslensku og stærðfræði. Við viljum að þessi blöð fari í matsmöppu. Við notuðum sjálfsmat í þema og ensku. Sjálfsmat hefur marga kosti umfram það að vera bara námsmat þar sem það hvetur nemendur til sjálfskoðunar og eflir gagnrýna hugsun og sjálfstæði.

Nemendur

Líðan nemenda

Samkvæmt könnunum þá líður nemendum vel í skólanum. Þessar kannanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur). Tengslakönnun var tekin á haustönn og kom hún nokkuð vel út. Sérstaklega var tekið á samskiptavanda stúlkna í 7. bekk á vordögum, tekin var tengslakönnun, tekin viðtöl við þær allar og rætt aftur við hluta stúlkanna. Einnig var fundað með þeim öllum tvisvar og rætt um samskipti. Eva námsráðgjafi vann þetta með teyminu og tók hluta viðtalanna. Nemendaviðtöl voru tekin við alla nemendureinu sinni á skólaárinu og síðan eftir þörfum.



Eineltismál og agamál

Ef upp komu agamál á kennslusvæði eða í frímínútum tóku kennarar strax á því, tóku nemendur úr aðstæðum og ræddu við þá. Einnig voru nemendur hvattir til að leysa ágreiningsmál sín á milli, aðstoð veitt ef illa gekk. Hegðunarfrávik voru skráð í dagbók og hringt heim eftir þörfum.

Námsárangur

Námsárangur 7. bekkjar í stærðfræði var mjög viðunandi og náðu margir nemendur að ljúka fjölmörgum markmiðum á sínum stigum. Ánægjulegt var að sjá góðan árangur hjá 7. bekk í stærðfræði í samræmdum prófum. Hjá 6. bekk var staðan svipuð, fjölmargir nemendur tóku miklum framförum í vetur og unnu vel að sínum markmiðum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðun í okkar kennslu og því margir nemendur að vinna að öðrum markmiðum en flestir samnemendur sínir.

Við erum ánægð með heildarárangur vetrarins í stærðfræði og teljum að nemendur hafi uppskorið ágætlega enda var lögð töluverð áhersla á stærðfræði í vetur. Í stærðfræði voru nemendur á mismunandi þrepum allt frá 8. þrepi að 16. þrepi. Okkur finnst við hafa náð yfirsýn yfir stöðu hvers og eins með því að merkja við þau markmið sem hver nemandi náði eftir að hafa lokið könnun.

Í íslensku gekk flestum að fara yfir markmið vetrarins. Eins og búið er að koma fram vorum við ekki ánægð með framfarir nemanda í lestri þrátt fyrir mikla áherslu á lestur og lesskilning í vetur. Það kom vel fram í vetur að lotubundin vinna hentar nemendum einkar vel og munum við halda því áfram. Vinna við kjörbókarskýrslu og heimildarritgerð gekk vel. Þau verkefni unnu nemendur að miklu leyti heima og við þá vinnu kom vel í ljós hversu mikilvægt það er að foreldrar fá skýrar og góðar leiðbeiningar þegar við ætlumst til þess að nemendur vinni verkefnin að hluta til heima.

Nemendur unnu íslensku verkefni í þeim og hringekjutímum með Læsi til náms verkefnum og í heftum sem kennari útbjó. Ritunarverkefni voru að mestu unnin í hringekjutímum í tölvuverinu. Það gekk aðeins betur að vinna ritun í tölvum í vetur en í fyrra en teymið vill samt ítreka það við stjórnendur að google classroom myndi breyta kennslunni mikið til hins betra.

Undirbúningur undir stóru upplestrarkeppina fór fram í hringekjutímum þar sem nemendur æfðu sig í upplestri og framkomu. Gaman var að fylgjast með framförum nemenda í upplestri og tóku flest allir þátt í upplestrarkeppninni.

Ástundun

Seinkomur hjá nemendum voru skráðar og sendar til foreldra í formi yfirlits á tveggja vikna fresti.

Foreldrasamstarf

Upplýsingamiðlun

Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir helstu atriði komandi viku. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana,



Þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra. Á skólaárinu voru viðtalsdagar þar sem fulltrúar allra barna áttu að mæta (í byrjun október og í janúar). Þegar upp komu slagsmál eða aðrir alvarlegir árekstrar milli nemenda var hringt heim til foreldra viðkomandi barna og þeir upplýstir um stöðu mála. Nemendur tóku einstaka sinnum með sér bækur heim og var það eingöngu ef þeir höfðu nýtt tímann illa í skólanum og voru komnir á eftir. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu til foreldra og þeir látnir vita af heimavinnu barnsins. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um að fá heimanám handa barninu sínu og var þá fundin sameiginleg lausn á því.

Hvað tókst vel og hvað má betur fara?

Kennarar eru nokkuð ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Foreldrar mættu lesa föstudagspóstana oftar og betur. Það kom nokkrum sinnum í ljós að nemendur voru ekki nægilega vel útbúnir í vettvangsferðir og í úti íþróttatíma. Við viljum bæta okkur í að senda upplýsingar á foreldra um komandi kannanir og verkefni og hvernig hægt er að undirbúa sig heima fyrir verkefni.

Samstarf í teyminu

Teymismeðlimir eru sammála um að ágætlega hafi gengið að vinna saman í teyminu í vetur, þeim líði almennt vel í vinnunni og hver og einn hafi þroskast í teymisvinnunni. Það reyndist vel að ákveðnir kennarar höfðu yfirumsjón með ákveðnum fögum. Einn teymisformaður var í vetur og einn ritari.

Stuðningsfulltrúum teymisins fannst þeir nokkuð vel upplýstir með það sem framundan væri, stór þáttur í því er að gætt var að því að þeir næðu að sitja flesta skipulags- og undirbúningsfundum. Föstudagspóstar voru sendir á stuðningsfulltrúa auk þess sem að teymisformaður sá til þess að koma upplýsingum til skila ef stuðningsfulltrúar misstu á fundum.

Teymisfundir voru á miðvikudags- og fimmtudagsmorgnum þegar nemendur voru í smíðjum. Á miðvikudögum var fundað með stjórnanda þar sem tekin voru fyrir nemendamál og trúnaðarmál.

Endurmenntun

Einn kennari fór á byrjendalæsissemiðju einnig fóru flestir teymismeðlimir til Svíþjóðar í námsferð. Stoðkennari teymisins fór í menntabúðir.

Jafningjastuðningur

Yfirhöfuð einkenndi góður mórall og traust teymið. Jafningjastuðningur var góður og traust var meðal okkar að tala saman þegar á þurfti, þ.e. teymis meðlimir voru óhræddir við að deila skoðunum sínum sín á milli, líðan og fleira. Það hjálpaði teyminu að hafa stjórnanda með á fundum á miðvikudögum sem veitti okkur aðhald, ýtti undir lausnaleit og hreinskilni milli teymis meðlima.

Ígrundun og lausnaleit fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námshópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Auk þess var farið



reglulega yfir skipulag námsins og oft voru gerðar breytingar ef þess þurfti. Teymið er sammála um að það hjálpi að geta flett upp í skipulögðum fundargerðum.

Almenn samantekt

Teymið er í heildina ánægt með veturinn en alltaf er hægt að gera betur og bæta sig. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið fín t.d. að nauðsynlegt var að fá einn tíma á viku þar sem bara annar árgangurinn er á svæðinu þá skapast góður tími t.d. með 7. bekk til að skipuleggja böll sem eru haldin til fjáröflunar fyrir Reykjaferð. Teymið ætlar sér að nota fjölbreytt námsmat en tengja það betur við sýnileg markmið hvernar lotu fyrir sig. Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Eins og áður var getið þá

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs ?

Kennurum finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem myndi nýtast í kennslu t.d. í Naustaborgum. Við viljum leggja áherslu á notkun tölvu/spjaldtölva á komandi vetri og að nemendur læri að umgangast og vinna verkefni með slíkum verkfærum. Mikilvægt er að nemendur hafi sér aðgang að sínu svæði sem aðrir komist ekki inn á. Að auki mun einn kennari innleiða samvinnunám í teymi 6. og 7. bekkjar.

Skýrsla 8.-10. bekkjar

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Ákveðið var, í samstarfi við skólastjóra, að taka aftur upp stundaskrá einstakra námshópa, hverjum árgangi var skipt í 2 námshópa og hafði hver og einn nemandi sína stundaskrá.

Það er mat kennara að þetta fyrirkomulag sé betra heldur en veturinn 2014-15.

Námshópum var skipt tvisvar í vetur. Það var gert til þess að hjálpa ákveðnum nemendum og brjóta upp hópana.

Almenn kennsla fór fram frá 08:10 til 12:00 á mánudögum og þriðjudögum. Á miðvikudögum og föstudögum voru nemendur í skólanum til 13.00. Fimmtudagar voru lengstu skóladagarnir eða til 15:10. Sá dagur reyndist sumum nemendum erfiður en viðveran hefur samt sem áður gengið vel. Valfög nemenda fóru að öllu jöfnu fram eftir hádegi mánudaga til miðvikudaga.

Gerð var tilraun með mismunandi tímalengdir á kennslustundum, 1x 20 mínútur, 1x 30 mínútur og 1x 40 mínútur voru þá til dæmis stærðfræðitímar fyrir alla námshópa í hverri



viku. Þetta fyrirkomulag átti að leyfa kennara að vera með stuttar innlagnir og aðstoða við einstaka verkefni.

Fjöldi stýrðra kennslustunda er áhyggjuefni, þ.e. fjöldi þeirra er ekki nægjanlegur. Ljóst er að vinnustundir gagnast vel og eru hiklaust jákvæður hluti af starfi unglingardeildar.

Fjöldi þeirra er þó oft erfiður ákveðnum nemendum og vissum hópum. Kennarar geta svo valið að vera með vinnustund í sínum tíma í stað innlagnar eða hvað það væri. Það er að segja, ef fjöldi stýrðra kennslustunda hentar þeim ekki.

Mat og tillögur til úrbóta

- **Fjöldi stýrðra kennslustunda. Við mælum með fjölgun slíkra stunda í dagskrá nemenda.**
- 20 mínútna tímarnir nýtast illa og höfum við ákveðið að þessir tímar hverfi.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para- og hópavinnu, hlustun og upplýsingatækni.

Náms- og kennslusvæði

Ákveðið var að skipta kennslusvæðinu gróflega niður eftir grunngreinum. Dönskukennsla fór aðallega fram í norðausturhorni, samfélagsfræði og þema í norðvesturhorni, enska og íslenska voru miðsvæðis og stærðfræðikennsla fór fram í suðvesturenda svæðisins. Með þessu móti dreifðist nemendahópurinn nokkuð jafnt um svæðið og þetta virtist hafa jákvæð áhrif á vinnufrið og námsframlag.

Aðkoma list- og verkgreinakennara

Eina aðkoma list- verkgreinakennara í unglingadeild er val eftir hádegi og áhugasvið á fimmtudögum.

Námsaðlögun

Námsaðlögun fólst aðallega í að aðlögun námsefnis og verkefnaskila. Nokkrir nemendur vinna að öðrum námsmarkmiðum, einkum í stærðfræði og hefur aðlagð námsefni í



Íslensku þó að markmiðin séu þau sömu og meginþorri nemenda fylgir. Einnig er nokkuð mikið um að aðstoða þurfi nemendur í að halda utanum verkefnaskil og áætlanir.

Mörgum nemendum fannst gott að fara afsíðis og fá að vinna að verkefnum í næði og vannst oft vel í þessum tímum. Einstaka nemendur voru neikvæðir og töldu sig aldeilis ekki þurfa neina aðstoð en það var leyst með því að lauma aðstoðinni að þeim á öðrum vettvangi.

Mat og tillögur til úrbóta

Námsaðlögun gekk að mörgu leyti vel en það sem við þurfum að gera næsta vetur er að búa til námshópa sem eru að vinna að sama efni með samskonar áætlanir. Einnig þarf að útbúa einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem af einhverjum ástæðum fylgja ekki námsmarkmiðum og áætlunum jafnaldra. Það þarf að tryggja að foreldrar nemenda séu upplýstir um stöðu nemenda og fái aðlagð námsefni og áætlanir.

Kennsluáætlanir – útfærsla og birting

Strax í haust voru námsáætlanir útbúnar á stöðluðu formi og oftast bæði prentaðar út fyrir nemendur og einnig settar inn á Moodle. Voru nemendur nokkuð duglegir að nýta sér Moodle. Nemendur unnu því í flestum fögum samkvæmt áætlun, einkum í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og þemavinnu. Kennarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum og merktu við árangur í Mentor. Lögð var áhersla á að nemendur myndu sjálfir bera ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggðu tíma sinn vel. Að auki fylgdust kennarar með áætlanavinnu nemenda og sendu reglulega pósta heim til foreldra ef að nemendur kláruðu ekki áætlanir í skólanum.

Mat og tillögur til úrbóta

Nemendum gekk allvel að nýta sér Moodle og nýta sér upplýsingar sem þar komu fram. Þó eru alltaf einhverjir sem þurfa að hafa útprentaðar áætlanir og sýnilegri ramma. Það sem aðallega reyndist ruglingslegt er að hafa áætlanir, námsmat og verkefnaskil á þremur ólíkum stöðum. Lagt hefur verið til að tekið verði upp GoogleClassroom til þess að einfalda aðgengi nemenda og kennara að áætlunum, verkefnaskilum og námsmati.

Námshgreinar

Námshgreinum var skipt í lotur og unnið með ákveðin markmið aðalnámskrár í hverri lotu sem síðan voru metin í lok hennar.



Stærðfræði

Notast var við bækurnar, Átta tíu 3-6, Skali 1a og 1b, Almenn stærðfræði I, II, III, og stærðfræði 8+9+10+ og aukaefni. Einnig var notast við speglaða kennslu á vendikennsla.is, youtube, rasmus.is sem er góð viðbót í stærðfræðikennsluna. Nemendur geta horft á fyrirlestra bæði heima og í skóla og geta þannig dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. Hver nemandi fékk áætlun og var hún aðlöguð að hverjum og einum.

8. bekkur fór í fimm lotur, tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot og prósentur, tölfræði, algebra og jöfnur. 9. bekkur fór í tíu lotur, tölur, algebra, jöfnur og gröf, tölur og talnameðferð, rökfræði og mengi, almenn brot, hlutföll, stæður, tölfræði og líkindi, jöfnur, fjármál. 10. bekkur fór í átta mismunandi lotur, rúmfræði og algebra, tölur og talnafræði, líkur, reikningur og algebra, tölfræði, algebra og jöfnur, horn, prósentur, og algebra.

Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum og dæmum en nemendur fengu ákveðinn dæmaskammt á viku sem var settur inn á moodle og þurftu þeir að ljúka því í lok hverrar viku. Þetta skipulag hentaði langflestum nemendum í vetur. Loturnar voru mislangar og voru þær frá tveimur vikum upp í 7 vikur. Allar loturnar enduðu með námsmati oftast með könnunum en einnig með heimaðæmum, samvinnuverkefnum eða öðrum fjölbreyttum verkefnum. Gerð voru veggspjöld með hugtökum, tilraunir eða öðrum skemmtilegum verkefnum.

Áætlun nemenda var byggð upp þannig að nemendur voru með námsmarkmiðin, dæmin sem voru unnin sem og námsmat sýnileg. Einnig var sett inn á áætlunina efni sem var unnið með og allt aukaefni sem nemendur gátu notað til að dýpka skilning sinn og svo kom fram dagsetning á námsmati. Í allan vetur voru reglulega innlagnartímar og vinnustundir. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði vel í vetur.

Íslenska

Íslenska skiptist í sjö lotur byggðar á markmiðum aðalnámskrár: Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, talað mál, hlustun og áhorf. Mest áhersla var lögð á lestur og ritun.

Nemendur lásu fjölbreytta texta, aðallega úr Mályrkju en einnig áttu nemendur 8. bekkjar að lesa að minnsta kosti tvær bækur yfir veturinn, nemendur 9. bekkjar þrjár bækur og 10. bekkur fjórar bækur. Lestrarstundir voru fastur liður í stundaskrá tvisvar sinnum í viku og reyndust þær mjög vel. Nemendur áttu að skrifa skýrslu eftir lestur hverrar bókar og



geyma í íslenskumöppunni sinni. Næsta vetur þarf að skipuleggja betur skil á bókaskýrslum til kennara.

Nemendur skrifuðu tvær ritgerðir, kjörbókarritgerð og heimildaritgerð, auk margskonar ritunarverkefna. Nemendur skiluðu öllum ritunarverkefnum á Google Drive og verkefnin eru metin með matskvörðum. Það er ánægjulegt að segja frá því að nemendur tóku miklum framförum í ritun.

Í málfræði lærðu nemendur 8. bekkjar um fornöfn, nemendur 9. bekkjar unnu með hætti sagna og í 10. bekk var helsta viðfangsefnið kennimyndir og afleiddar myndir sagna.

Námsefnið Finnur var notað og reynist það ágætlega en nemendum finnst bókin frekar óaðgengileg og erfið. Einnig var stuðst við gagnvirk efni af vef Námsgagnastofnunar og fannst nemendum það nokkuð gott. Málfræði þarf að þjálfar markvissar, jafnt og þétt yfir veturinn, með margskonar aðferðum, til dæmis í gegnum orð af orði.

Ljóðaverkefni var unnið að vori, nemendur gerðu falleg veggspjöld og kynntu verkefnin sín. Þetta verkefni var mjög vel heppnað og mörg verkefni voru afskaplega vel unnin.

Lokaverkefni 10. bekkjar var málþing sem haldið var á sal skólans. Þar fjölluðu nemendur um framtíð sína eða áhugamál. Kennarar mátu framsögn og framkomu. Þetta verkefni var alveg til fyrirmyndar, það reyndi á nemendur og þeir leystu þetta með þryði. Mikilvægt að þjálfar þetta betur, láta nemendur koma fram á sal og kynna verkefni og fjalla um ákveðin efni frammi fyrir öðrum nemendum og kennurum.

Nemendur 8. og 9. bekkjar gerðu stuttmynd og fengu að velja sér viðfangsefni. Verkefnið var nokkuð vel. Samvinna er nokkuð sem þarf að þjálfar betur með því til dæmis að draga í hóp eða númera og láta nemendur oftast vinna í blönduðum hópum.

Nemendur sem voru með aðlagð námsefni í íslensku voru aðallega þjálfaðir í lestri og lesskilningi með léttlestrarefni og vinnubókum þeim tengdum þar sem unnið var með lesskilning og ýmiskonar málfræðiatrði. Ritunarverkefni voru aðlöguð með því til dæmis að láta nemendur skrifa færri orð. Öðrum verkefnum tóku allir þátt í, allir á sínum forsendum.

Markmiðin sem skráð voru í Mentor spanna nokkuð vel nám og yfirferð vetrarins. Þar sem ætlunin er að taka upp nýtt námsefni næsta vetur væri æskilegt að endurskoða markmiðin, bæta við það sem vantar og taka út það sem ekki hefur til dæmis verið metið á þessum vetri. Einnig þarf að tengja markmið námsáætlunum, samkvæmt nýrri kynslóð í Mentor og nýta þá möguleika sem þar eru til þess að meta nemendur (setja sýnishorn af verkefnum nemenda með námsmati, til dæmis).



Næsta vetur verður unnið með nýtt, heildstætt námsefni - Kveikjur, Neistar og Logar. Einnig verða notaðar nýjar textabækur til að nota í lestri og bókmenntum. Auk þess verður gagnvirkir efni af vef Námsgagnastofnunar notað og sjónvarpsefnið Orðbragð.

Enska

Enskunni var skipt upp í 5 lotur sem voru uppbyggðar út frá viðmiðum og markmiðum aðalnámskrár. Þar var aðaláherslan lögð á ritun, hlustun, lesskilning, framburð/samskipti og menningarlæsi. Verkefni vetrarins voru m.a. glærukynningar (framburður/samskipti), myndbandaverkefni (menningarlæsi), lestur smásagna á ensku (lesskilningur) og þýðingarverkefni (isl-ens/ens-ísl). Verkefnin voru sett saman á þann hátt að vinnan við þau uppfyllti þau markmið sem unnið var út frá í lotunni. Nemendur unnu í námsefninu "Spotlight 8/9/10" eftir því hvaða árgangi þeir tilheyrðu. Á vorönn tóku nemendur kannanir sem könnuðu stöðu þeirra í helstu viðfangsefnum vetrarins. Eins tóku nemendur í 10. bekk munnlegt próf úr smásögu sem þeir lásu og gekk það mjög vel.

Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fengu einstaklingsáætlanir byggðar á þeim markmiðum sem þeir voru að vinna eftir.

Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir tók við kennslu vegna forfalla í byrjun árs 2016.

Almennt gekk enskukennslan vel.

Þema

Samfélags- og náttúrufræði var einfaldlega kallað *þema* í vetur. Björn og Magnús voru með yfirumsjón á skipulagi og verkefnum. Aðrir kennarar komu inn í kennsluna á þriðjudögum og föstudögum í 2x 40 mínútna kennslustundum.

Hver námshópur fékk í raun 3x 40 mínútna kennslustund í þema. Reynt var þó að hafa alltaf tví- til þrískipt verkefni í gangi í hverri viku. Með þessu fyrirkomulagi mátti tryggja námsaðlögun mismunandi einstaklinga.

Glósutækni nemenda var sérstaklega tekin fyrir. Þar áttu nemendur að taka virkan þátt í tímum með glósubók/google.drive og punkta hjá sér staðreyndir og námsefni. Síðustu tvö ár höfum við lagt ríkari áherslu á námstækni nemenda og hefur sú vinna skilað sér.

Verkefnavinna, áhugi, skil og dugnaður nemenda í þemu vetrarins hafa verið til fyrirmyndar. Allir nemendur, sem almennt mættu í skólann og unnu verkefni, fengu verðskuldaða einkunn fyrir vinnu sína. Nemendur í 8. og 9. bekk fengu lokamatið sitt í



tölustöfum inn á verkefnabók í Mentor. 10. bekkur fékk sína einkunn skv. nýju námsmati Menntamálastofnunar.

Á næsta ári verður lögð enn meiri áherslu á þemu í unglingadeild Naustaskóla. Markmið næsta vetrar er að halda áfram að auka verklega- og vettvangskennslu. Einnig munum við með Google Classroom halda áfram auka speglaða kennslu.

Áhugasvið og nýsköpun

Áhugasvið vetrarins var skipt upp í sjö tímabil. Hvert tímabil hafði mismunandi áherslur með hvernig vinna þurfti verkefni. Tvö tímabil voru á þann veg að nemendur ferðuðust á milli kennara í mismunandi stýrð verkefni. Önnur tvö tímabil máttu nemendur vinna að áhugamálum sínum. Þar er átt við að nemendur völdu sér verkefni til þess að vinna. Þau verkefni voru oftast nær vel unnin og fjölbreytt. Eitt tímabil var svo blanda af hvoru tveggja.

Áhugasviðið hefur ætíð verið umdeilt meðal kennara og nemenda. Nemendur eru oft ósáttir við skipulag og er það m.a. nafnið á námsgreininni. Erfitt er að tryggja virkni nemenda í löngum kennslustundum og hafa ákveðnir einstaklingar verið erfiðir til samstarfs. Tímasetning áhugasviðsins er einnig erfið. Fimmtudagur er langur dagur og nemendur orðnir þreyttir.

Áhugasviðið er þó langt frá því að vera glórulaust og má með góðu skipulagi og drifkrafti kennara gera þessa tíma spennandi.

Danska

Í vetur var lögð megináhersla á eflingu orðaforða og lesskilnings meðal nemenda og kennt samkvæmt áætlunum sem birtar voru á vefkerfinu Moodle. Notkun Moodle var tekin fyrir sem hluti af þróunarverkefni þar sem tilgangurinn var að efla sjálfstæði í vinnubrögðum með notkun tölva og spjaldtölva við námsefnismiðlun og verkefnaskil. Kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, bókum, rafbókum, hljóðskráum og könnunum var deilt til nemenda og nemendur skiluðu verkefnum í gegnum Moodle. Þegar á heildina er litið gekk þetta snurðulaust þegar nemendur voru komnir inn í kerfið og almennt fannst þeim þetta þægileg leið við námið.

Sem fyrr segir var aðaláhersla vetrarins á orðaforða og lesskilning en á næsta skólaár verður lögð meiri áhersla á fleiri þætti, ekki síst í 10. bekk, og verður þar litið til þeirra viðmiða sem eru lögð til grundvallar endanlegu námsmati.



Í 8. bekk var stuðst við námsefnið „Smart“ ásamt kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Í 9. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ ásamt kvikmynd og öðru ýtarefni svo sem fréttatengdu efni.

Í 10. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ og „Ekko“ ásamt kvikmyndum og öðru ítarefni á „rauntexa“, þ.e. ekki einfölduðu máli. Lesið var fréttatengt efni og því gert skil á viðeigandi hátt, kynningar á efni að eigin vali voru fluttar á dönsku. Einnig voru lesnar tvær smásögur og innihaldi þeirra gerð skil í stuttum ritgerðum á dönsku. Þessi verkefni nemenda voru lútin fylgja námsmati á Mentor.

Hjá öllum þessum hópum var stundataflan þannig sett upp að kennari hitti hvern nemendahóp tvisvar sinnum, einu sinni í 30 mínútur og öðru sinni í 40 mínútur eða samtals í 70 mínútur á viku. Þess utan áttu nemendur að sinna náminu í vinnustundum.

Jákvæður agi - Bekkjarfundir

Á unglingastigi byrja fjórir morgnar í viku á 20 mínútna bekkjarfundum. Ljóst er að vinna þarf markvissara með jákvæðan aga á þessu aldurstigi og kennarar þurfa að vera samstíga í þeirri vinnu.

Vettvangsferðir

Í áhugasviði og þema fóru nemendur oft yfir veturinn í vettvangsferðir. Nærliggjandi umhverfi skólans var í flestum tilvikum nýtt í kennslu. Einnig var farið í grenndarkennslu þar sem nemendur þurftu að ferðast þó nokkuð um Akureyri.

Aðrir viðburðir og fræðsla

8. bekkur

Vímuvarnarfræðsla frá félagsmiðstöðvarstarfsfólkinu

Sigga Dögg með kynfræðsla

SAFT

VÍS

9. bekkur

Geðrækt

Forvarnardagur forsetans – m.a. hinsegin fræðsla þar inni

Jafnréttisfræðslan datt uppfyrir



Aflið

10. bekkur

Þorgrímur Þráinsson

Vímuvarnarfræðsla frá félagsmiðstöðvarfólkinu

Eining lðja

Ný aðalnámskrá

Unnið var með markmið aðalnámskrár í námsáætlunum og merkt við þau í Mentor eftir því sem námsmati vatt fram yfir veturinn.

Námsmat

Námsmat hefur verið fjölbreytt í vetur og hefur það einkenst af skriflegum könnunum, krossakönnunum á netinu, samvinnuverkefnum, einstaklingsverkefnum, sjálfsmati, jafningjamati, munnlegum verkefnum, símati. Nemendur nýttu sér að skila verkefnum rafrænt ýmist á Moodle eða Googledrive.

Námsmöppur

Tekin var sú ákvörðun um breytingu í vetur að unglingdeild myndi breyta matsmöppuforminu og hafa hana rafræna. Þeirri ákvörðun þarf að fylgja markvissara eftir og tryggja það að foreldrar fái vitneskju um hvenær og hvar þeir eiga að nálgast verkefni barna sinna.

Sýnismappa á skólaslitum

Í vor söfnuðu nemendur tveimur verkefnum í hverju fagi sem þeir voru stoltir af og settu í matsmöppu og svo var sú matsmappa til sýnis á skólaslitum.

Samráðs- og matsdagar

Vegna breytinga á námsmati nemenda í 10. bekk voru samráðsdagar töluvert fleiri miðað við síðustu ár. Starfs- og matsdagar voru færri en eðlilegt getur talist vegna Svíþjóðarferðar starfsmanna skólans.



Í október var haustþing kennara á Norðurlandi eystra. Þar var rík áhersla lögð á fjölbreytileika í læsi og kennslu.

Frá febrúar og fram í byrjun apríl hittust kennara á Akureyri fjórum sinnum. Boðað var til fundar í Brekkuskóla eftir tilkynningu þessi efnis að allt námsmat skyldi fylgja matsviðmiðum aðalnámskrá frá 2011. Á þennan fund mætti einn af sérfræðingum Menntamálastofnunar og ræddi við kennara um málið.

Verkmenntaskóli Akureyrar bauð til fundar 23. febrúar í húsakynnum sínum. Þar var farið vel yfir breytingarnar og reynt að gefa góða sýn á hvernig VMA ætlar að taka á málinu.

Í Menntaskóla Akureyrar var fundur 3. mars um það hver sýn þeirra væru á kerfisbreytinguna.

Í Oddeyrarskóla hittust svo flestir kennarar á Akureyri svæðinu. Þar voru málstofur faggreinakennara og reynt að samræma námsmatsaðferðir. Frekar mikil óánægja var meðal kennara unglingadeildar Naustaskóla vegna þessa fundar. Óánægjan sneri aðallega að tilraunum samkennara okkar að umbreyta tölum í bókstafi. Upp úr þessari viðleitni skapaðist umræða um mismunandi námsmat í skólum bæjarins.

Í Naustaskóla, 7. mars hittust allir sem koma að kennslu í 10. bekk. Þar fór Ágúst skólastjóri yfir helstu þætti og aðferðir við námsmat.

Foreldrasamstarf

Þrír viðtalsdagar voru settir fyrir skólaárið. Foreldrar og nemendur komu tvisvar sinnum í viðtal. Í fyrra skiptið í 15 mínútur og seinna skiptið í 30 mínútur. Í þessum viðtölum var rætt um námið, líðan og allt það sem kom að nemendum. Kennarar og foreldrar ákváðu svo tíma fyrir aukaviðtöl ef þess krafðist.

Vikulega var sendur póstur til foreldra sem innihélt fréttir af helstu viðburðum í skólanum og hvað nemendur voru að fást við hverju sinni. Umsjónarkennarar héldu utan um sinn nemendahóp og höfðu samband við foreldra um námið, hegðun og líðan ef þörf var á.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Að hausti byrjuðu nemendur 10. bekkjar að undirbúa fjáröflun fyrir skólaferðalag í samráði við kennarana Herdísi og Ásu Katrínu sem og foreldra. Magnús Jón tók við af Herdísi þegar leið á veturinn.

Eftirfarandi er skipulag ferðalagsins:

**Mánudagurinn 23. maí**

8:10 Lagt af stað frá Naustaskóla með rútu

10:00 Paintball - Vindheimamelum

11:00 Heimagert nesti - Muna að taka með sér nesti fyrir allan daginn, allir koma með eitthvað og geta samnýtt

11:30- Lagt af stað suður

16:00 Adrenalíngarðurinn

20:00 Matur -Pizza hlaðborð á Hótel Örk

20:00- 23:00 Sund/ frítími/kvöldskemmtun

Þriðjudagur 24. maí

8:00 Morgunmatur

9:00 Rúta í Landeyjarhöfn

9:45 Sigling til Vestmannaeyjar

10:30 Komin til Eyja

11:00 Jet bátar

12:30 Samloka á 900 grillhús

13:30 Gossafnið

15:00 Sund

17:00 Snarl/ frítími

18:30 Ferja til baka og keyrt til Reykjavíkur

20:00 Matur - velja sjálf stað - Skeifa

21:00 Komin á Hótel Smári

Miðvikudagur 25. maí

7:00 Morgunmatur

7:45 Rúta

8:30 Gokart

Snarl

13:00 Bláa lónið

16:00 Leyniheimsókn

18:00 Matur

20:00 Lúxusbíó Smáralind

**Fimmtudagur 26. maí**

8:00 Vakna

9:00 Rúta

14:00 Rafting

18:00 Pizzahlaðborð á Bakkaflöt

19:30 Lagt af stað til Akureyrar

Athugasemdir fyrir næsta ár: Ferðaáætlun stóðst yfirleitt mjög vel og ekkert mikið sem fararstjórar myndu breyta. Það sem gott væri að hafa í huga er að þrátt fyrir að hafa fengið hinar ýmsu staðfestingar á viðburðum, í formi bæði tölvupósta og munnlegra staðfestinga í gegnum síma, þá er það ekki alltaf nóg. Nauðsynlegt er að muna að hringja í vikunni áður á alla staði sem ætlunin er að heimsækja til að minna á hópinn og vera viss um að allt standist örugglega. Veður kom í veg fyrir einn dýran kostnaðarlið og því varð meiri peningur afgangs en reiknað var með. Einnig voru mistök í bókun hjá Sambíóum þess valdandi að margir nemendur kusu að fara ekki í bíó, þar sparaðist um 40 þúsund krónur.

Sá peningur sem varð afgangs af ferðasjóðnum keyptu nemendur 10. bekkjar þrjú jafnvægisbretti, tvo bíómiða fyrir alla nemendur, snakk og gos fyrir útskriftarpartý og fóru út að borða á Strikið og buðu kennarateyminu sínu með.

Fjáröflun: Nemendur sem fóru í ferðina voru 27 talsins. Yfir veturinn söfnuðu þeir ca. 2.400.000 kr. og því má segja að hver nemandi hafi safnað um 88.000 kr. Innan þessarar upphæðar er einnig gert ráð fyrir kvöldmat á útskriftarkvöldi þar sem nemendur bjóða kennurum unglingadeildar út að borða með sér og 30.000 þús. kr. sem renna til næsta árgangs. Gott er að setjast niður með 9.bekk að vori til þess að undirbúa þá fyrir fjáröflun og þá vinnu sem framundan er.

Fjáraflanir vetrarins voru eftirfarandi: sala á fiskibollum, bingó, köku happdrætti, tvö unglingaböll, ball fyrir yngrastig og miðstig, gulrótasala, símaskrá, peysusala fyrir allan skólann.



Nemendur

Eineltismál og agamál

Alla jafna má segja að það ríki nokkuð góður andi meðal nemenda og starfsfólks í unglingadeild. Það má oft sjá góðan vinnufrið og öfluga samvinnu. Þjálfar þarf nemendur enn frekar í að vinna saman, með hverjum sem er og nýta styrkleika hvers annars í hópavinnu. Þetta hefur verið rætt og hvernig best sé að þjálfa þennan þátt, til dæmis með því að númera/draga í hópa. Einnig má setja spurningamerki við að hentugt sé að skipta námshópunum í stelpu- og strákahópa allan veturinn. Vinna í umsjónarhópum gekk mjög vel, til dæmis í þemaverkefnum og sýndu nemendur þá styrkleika í samvinnu.

Því miður komu upp samskiptaerfiðleikar í hópunum öllum og erfitt eineltismál í 8. bekk. Vandí kom upp í samskiptum stúlkna í 10. bekk og var námsráðgjafi fenginn til að vinna með þær. Það náðist ágætur árangur í þeirri vinnu og bar ekki á þessum vanda nú í lok skólaársins. Einelti gagnvart nokkrum nemendum í 8. bekk var greint um miðjan vetur og unnið með það samkvæmt eineltisáætlun skólans. Því máli þarf að fylgja mjög vel eftir og vinna áfram að betri samskiptum, hegðun og framkomu gagnvart öðrum sérstaklega hjá stórum strákahóp í árganginum. Efla þarf stúlknahópinn í 9. bekk sem er mjög ósamstíga og skiptist upp í nokkra litla hópa. Óskað var eftir aðstoð við hópefli í byrjun haustsins en úr því varð ekki. Það gæti verið gott að byrja næsta vetur með öflugri vinnu með þennan hóp.

Það er mikilvægt að efla samskipti og samkennd nemenda og verkfæri jákvæðs aga henta vel í þeirri vinnu. Lagt hefur verið til að hver bekkur fái 30-40 mínútna tíma í hverri viku til þess að halda bekkjarfundi og að á þeim fundum sé kennsluáætlun í jákvæðum aga fylgt.

Námsárangur

Námsárangur nemenda er alla jafna nokkuð góður, flestir nemendur ná þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni í hverju fagi eða eru á góðri leið með að ná þeim. Það þarf að huga vel að þeim nemendum sem ekki ná markmiðum sínum og finna leiðir fyrir þá til að ná betri árangri og tryggja að þeir séu að vinna með námsefni og námsmarkmið við hæfi. Nemendur 10. bekkjar útskrifuðust með góðum árangri nú í vor og var það mat kennara að nýtt námsmat endurspegli vel stöðu nemenda.



Ástundun

Tekið var í gagnið í vetur nýtt einkunnakerfi fyrir ástundun. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok skólaárs. Stig eru gefin sem hér segir. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.

Mat og tillögur til úrbóta

Skólinn þarf að vera með enn skýrari skilaboð til nemenda og foreldra og fylgja því enn meira eftir að boða nemendur og foreldra í viðtal þegar nemendur eru komnir upp í þau viðmið. Foreldrar þurfa að bera ábyrgð á mætingu barna sinna og efla stundvísi þeirra.

Samstarf í teyminu

Samstarfið gekk vel í vetur þrátt fyrir töluverðar mannabreytingar í kennarahópnum.

Herdís fór í veikindaleyfi og Guðbjörg Harpa kom í hennar stað. Björn Benedikt fór í feðraorlof og Dögg Stefánsdóttir kom í hans stað. Þessar breytingar gengu vel og hafði þetta lítil áhrif á daglegt nám og starf nemenda.

Hver og einn kennari hefur sína námsgrein til að sjá um. Í þema fór fram meira samstarf á milli allra kennara og var það þvert á námsgreinar. Ákveðið hefur verið að athuga aukið samstarf á milli kennara fyrir næsta ár.

Mat á skólastarfinu í heild – umbótatillögur

- Fleiri stýrðar kennslustundir.
- Foreldrafundur með 9. bekk að vori varðandi fjáröflun og kökuveitingar á útskrift.
- Námsráðgjöf fyrir 9. bekk vegna framhaldsskólans - 3ja ára nám og námsmat.
- Skipulag og undirbúningur útskriftar - árbók, ræða, ferðasaga og myndir og tónlistaratriði.
- Aukið samstarf milli teyma.





Skýrsla verkgreinateymis

Starfsmenn teymis: Brynja Elín Birkisdóttir (tónmennt/leiklist), Gyða Björk Aradóttir (heimilisfræði), Halla Jóhannesdóttir (myndmennt), Helgi Valur Harðarson (hönnun og smíðar) og Valdís Rut Jósavinsdóttir (textílmennt)

Námsumhverfi/skipulag

Skipulagning námsins.

2. og 3. bekkur - nemendur fóru í fjórar mismunandi smiðjur þ.e. tónmennt/leiklist, hönnun og smíði, textílmennt og myndmennt. Hver tími var 60 mínútur og kennt var tvisvar í viku. Í hverjum hóp voru 11 – 14 nemendur og voru hóparnir kynjaskiptir.

4. – 5. bekk - nemendur fóru í fimm mismunandi smiðjur þ.e. tónmennt/leiklist, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og heimilisfræði. Hver tími var 100 mínútur og kennt var tvisvar í viku. Í hverjum hóp voru 13 – 16 nemendur og voru hóparnir að þessu sinni ekki kynjaskiptir vegna þess hve óhægstætt það var vegna kynjahlutfalls.

6. – 7. bekk - nemendur fóru í fimm mismunandi smiðjur þ.e. tónmennt/leiklist, hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt og heimilisfræði. Hver tími var 100 mínútur og kennt var tvisvar í viku. Í hverjum hóp voru 10 – 17 nemendur og voru hóparnir kynjaskiptir.

Val 8. – 10. bekkur - Boðið var upp á list og verkgreinar í vali hjá 8. – 10. bekk. Kennslustundin var 80 mínútur og fjöldi nemenda mjög misjafn allt frá 7 til 15.

Námsgreinar, kennsluhættir, námsaðlögun

Heimilisfræði

Heimilisfræðikennsla nemenda í 1. – 3. bekk var í höndum umsjónarkennara skólaárið 2015-2016.

4. - 7. bekkur

Í hverri kennslustund var byrjað á að fara yfir verkefni og markmið kennslustundarinnar, ýmist skrifuð á töfluna og/eða munnlega. Tímarnir voru að mestu leiti verklegir og unnu nemendur eitthvað á vinnustöðvum í öllum kennslustundum. Ein kennslustund í hverri smiðju fór sérstaklega í þrif og bóklega vinnu. Megin áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og frágang. Nemendur fengu verkefnahefti tengd markmiðum sem þeir unnu í þegar tími gafst til, misjafnt var hvað smiðjuhóparnir gátu unnið mikið í



verkefnaheftunum vegna fjölda nemenda og samsetningu hópa. Stuðningsfulltrúi fylgdi einum hóp í 6.-7.bekk og virkaði það vel fyrir þennan hóp.

8. - 10. bekkur

Í vetur var boðið upp á afmarkað val í heimilisfræði:

Heilsuréttir - Kennt fyrir áramót, 13 nemendur í hópnum. Lögð var áhersla á að kenna nemendum að matreiða heilsusamlega rétti, nota hollara hráefni og fræða um ýmsa skaðvalda heilsunnar. Einnig var lögð áhersla á að kenna sjálfstæð vinnubrögð og að vanda frágang. Kennslustundirnar voru lagðar eins upp og heimilisfræðikennsla í 4.-7.bekk, þar sem kennari var með innlögð í upphafi tímans, skrifaði verkefni og markmið tímans á töfluna. Fræðslan var að mestu munnleg og unnið var á vinnustöðvum í öllum kennslustundum og eitthvað matreitt.

Heimatilbúin næring fyrir líkamann - Kennt eftir áramót, 8 nemendur í hópnum. Í þessu vali vorum við að prófa okkur áfram með að búa til okkar eigin snyrtivörur, nemendur fengu kynningu á náttúrulegum hráefnum. Nemendur gerðu meðal annars; líkams- og andlitsmaska, baðsalt, varasalva, baðbombur og fleira. Farið var í eina vettvangsferð í snyrtivöruvyrirtækið Purity herbs og fenginn var förðunarfræðingur til að sýna og segja frá helstu atriðum förðunar.

Bakstur - Þetta val var kennt bæði fyrir og eftir áramót. Tveir hópar fyrir áramót og aðrir tveir hópar eftir áramót. Hópastærðin var frá 6 – 11 nemendur. Aðal markmiðið var að kynna fjölbreyttar bakstursaðferðir fyrir nemendum en áhersla var einnig lögð á sjálfstæði og vinnubrögð, samvinnu og framkomu og frágang og umgengni.

Nemendur fengu leiðsögn í verklegum þáttum í upphafi kennslustundar og unnu svo með aðstoð kennara.

Hönnun og smíði

2. - 3. bekkur - Nemendur unnu að 3-4 skylduverkefnum, þá var lögð áhersla á að allir prófuðu að tálga með tálguhníf. Ef vel gekk með verkefni var einn tími notaður til að fara í Naustaborgir þar sem kveiktur var eldur og tálgað, það var hjá minnihluta hópanna. Aukaverkefni í tímum voru að prufa ýmis verkfæri, borvél, sög, þjöl og rasp.

4. - 7. bekkur - Lagt var upp með 4 – 5 skylduverkefni í hverjum hóp sem unnin voru en nemendur fengu að ráða útfærslu á sínum smíðahlutum og gera þá



persónulega. Lagt var upp með að hver nemandi teiknaði sitt verkefni í hugmyndabók fyrir smíði þess og skráði þannig og skipulagði lauslega vinnu sína. Ef nemendur kláruðu öll skylduverkin sín þá máttu þeir fara í frjáls verkefni sem gekk oftast vel. Það reyndist stundum erfitt hjá stórum hópum þegar margir komust í frjáls verkefni, mikið reyndi þá á kennara að verða við öllum óskum. Aukaverkefni í tímum voru að prufa ýmis verkfæri eins og borvél, rasp, þjöl og tálguhníf. Örfyrirlestrar voru í upphafi annars hvers tíma; uppruni timburs, fróðleikur um ýmis verkfæri, málning, yfirborðsmeðferð og fleira.

Val - Hönnun og smíði var í boði fyrir og eftir áramót, nemendur voru 6 fyrir áramót og 8 eftir áramót. Nemendur völdu sér sjálfir verkefni að stofninum til. Verkefnin voru úr öllum áttum og mismunandi eftir stærð og umfangi. Frjálsræðið var full mikið fyrir suma og lítil fræðsla fór fram.

Myndmennt

2. - 3. bekkur - voru smíðjur fjórum sinnum í viku. Stúlkur tvisvar og strákar tvisvar. Hver tími var klukkutíma langur. Í það heila gekk veturinn mjög vel. Hóparnir voru misjafnir en hæfilega stórir eða 11 – 14 í hóp. Lögð var áhersla á litablöndun, skissubókarvinnu, mótun, grunnformin, teikningu, á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Kennari var með ákveðin markmið í fyrirrúmi sem þurfti að aðlagja síðan að hverjum hópi og nemendum. Lögð var áhersla á einstaklingsupplifun og að efla frumkvæði. Í heildina litið gekk þetta mjög vel og voru nemendur yfirleitt mjög jákvæðir og iðnir.

4. - 7. bekkur - voru smíðjur tvisvar í viku og voru loturnar 100 mínútur langar. Það hentaði yfirleitt mjög vel því þá er hægt að gefa sér góðan tíma í innlögn, sköpunina sjálfa og síðan frágang. Flestir nemendur voru mjög meðvitaðir um verkefnin sín og lögðu sig fram um að ljúka við vinnu sína og ganga vel frá verkum sínum. Hóparnir innan þessa árganga voru mjög ólíkir og er gaman og hollt fyrir okkur kennara að sjá hvað nemendur nálgast viðfangsefnin á misjafnan hátt. Nemendur þessara árganga voru upp til hópa jákvæðir og duglegir. Lögð var áhersla á skissugerð, litablöndun, mynsturgerð, teikningu, kúbismann, mótun og fjölbreytt vinnubrögð.

6. - 7. bekkur - unnu nemendur að hlutföllum mannslíkamans, fjarvíddarverkefni, litablöndun, teikningu og lærðu um impressjónismann. Áherslan lögð á fjölbreytileikann, bæði í útfærslu verkefna sem efnum og áhöldum.



Gæta þarf þess að hóparnir í 6. og 7.b. verði ekki of stórir því myndmenntastofan tekur ekki svo marga svo vel gangi.

Tveir valhópar voru í myndmennt á mánudögum og þriðjudögum. Á mánudögum 8 nemendur og 9 nemendur á þriðjudögum. Þessir hópar unnu vel að sínu en afrakstur var mjög misjafn. Lögð var áhersla á frumkvæði nemendanna sem var æði misjafnt. Sumir nemendanna voru uppfyllir af hugmyndum á meðan aðrir þurftu að fá matreitt ofan í sig.

Nokkrir nemendur í 2. -5. bekk tóku þátt í sýningu í Ketilhúsinu, **Sköpun bernskunnar** og var góður rómur gerður að verkum þeirra.

Mat: Innbyrðis voru allir hópar ólíkir og það gerir vinnuna svo skemmtilega að sama

viðfangsefni er leyst á svo margbreytilegan hátt. Nánast undantekningarlaust gekk vel með alla nemendur og var leitast við að koma til móts við þá. Upplifun myndmenntakennarans er sú að nemendur hafi upp til hópa verið ánægðir.

Markmiðin í Mentor voru endurskoðuð og einfölduð á tímabilinu og er á dagskránni að breyta orðalagi þeirra enn meira.

Reynt var eftir fremsta megni að hafa verk nemenda sýnileg og gaman er að segja frá því að settar voru upp korktöflur í myndmenntastofu sem og á einn stað fram á gangi. Vonandi mun þeim fjölga þegar skólahúsnæðið verður tilbúið. Skissubókin fékk nýtt nafn: Hugmyndabók. Nemendur nýttu hana misjafnlega en í hana fóru hugmyndir, markmið, sjálfsmat hvers nemanda ásamt umsögn kennara í lokin. Þessar bækur fara svo í safnmöppu nemenda að vori.

Myndmenntakennari reyndi eftir fremsta megni að setja verkefni í námsmatsmöppur við möppuskil og völdu nemendur yfirleitt þau verkefni sem þeir vildu hafa þar. Einnig brá kennari á það ráð setja inn markmið smiðjunnar ásamt umsögn um hópinn í námsmatsmöppurnar.

Draumsýn: Draumur myndmenntakennarans er að fá kennsluáætlun frá umsjónarkennurum að vori eða snemma að hausti svo hægt verði að samþætta myndmennt við önnur fög, ekki eingöngu, en meira en nú er.

Textílmennt

2. - 3. bekkur – Skylduverkefnin voru tvö, annarsvegar að hanna og sauma bangsa, síðan að læra að þrykkja á einfaldan hátt á efni. Nemendum fannst



verkefnin yfirleitt skemmtileg og unnu vel. Hugmyndabókina var notuð til að gera prufur í og hanna sín eigin verk.

4. – 5. bekkur - Í nýju aðalnámsskránni kemur fram að nemandi eigi að geta sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Þrjónaskapur tilheyrir sögu Íslendinga eins langt og menn muna. Nemendur lærðu því að fitja upp, þrjóna garðapþjón og fella af og ganga frá verkefninu á viðeigandi hátt. Nemendur skráðu markmið áfangans í skissubókina sína og mátu sig síðan í lok smiðjunnar eftir markmiðunum.

6. – 7. bekkur – Skylduverkefni voru mismunandi eftir árgöngum, 6. bekkur saumaði púða og 7. bekkur svuntur. Áhersla var lögð á skreytingar af ýmsum toga og umgengni um saumavélina. Nemendur skráðu markmið áfangans í skissubókina sína og mátu sig síðan í lok smiðjunnar eftir markmiðunum. Vegna stærðar á hópum var fenginn aukakennari til aðstoðar í 4. - 5. og 6. - 7. bekk sem og aðstaða náttúrufræðistofunnar notuð í þessum tímum þar sem nemendur rúmuðust ekki inni í textílstofunni.

Val - Textílkennari sá um þrjár valgreinar þetta skólaárið fatasaum, þrykk og silfursmíði.

Fatasaumur var þannig uppbyggður að aðaláhersla var lögð á að nemendur lærðu að taka upp snið, leggja snið á efni og mæla fyrir saumförum. Umgengi um saumavélina og hvernig nota eigi hana við saumaskap. Mikla einstaklingsmiðun þarf í þessum tímum þar sem nemendahópurinn er mjög misjafn og sumir að koma þriðja árið í röð í áfangann en aðrir með lítinn grunn. Kennari leggur mikla áherslu á að nemendur fái að vinna verkefni sem þeir hafa áhuga á að vinna og leitast við að verða við óskum hvers og eins varðandi hráefni og verkefni eins og mögulegt er.

Þrykk var síðan kennt í annað skipti í vali og voru stórir hópar en bjargaðist þar sem myndmenntarstofan var laus á saman tíma og þrykktímarnir voru kenndir. Tímarnir tókust mjög vel og voru nemendur og kennari mjög ánægð með áfangann. Gaman var að sjá þegar leið á áfangann hversu sjálfstæðir nemendur voru orðnir og kennarinn orðinn meira til aðstoðar. Skólinn er að koma sér upp góðum tækum og tólum fyrir þrykkið en augljóst er að þessi áfangi er ekki ódýr.

Skartgripagerð var kennd í fyrsta skipti. Ákveðið var að kenna áfangan þó svo að fáir nemendur væru í hópnum þar sem var verið að kenna áfangan í fyrsta skiptið. Unnið var með tré, leður, silfur og ýmsa tilbúna hluti í skartgripagerð.



Mikill kostnaður var við að starta þessum áfanga en mun vonandi nýtast vel í framtíðinni.

Tónmennt/Leiklist

1. bekkur - Bekknum var skipt í 4 hópa og kennt í 30 mínútur í senn einu sinni í viku. Unnið var eftir markmiðum sem sett voru og kennd ýmis lög. Fjölmörg verkefni voru unnin sem miðuðust að því að kenna nemendum að greina milli ýmissa tónlistarhugtaka s.s. hárra og djúpra tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, veikt og sterkt. Hljóðfæri voru kynnt og nemendur lærðu að spila á hljóðfæri undir söng. Áhersla var lögð á söng og hljóðfæraleik þetta árið og einnig voru umsjónarkennarar í 1. bekk duglegir að syngja með börnunum. Karnival dýranna var síðan kynnt fyrir nemendum og unnin verkefni tengt því. Engin markviss leiklistarkennsla fór fram í 1. bekk en leikir voru mikið notaðir sem kennsluaðferð og til gamans.

2. - 3. bekkur - Smiðjunni var skipt í tvennt þetta árið þar sem áhersla var lögð á tónmennt fyrri part smiðju og leiklist þann síðari. Þetta árið var meiri áhersla lögð á hljóðfæraleik í tónmennt og byrjuðu flestallir tímar á því að spilað var á ásláttarhljóðfæri og sungin lög úr söngbók sem kennari hafði útbúið árið áður. Það gekk mjög vel. Nemendur vöndust fljótt þessu fyrirkomulagi og fengu að velja óskalög ásamt þeim lögum sem kennari lagði fyrir hverju sinni. Einnig var farið yfir heitin á skólahljóðfærunum og hljóðfærafjölskyldunum. Seinni hluti smiðjunnar var síðan nýttur fyrir leiklist þar sem nemendur unnu mikið með spuna og lærðu að vinna saman að því að skapa hin ýmsu spunaleikrit. Einnig var farið í leiklistaræfingar og leiki. Í lok smiðjunnar var samið leikrit þar sem nemendur völdu sér hlutverk og bjuggu til söguþráð útfrá þeim persónum sem valdar voru. Síðan var sett upp leikrit á samveru þar sem foreldrum var boðið að koma og sjá og gekk þetta ljómandi vel. Mikil áhersla var á samvinnu og að þjálfna nemendur í að vinna saman og leysa ágreining sín á milli.

4. - 5. bekkur - Kennslan var með þeim hætti að áhersla var lögð á hljóðfæraleik og söng í byrjun tímans eins og hjá öllum öðrum árgöngum. Nokkrir hópar bjuggu til hljóðsögur þar sem þeir áttu að semja sögur og hljóðskreyta síðan. Vegna tímaskorts og mismunandi hópa var þetta ekki hægt nema hjá helming hópanna. Í leiklistinni var farið í spuna og æfingar. Síðustu vikurnar fóru í leikritagerð þar sem leikrit var samið og síðan sett á svið á samveru fyrir nemendur og foreldra.



Vegna tímaskorts í einum hópi tók sá hópur fyrir tilbúið efni í stað þess að semja leikrit sjálf sem var allt í góðu. Mikil áhersla var lögð á samvinnu í leiklist.

6. - 7. Bekkur - Tímarnir byrjuðu á söng og hljóðfæraleik og eins og með 4. og 5. bekk þá voru hóparnir fljótir að venjast því. Í leiklist var farið í spuna, leiki og æfingar. Síðasti hluti smíðjunnar fór í stuttmyndagerð. Nemendur gerðu svokallaða þögla kvikmynd þar sem markmiðið var að nemendur ynnu með hugmyndina um að tónlist gæti haft áhrif á upplifun áhorfandans og sagt til um þá tilfinningu sem ætlað var að upplifa með hverri senu myndarinnar..

Val -Tónmenntakennari sá um kvikmyndaval þetta árið. Lagt var upp með að sýna sem mest af sögufræðilegum og sjálfsævisögulegum myndum en gamanmyndir notaðar til að horfa á inn á milli. Umræður fóru síðan fram eftir myndirnar þar sem ýmislegu sem fram kom í myndum var velt upp og ígrundað og borið saman við eigin reynslu.

Áhugasvið

Áhugasvið var kennt á fimmtudögum kl. 13.50 - 15.10. Kennarar í byrjun voru sjö. Skipst var á að hafa verkefni stýrð og óstýrð þ.e. að nemendur fengu að vinna að sínum hugðarefnum. Þessir tímar vildu mæta afgangi og reyndist stundum erfitt að fylgja þeim eftir sökum manneklu. Margir nemendur unnu vel að sínum hugaðarefnum á meðan sumir nemendur þurftu að fá allt matreitt ofan í sig. Vildum við að nafnið Nýsköpun fengi mæra vægi en einhverra hluta vegna gekk það ekki almennilega eftir. Eftir hverja lotu var reynt að hafa sýningu eða ákveðið form á skilum og gekk það oft vel.

Námsmat

Námsmat í list- og verkgreinum fór fram með þeim hætti að hakað var í markmið fyrir hvern nemanda inn í Mentor eftir hverja smíðju. Í sumum tilfellum þar sem við átti, var gefin umsögn ef ástæða þótti til. Nemendur unnu reglulega í hugmyndabækur þar sem þeir færðu inn markmið og unnu að hugmyndum. Í lok hverrar smíðju unnu nemendur sjálfsmat og kennari skrifaði umsögn í bækurnar. Hugmyndabækur fara inn í safnmöppur nemenda í lok skólaársins.

Samstarf í teyminu



Teymið fundaði í hverri viku á miðvikudögum kl. 14:30 í eina og hálfa klukkustund í senn. Deildarstjóri sat langflesta fundi með okkur og teymið er sammála um að það sé mikils metið. Vel tókst að vinna samkvæmt verklagsreglum og í byrjun hausts var sett niður áætlun um verkaskiptingu innan teymisins fyrir allan veturinn. Endurmenntun fór fram í byrjun skólaárs á vegum skólans sem við vorum almennt ánægð með. Einnig var töluverð endurmenntun í Svíþjóðarferðinni þar sem skólastarf nokkurra skóla í Stokkhólmi var kynnt fyrir okkur. Hver og einn kennari hélt utan um sína endurmenntun.

Lagt var af stað með þróunarverkefni en það fór töluvert hægt af stað, okkur fannst í byrjun ekki nógu skýrt til hvers var ætlast af okkur og ekki næg eftirfylgni með verkefninu. Þróunarverkefnið okkar snérist um skýr sjónræn skilaboð á svæði til að nemendur hefðu auðvelt aðgengi að öllu í stofunni og þyrftu síður að leita eftir aðstoð kennara til að verða sér út um þá hluti sem þeim vantaði hverju sinni. Búnir voru til spurningarlistar fyrir nemendur í byrjun smíðju þar sem þeir voru spurð að því hvort þeir vissu hvar hin ýmsu töl og tæki væru geymd. Síðan var farið í að útbúa skýrar merkingar og í lok smíðju var spurningalistinn lagður aftur fyrir og kom í ljós að einhverjar breytingar höfðu orðið í svörum nemenda og þeir orðnir meðvitaðari um það hvar hlutirnir væru geymdir. Þó var það svo að í sumum greinum hefur vel verið staðið að merkingum áður en þróunarverkefnið hófst og þess vegna gátu nemendur svarað fyrri spurningalistanum án vandkvæða í þeirri grein.

Það sem við teljum að geti verið til úrbóta í starfi teymisins er aukin samþætting, bæði milli list- og verkgreina og með öðrum bóklegum greinum. Þróun teymisvinnunnar ætti því á næstu árum að beinast að þessari samþættingu og hvernig teymið getur fengið rými til að vinna að slíkri samþættingu.

Almenn samantekt

Það sem hefur verið jákvæðast hjá list- og verkgreinateyminu er eins og áður að góður andi ríkir í teyminu. Allir teymismeðlimir telja sig fá góðan stuðning hvert af öðru.

Við teljum einnig jákvæðan þann stuðning sem við höfum fengið frá deildarstjóra með fundarsetu hans á fundum og góðri eftirfylgni til úrlausna þeirra mála sem við höfum borið á borð hans.



Þróunarverkefnið okkar fór hægt af stað en við teljum að það hafi leitt af sér einhverjar jákvæðar breytingar í sjálfstæði nemenda og ákveðið hefur verið að halda áfram þróun þess næsta vetur. Við teljum að betra sé að einblína á það og gera það betur í stað þess að hefja nýtt þróunarverkefni, við teljum mikilvægt að huga að því að fara að þróa vinnu sem samþættir bæði ólíkar list- og verkgreinar sem og við aðrar greinar.

Teymið telur að þjálfun í jákvæðum aga hafi verið ábótavant í vetur. Einnig teljum við að meiri eftirfylgni þurfi að vera með hinum ýmsu verkefnum sem lagt er upp með, meira hefði mátt gera úr úrvinnslu Svíþjóðarheimsóknar og meira aðhald hefði mátt vera í kring um þróunarverkefnið til dæmis.

Við teljum að sniðugt væri að láta okkur eftir kompu húsvarðar sem er á verkgreinasvæðinu fyrir málningarvinnu. Vegna óhóflega stórra hópa varð textílmenntakennari að nýta sér náttúrufræðistofu sem var þó ekki alltaf laus og þess vegna vöntun á svæði sökum fjölmennis í myndmennta- og textílmenntastofu. Við teljum einnig að við getum nýtt ganginn undir vinnurými fyrir nemendur. Ákveðið hefur verið að nýta vinnurými list- og verk kennara næsta skólaár sem vinnurými fyrir nemendur.

Í heimilisfræðisofu vantar enn uppvottavél og mikilvægt að hún sé kominn í gagnið næsta haust. Einnig þarf aðstoð húsvarðar við uppsetningu á leirbrennsluofni.

Heilt yfir teljum við að stjórnendur hafi haldið vel utan um teymið í vetur en við myndum gjarnan vilja hafa þá sýnilegri á svæðum.

Þrifum á stofum var ábótavant í vetur og meiri samvinnu þarf í þrifum á svæðum milli kennara, skólaliða og nemenda.

Við teljum að agamálum í skólanum sé ábótavant og að skólinn eigi að leggja áherslu á þau næsta vetur. Jákvæður agi þarf að vera mun sýnilegri og starfsmenn markvisst þjálfaðir í beitingu hans til að samræmi og öryggi ríki þegar tekið er á agamálum.

Einnig teljum við að vinna við breytingar á kerfi í matsal megi hefjast næsta vetur og unnið að því að bæta aðgengi nemenda og auka sjálfstæði þeirra í matsalnum. Gera matsalinn almennt huggulegri.

Við teljum að þörf sé á að búa til lista yfir þá leikmuni sem gerðir hafa verið í skólanum og staðsetningu þeirra til að hægt sé að ganga að því vísu og ekki sé farið í að búa til eitthvað sem nú þegar er til. Einnig væri gaman ef skólinn myndi



koma sér upp búningageymslu og eiga alvöru búninga til notkunnar á árshátíð og þá sem geymslu fyrir þá búninga sem búnir hafa verið til fyrir árshátíðir hverju sinni.

Vorskýrsla íþróttateymis

Námsumhverfi/skipulag

Að hausti settum við upp kennsluáætlanir fyrir veturinn í íþróttum, sundi og útivist. Þar kom fram áætlun vikunnar, áhersluatriði hvers tíma og hvenær eigi að meta nemendur. Sér skipulag er sett upp fyrir íþróttir, sund og útivist.

Íþróttir

Íþróttir voru kenndar í árgangahópum nema 2. og 3. bekkur var saman í íþróttum. Hópaskiptingar í tímum sjálfum voru mismunandi. Nemendafjöldi var á bilinu 30-45 og voru 2 íþróttakennarar með tímann. Kennt var í Íþróttahúsi Glerárskóla. Á því voru þó undantekningar og farið var með hópa nemenda í Bogann, júdó, dans og á íþróttasvæði KA.

Til að ná sem mestum árangri í íþróttakennslu, þarf hópaskipting í hverri kennslustund að vera vel heppnuð. Leiðir sem voru farnar í hópaskiptingu voru kynjaskipting, getuskipting, félagsleg skipting (vinir saman), öllum blandað saman sem og aldurskipting hjá 2. og 3. bekk.

Íþróttir voru kenndar á þriðjudögum og fimmtudögum í Glerárskóla frá kl. 8-14. Hver hópur fékk einn 40 mínútuna íþróttatíma á viku.

Kennslufyrirkomulag var margs konar. Flestir íþróttatímar hófust með upphitun, svo tók við aðalhluti og tímanum lauk oftast með niðurlagi. Til þess að þessir þrír hlutar heppnist vel og tíminn í heild sinni væri æskilegt að hver tími væri 60 mínútur.

Í hverjum mánuði var ákveðið þema sem var eftirfarandi:

Ágúst/September- Körfubolti
Október- Frjálsar
Nóvember- Spaðaíþróttir
Desember- Blak
Janúar- Handbolti
Febrúar- Bardagaíþróttir
Mars- Fimleikar
Apríl- Fótbolti
Maí- Bandí

Kennsluhættir voru fjölbreyttir. Mikið var um sýnikennslu og svo verklega kennslu í gegnum leiki og æfingar. Fræðsla fór fram í gegnum spjall og ræður í upphafi og í lok kennslustunda.

Námsaðlögun var ýmis konar. Reynt var að koma til móts við nemendur sem það þurftu með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna val um gönguferðir, styrktaræfingar auk þess að verkefni voru aðlöguð að getu nemenda hverju sinni.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.



Sund

Kennt var í Sundlaug Akureyrar eftir hádegi mánudaga og miðvikudaga og föstudaga frá 8-14:40.

Kennslan fór fram í árgangahópum hjá öllum kennslustigum. 1.-3. bekkur var í 4 litlum hópum, 4. bekkur í 3 hópum og 5. bekkur í 2 hópum. Aðrir árgangar í einum hóp með tvo kennara og var skipt eftir kyni í laugar.

Lagt var upp með að nemendur væru meðvitaðir um markmið hvers tíma í upphafi tímans. Hjá yngri hópunum byrjaði tíminn oftast á léttum leik fyrir vinnu að settu markmiði og ef tími var til náðum við frjálsum eða skipulögðum leik síðustu mínúturnar. Reynt var að koma til móts við þarfir hvers og eins með mis góðum árangri, notast við hjálpartæki, boðið upp á aukatíma (garpasund) og unnið í samvinnu við foreldra. Fyrir 6.-10. bekk hófust kennslustundirnar á innlögnum og umræðum um markmið og verkefni tímans.

Sundtímunum er raðað seint á dagskipulag nemenda, inn á frístundatíma þeirra. Það skipulag hefur bæði kosti og galla. Sundtíminn mætti vera sem uppbrot á degi þeirra í stað þess að vera síðasta stund í lok frístundatíma þar sem þau eru orðin þreytt og misvel upplögð.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.

Útivist

Hóparnir í útivist voru ólíkir.

1. bekkur var á hendi umsónarkennara.

Í 2. og 3. bekk voru tveir hópar, einn stráka- og einn stelpuhópur. Þrír kennarar voru saman með hóp, tveir íþróttakennarar og einn umsónarkennari. Auk þess fylgdi einn stuðningsfulltrúi með strákahópnum. Skipulagið var nokkuð fast í skorðum, eina vikuna var hringekja og hina stöðvavinna. Auk þess voru inn á milli kennslustundir þar sem frjáls leikur var í boði til viðbótar við skipulögð verkefni. Veðurfar skipti sköpum við val verkefna og því þurfti nokkrum sinnum að breyta öllu skipulagi kennslustundar til að mæta aðstæðum. Strákahópurinn var nokkuð stærri og erfiðara að ná utan um þann hóp í upphafi kennslustundar. Það spilaði inn í að hópurinn var að koma úr frímínútum og því tók töluverðan tíma fyrir nemendur að komast inn, en í hópnum voru 53 við lok skólaárs. Upphaf kennslustundarinnar, innlögnum og almennt utanumhald hefði mátt bæta með skýrri hópaskiptingu innan kennsluhópsins og einhverju kennslurými eða krók til að hefja kennslustundina. Stelpuhópurinn gekk betur hvað varðar innlögnum og utanumhald. Hinsvegar var virkni þeirra ekki eins góð og hjá strákunum. Virknin hjá þeim var betri þegar um hringekju var að ræða, en við stöðvarnar. Stelpurnar voru 45 við lok skólaárs.

4.-5. bekkur var í umsýsni smíðakennara.

6.-7. bekkur komu í umsýsni hópnum á föstudögum í útivist með einum kennara. Kennslustundir voru settar upp á fjölbreyttan hátt. Gönguferðir og leikir voru ráðandi í kennslunni. Áherslan var á gleði og skemmtun, ekki síður en hreyfingu.

Unglingastigið var í útivist í þremur hópum. Í upphafi vetrar var ákveðið að nálgast útivist unglingadeildar með öðrum hætti en áður. Hver hópur fékk heilan morgun til útivistar á þriggja vikna fresti. Þetta fyrirkomulag gerði kennurum kleift að víkka út verkefni. Meðal verkefna voru: Gönguferð upp að Gamla, kynningar hjá skátum, Rauðakrossinum og Björgunarsveitinni Súlum, ferð á skautasvellið, folf (frisbee golf), sleðaferð, ferð um göngustíga á Brekkunni o.fl. Þetta var einstakt tækifæri og vel heppnuð tilraun. Það væri þess virði að hafa áfram útivist á unglingastigi, samhliða íþróttum og sundi, en sem hrein



viðbót. Þannig mætti auka samþættingu námsgreina í t.d. í náttúrufræði, samfélagsfræði s.s. með einhverskonar grendarkennslu. Jafnframt væri gott að gera skýr markmið fyrir þá kennslu og finna leið til þess að gera upp kennslustundirnar með verkefnavinnu einhverskonar.

Námsmat

Námsmat var í formi símats þegar kom að „huglægum“ markmiðum, t.d. hvað varðar virkni, framkomu og viðhorf.

Þegar kom að mælanlegum markmiðum voru kennslustundirnar nýttar í að meta nemendur. Þetta mat var dreift nokkuð jafnt yfir allt skólaárið.

Einungis voru notuð markmið til að meta nemendur.

Gagnlegt væri að hafa sjálfsmat nemenda inn í matsmöppum næsta vetrar.

Starfsdagar nýttust okkur vel í foreldrasamstarfi og hluta teymisins til umræðna, undirbúnings og úrvinnslu.

Foreldrasamstarf

Við boðuðum foreldra í viðtöl í tengslum við viðtalsdaga og gaf það góða raun. Einnig hringdum við í foreldra og ræddum hluti sem þurfti að ræða. Við fengum líka foreldra í heimsókn í íþróttatíma ef við óskuðum þess í ákveðnum tilvikum.

Við tókum mikið af myndum og myndbrotum í íþrótt- og sundtímum en vantar að koma þeim í birtingu á einhverju formi. Það væri skemmtilegt að gera starfið okkar sýnilegra foreldrum og nemendum og þarf að finna þægilegt form til þess.

Samstarf í teyminu

Í teyminu skólaárið 2015-2016 voru Atli Sveinn (100%), Þórey Sjöfn (96%) og Þorsteinn (62%).

Fundarskipulag var hefðbundið. Teymisfundur með stjórnanda, Bryndísi, einu sinni á tveggja vikna fresti. Teymið hafði sameiginlegan tíma til undirbúnings og funda seinnipart (15-16) mánudaga og miðvikudaga. Auk þess höfðu Þórey og Atli sameiginlegan tíma til að vinna skipulag eftir 14 á þriðjudögum og fimmtudögum. Á þeim dögum var Þorsteinn ekki í vinnu.

Samstarf innan teymisins gekk mjög vel. Mikil jákvæðni og ríkur trúnaður ríkir innan teymisins og hafa meðlimir þess mjög álíka sýn á hvert skuli stefna í íþrótt- og sundkennslu við skólann.

Hluti teymisins tók þátt í Svíþjóðarferð starfsmanna sem var stór hluti endurmenntunar og var frábær ferð og til margs nýtileg. Atli nýtti sér tækifærið og skoðaði vel sundkennslu hvað varðar tækniatriði kennslunnar á meðan við skoðuðum Svíþjóð. Við fylgdumst með fjölda íþróttæfinga og horfðum á kennslustundir í Glerárskóla. Sóttum námskeið sem var í boði fyrir íþróttakennara í minibolta (handbolta) hjá KA. Steini sótti ráðstefnu á Bifröst. Mataræði tengt hegðun vakti athygli Þóreyjar og greinar og myndbönd því tengdu. Mikill áhugi er á að kynna sér frauðrúllur til endurhæfingar á mjúkvefjum líkamans ásamt styrktaræfingum sem við gætum nýtt okkur til að virkja þá nemendur sem af einhverjum orsökum geta ekki tekið þátt í íþróttatímum. Auk þess æfðum við öll okkar sport og fylgdumst með nemendum okkar við sína íþróttaiðju ef færi gafst til.



Uppröðun á tímum í sundlauginni væri hægt að haga betur, hafa einn dag þar sem við erum öll saman í lauginni með innilaug og útilaug. Það myndi líka minnka ferðalög íþróttakennara á milli staða og auka möguleika okkar á að hafa tíma saman sem og gefa okkur meiri tíma innan veggja skólans.

Við hefðum getað verið duglegri við að virkja nemendur betur í að setja sér einstaklingsmarkmið og meta sig sjálf. Þyrftum að gefa okkur tíma í íþrótt- og sundkennslu í almenna uppfræðslu um heilbrigði, heilnæman lífstíl, líkamsvitund, hlutverk ólíkra vöðvahópa og ákveðinn grunn í líffærafræði.

Markmiðin í íþróttakennslunni voru of víð, of mörg og of flókin og við vorum ekki alltaf að meta þau út frá þessum tilteknu mentormarkmiðum. Þurfum að gefa okkur tíma í að endurskoða þau.

Þróunarverkefnið fólst í því að gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustundanna sem þau voru mætt í. Það gekk mjög vel á bökkum sundlaugarinnar, eldri nemendur fengu fyrirmæli á tússtöflu á bakka laugarinnar þar sem markmið tímans voru vel sýnileg og reyndist jákvæð og skemmtileg tilbreyting fyrir þau sem og kennarana. Yngri bekkirnir fengu fyrirmælin munnlega í upphafi tímans sem reyndist líka vel en væri gaman að koma því yfir í myndrænt form með þeim munnlegu. Börnin voru vinnusamari þegar þau vinna markmið tímanst og hvað það væri nákvæmlega sem væri verið að vinna með og æfa. Þeim þótti gott að vita nákvæmlega hvað færi fram í tímanum og gerðu sér betur grein fyrir hversu mikið væri eftir og hvernær tíminn væri að líða undir lok.

Almenn samantekt

Það er full þörf á því að taka tillit til eðlis íþrótt- og sundkennslu við gerð stundarskrár. Sökum þess að kennsla fer að stórum hluta fram utan veggja skólans krefst hún aukins ferðatíma, til viðbótar þeim tíma sem fer í að stilla upp áhöldum og tækjum fyrir kennslu. Auk þess er fer mikill tími í að taka á móti nemendum, fylgjast með í búningsklefum, sinna gæslu o.fl.

Markmiðalistanna þarf að nýta með markvissum hætti. Skoða þarf listana og meta á gagnrýninn hátt til að koma auga á annmarka, ef einhverjir eru. Nýta svo í framhaldinu til að bæta kennsluna og nám.

Nægilegt verkefni fyrir næsta vetur verður að búa til góðan ramma í kringum nýtt íþróttahús Naustaskóla, þ.e. umgengnisreglur, að fólki finnist gaman að koma í húsið en þar ríki jafnframt virðing fyrir búnaði, samnemendum og starfsfólki. Einnig er ærið verkefni að læra á nýjan útbúnað og áhöld og hvernig farsælast og árangursríkast er að nota þennan nýja búnað til að nám og kennsla skili sem bestum árangri. Atriði sem flokkast undir það að gera öllum grein fyrir sínu hlutverki innan veggja íþróttahússins, að allir hafi skýr hlutverk og finni fyrir öryggi.

Heilsu og lífstílsvenjur eru atriði sem skólinn mætti leggja áherslu á næsta skólaár. Holtt mataræði og nesti - hverskonar drykkjarföng viljum við sjá innan veggja skólans - erum við heilbrigðar fyrirmyndir í þessum venjum.

Agamál er eitthvað sem þarf líka að vinna að. Hvert viljum við stefna, vantar að halda uppi jákvæðs aga stefnunni, hver er hún, eru allir meðvitaðir um stefnuna, nemendur, kennarar og annað starfsfólk. Hvernig erum við í samskiptum við hvort annað og börnin okkar í skólanum. Hvernig hegðun sættum við okkur við að þau sýni hvert öðru. Hvar drögum við línuna, hvenær er nemandi kominn of langt og hvernig á þá að bregðast við. Hvar liggur ábyrgð foreldra hvað varðar hegðun og agamál.



Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Almennt

Aníta Jónsdóttir sinnti starfi náms- og starfsráðgjafa í 75% starfshlutfalli og verkefnisstjórn vegna innleiðingar Jákvæðs aga í 25% starfshlutfalli.

Náms- og starfsráðgjafi hafði viðveru frá 8:00-16:00 alla daga og auglýstur opinn viðtalstími var daglega frá kl. 9:30-11:00. Auk þess gátu nemendur leitað til náms- og starfsráðgjafa á öðrum tímum. Aðstaða náms- og starfsráðgjafa var á skrifstofu stjórnenda, auk viðtalsherbergis inn á svæði 6. og 7. bekkjar.

Tilvísanir

Í byrjun vetrar voru útbúin tilvísunarblöð sem kynnt voru fyrir kennurum. Ætlunin var að halda betur utan um þau mál sem vísað var til náms- og starfsráðgjafa. Tilvísunarblöðin voru nýtt að hluta til en töluvert er enn um að málum sé vísað munnlega til afgreiðslu. Koma þarf upp góðu skipulagi varðandi tilvísanir og skilum mála þannig að vinnan verði markvissari og auðveldara verði að fylgja málum eftir. Góður vettvangur fyrir þetta samstarf tel ég vera nemendafundi hjá teyminum og fyndist mér eðlilegt að náms- og starfsráðgjafi sæti fundi þar sem málefni nemenda sem vísa á til hans eru rædd.

Nemendur og foreldrar

Náms- og starfsráðgjöf

Þessum hluta í starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa var að litlu leyti sinnt og þarf að gera bragarbót þar á. Hér fyrir neðan (undir liðnum Samstarf við teymi skólans) er fjallað um hugmyndir sem mætti hrinda í framkvæmd á næsta vetri.

Persónuleg ráðgjöf

Langmestur tími náms- og starfsráðgjafa fór í persónulega ráðgjöf fyrir nemendur. Einnig leituðu nokkrir foreldrar til náms- og starfsráðgjafa og sat ég nokkra fundi vegna nemenda. Áhersla á persónulega ráðgjöf er að mínu mati of mikil á kostnað annarra þátta í starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa. Líklegasta skýringin á því er mikil þörf og eftirspurn og biðtími eftir þjónustu fjölskyldudeildar er töluvert mikil. Persónulega ráðgjöfin snýst mjög mikið um vanlíðan, kvíða og annað sem væri æskilegra að sálfræðingar sinntu. Einnig er töluvert um að nemendum sé vísað til náms- og starfsráðgjafa vegna hegðunarvandamála í skóla og heima fyrir. Samskipti og félagsleg tengsl skipa einnig stóran sess í persónulegri ráðgjöf til nemenda. Gott væri að efna til öflugra samstarfs um þessi mál með teyminum, funda, leita lausna og finna náms- og starfsráðgjafa hlutverk í þessum efnum með nemendum inn á námssvæðum.

Um 60 nemendur og 35 foreldrar leituðu til náms- og starfsráðgjafa í vetur.

Fræðsla og forvarnir

Í byrjun hausts var haldið námstækninámskeið (Að skipuleggja tíma sinn) fyrir unglingastigið. Nemendur áttu að skrá sig á námskeiðið hefðu þeir áhuga. Þátttaka var fremur dræm, en alls skráðu sig 6 nemendur á námskeiðið. Um miðjan september var nemendum 10. bekkjar boðið upp á fyrirlestur um prófundirbúning, próftöku og prófkvíða. Fræðsla og forvarnir á vegum félagsmiðstöðvarinnar var töluverð. Í byrjun október var forvarnardagurinn haldinn sameiginlega með öðrum skólum. Nemendur unglingastigs fóru



að sjá Pörupilta í nóvember og nemendur MA sáu um jafnréttisfræðslu fyrir nemendur 9. bekkjar. Aflið kom með sína fræðslu í lok nóvember og ræddi við nemendur í 7. og 9. bekk. Guðjón Hauksson, kennari í MA, hélt tölvufræðslu fyrir nemendur 8. bekkjar og Arnar Már Arngrímsson, sömuleiðis kennari í MA kom og spjallaði við nemendur 10. bekkjar um markmiðssetningu, lestur og nám. Í janúar var haldin fjölmenningsfræðsla fyrir nemendur 6. bekkjar og Sigga Dögg, kynfræðingur, fræddi nemendur 8. bekkjar um kynlíf. Þorgrímur Þráinsson kom í sína árlegu heimsókn til 10. bekkja og ræddi meðal annars um markmiðssetningu og aðra mikilvæga hluti í lífinu. Fulltrúar frá félaginu Hinsegin Norðurland komu og hittu 7. bekkja, einnig höfðu forvarnarfulltrúar skólanna undirbúið fræðsluna Ég er eins og ég er fyrir þennan aldurshóp. Blátt áfram var með sína árlegu fræðslu, Krakkarnir í hverfinu fyrir nemendur 2. bekkjar og nemendur 3. bekkjar fengu fræðsluna Leyndarmálið sem umsjónarkennarar sáu um. Nemendur 1. bekkjar fengu fræðsluna Líkaminn minn sem hjúkrunarfræðingur ásamt náms- og starfsráðgjafa sáu um. Einnig fengu nemendur 10. bekkjar fræðslu frá Einingu Iðju um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Nemendur 10. bekkjar fengu kynningar á framhaldsskólunum á Akureyri sem og foreldrar sem boðaðir voru á kynningarfundum í marsmánuði. Aðalheiður Skúladóttir, deildarstjóri, lagði fyrir nemendur áhugasviðskönnunina Bendil og fylgdi henni eftir.

Eineltisáætlun og vinna henni tengd

Í október og febrúar voru lagðar fyrir tengslakannanir og unnið úr þeim. Niðurstöður voru fengnar umsjónarkennurum sem síðan unnu nánar út frá könnunum með samskipti og félagsleg tengsl innan námshópanna. Í þeim tilfellum þar sem grunur vaknaði um einelti var unnið samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Samstarf

Samstarf við teymi skólans

Í upphafi skólaárs var efnt til samstarfs með teyminum. Undirrituð sat fundi með hverju teymi þar sem farið var yfir áætlun í Jákvæðum aga og hugsanlegt samstarf varðandi náms- og starfsráðgjöf. Kynnt var tilvísunarform til námsráðgjafa og kennarar voru hvattir til að kalla eftir framlagi náms- og starfsráðgjafa til dæmis í tengslum við þemaverkefni. Kennarar 1., 2. og 3. bekkjar og 4. og 5. bekkjar leituðu eftir samstarfi varðandi bekkjarfundum og verkefni tengd Jákvæðum aga. Einnig var haldinn fyrirlestur fyrir stelpur í 6. og 7. bekk um sjálfsmynd og á vordögum var námskeið um samskipti stúlkna í 6. bekk.

Um áramót var staðan á samstarfi við teyminu sú að náms- og starfsráðgjafi hafði 1x verið kallaður á teymisfund. Undirrituð telur brýnt að efla samstarfið og byggja upp samstarfsvettvang sem leggur áherslu á fræðslu, forvarnir og öflugra starf náms- og starfsráðgjafa í tengslum við námstækni og starfsfræðslu. Eftirfarandi hugmynd að skipulagi var lögð fyrir skólastjóra eftir áramót:

Unglingastig

Viðvera til ráðgjafa. Til dæmis varðandi:

vikuskipulag – dagbækur

möppuskipulag

námstækni og vinnubrögð

glósutækni

áhugasvið

námssval í framhaldsskóla

skipulag á vinnusvæði

einstaklingsráðgjöf

6. og 7. bekkur

Viðvera til ráðgjafa. Til dæmis varðandi:



vikuskipulag – dagbækur
námstækni og vinnubrögð
möppuskipulag
skipulag á námsgögnum
einstaklingsráðgjöf
Viðvera
3x í viku (athuga daga og tíma)

Félagsmiðstöðin Trója

Guðmundur Óli Gunnarsson var tengiliður félagsmiðstöðvarinnar Tróju við skólann. Náms- og starfsráðgjafi fundaði 1x í viku með Óla, auk þess að senda fréttabréf og dagskrá félagsmiðstöðvarinnar mánaðarlega til foreldra 5. – 10. bekkjar og auglýsingar um opin hús.

Mentorverkefnið Vinátta

Náms- og starfsráðgjafi var tengiliður skólans við Mentorverkefnið Vináttu í umsjón MA og VMA. Hlutverk tengiliðs var að velja nemendur úr 4. bekk í samstarfi við umsjónarkennara til að taka þátt í verkefninu. Þrír nemendur í Naustaskóla tóku þátt í verkefninu og fengu sína Mentora sem þeir hittu 1x í viku. Auk þess að velja nemendur sat náms- og starfsráðgjafi einn fund vegna verkefnisins og hafði milligöngu um rannsókn sem gerð var til að meta árangur verkefnisins.

Nemendaverndarráð

Vikulega voru haldnir nemendaverndarráðsfundir sem náms- og starfsráðgjafi sat ásamt stjórnendum, hjúkrunarfræðingi og ýmist skólasálfræðingi, kennsluráðgjafa eða fulltrúa barnaverndar.

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar hafa með sér samstarf og hittast á 6 vikna fresti til skrafs og ráðagerðar. Einnig var náms- og starfsráðgjafi boðaður til samstarfsfundar í VMA þar sem rætt var um íslenskukennslu og nýja námskrá sem er í smíðum í VMA. Einnig var kynningarfundur á nýrri námskrá VMA á vordögum sem náms- og starfsráðgjafi sótti ásamt deildarstjórum.

Starfsþróun

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í haustráðstefnu náms- og starfsráðgjafa sem haldin var í Hofi 31. október. Þar var boðið upp á fróðlega fyrirlestra meðal annars um upplýsingatækni í ógöngum og eftirsóttu færniþætti í atvinnulífi 21. aldarinnar. Auk þess var kynning frá HA um akademíska handleiðslu sem tæki til að minnka brotthvarf frá námi. Einnig sat náms- og starfsráðgjafi stóra ráðstefnu um einelti sem haldin var í HA og var sérstaklega fróðleg og vel heppnuð. Í desember var haldin ráðstefna um heimilisofbeldi sem undirrituð sótti. Á vordögum sótti ég námskeið í Núvitund sem haldið var í Giljaskóla.

Önnur verkefni

Tengiliður skólans vegna Pisa könnunar

Pisa könnunin var lögð fyrir nemendur 10. bekkjar í byrjun mars. Náms- og starfsráðgjafi tók að sér að vera tengiliður skólans vegna fyriragnarinnar sem fól það í sér meðal annars að útbúa nemendalista, aðstoða við tölvumál og vera þeim innanhandar sem kom og lagði prófið fyrir.

**Innanskólaval**

Náms- og starfsráðgjafi hélt utanum þá nemendur sem völdu innanskólaval sem valgrein. Fjórir nemendur voru í valgreininni og fengu þrír störf í Frístund og einn var í ýmiskonar vinnu með húsverði skólans. Eftir áramót voru engir nemendur í innanskólavali.
